

Greinargerð

Með frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2012

Lagt fram í borgarstjórn 15. nóvember 2011



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Umfjöllun

Inngangur borgarstjóra	1
Forsendur fjárhagsáætlunar 2012	2
Meginniðurstöður	8
Nýjar fjármálareglur	15
Skatttekjur	17
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	19
Reglur um gerð fjárhagsáætlunar	22

Svið

Íþróttá- og tómstundasvið	31
Menningar- og ferðamálasvið	37
Miðlæg stjórnsýsla	48
Önnur útgjöld	57
Skóla- og frístundasvið	58
Skipulags- og byggingasvið	70
Umhverfis- og samgöngusvið	73
Velferðarsvið	79
Frankvæmda- og eignasvið	87
Framlög til B-hluta fyrirtækja	99
Ný upplýsingakerfi	101

B-hluta fyrirtæki

Umsagnir um áætlanir B-hluta fyrirtækja	105
Bílastæðasjóður	119
Faxaflóahafnir	121
Félagsbústaðir	123
Malbikunarstöðin Höfði hf.	125
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	127
Sorpa bs.	130
Strætó bs.	132
Orkuveita Reykjavíkur	135

INNGANGUR BORGARSTJÓRA

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar leggur nú fram aðra fjárhagsáætlun sína. Ákveðið jafnvægi hefur náðst í rekstri borgarinnar en áætlunin nú einkennist af ábyrgri fjármálastjórn og aðhaldi fremur en niðurskurði.

Þær aðgerðir sem farið var í til að bæta fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur hafa eytt mikilli óvissu og skilað sér í mun meira öryggi í rekstri Reykjavíkurborgar. Þetta gríðarlega mikilvæga fyrirtæki ætti að vera komið í gott jafnvægi innan fimm ára.

Háar skuldir samstæðu Reykjavíkurborgar kalla á að borgin og fyrirtæki hennar skili rekstrarafgangi til næstu ára og greiði niður skuldir. Stærstur hluti skulda Reykjavíkurborgar er hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Niðurgreiðsla þeirra er þegar hafin.

Á yfirstandandi ári tók Reykjavíkurborg við málefnum fatlaðra og telst borgin ásamt Seltjarnarnesi eitt þjónustusvæði samkvæmt samningi milli þessara sveitarfélaga. Framlög Jöfnunarsjóðs og 0,25% af útsvarstofnum Reykjavíkurborgar og Seltjarnar-ness hafa ekki dugað fyrir útgjöldum. Mikilvægt er að ríkið fjármagni þetta verkefni að fullu.

Vaxandi langtímaatvinnuleysi og fjölgun þeirra sem ekki eiga rétt til bóta úr Atvinnuleysistrygginga-sjóði veldur hækkanði kostnaði við fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg. Þess vegna er gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til Velferðarsviðs til að mæta auknu álagi og efla virkniúrræði. Mikilvægt er að tryggja að allir fái vinnu, hafi möguleika á námi eða öðrum úrræðum til að draga úr neikvæðum áhrifum efnahagslæððarinnar.

Það er mikilvægt að ungt fólk festist ekki í fjötrum langtímaatvinnuleysis. Atvinnutorgi fyrir ungt fólk verður hleypt af stokkunum í samvinnu við Vinnumálastofnun í byrjun árs 2012. Áhersla verður lögð á að veita ungu fólki, 18-24 ára, sem þiggur fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins, tækifæri til að komast út á vinnumarkaðinn og öðlast starfsreynslu. Með atvinnutorginu er ungu fólki veitt tækifæri sem geta hjálpað því til að koma undir sig fótunum.

Áfram verður haldið uppi háu framkvæmdastigi hjá Reykjavíkurborg. Varið verður um 6,5 milljörðum til framkvæmda sem einkum beinast að verkefnum sem ekki auka fastan rekstrarkostnað borgarinnar.

Þá verður hafin gerð hverfisskipulags til að einfalda og bæta skipulagsgerð í hverfum. Um leið verður samráð við borgarbúa um skipulag nánasta umhverfis þeirra aukið. Í hverfisskipulagi felast gríðarleg tækifæri en þar verður fjallað um samgöngur, þjónustu og ýmis önnur mál er tengjast lýðheilsu og lífsgæðum almennt. Þetta er í samræmi við markmið um Reykjavík sem græna borg. Hverfisskipulag verður unnið í samráði við íbúa og önnur svið borgarinnar og mun framkvæmda- og fjárhagsáætlun í kjölfarið byggja á því.

Á árinu var stofnað nýtt Skóla- og frístundasvið þar sem sameinaðir voru undir eina yfirstjórn þeir málaflokkar er snúa að menntun barna í borginni frá leikskóla til grunnskóla auk listfræðslu, fullorðinsfræðslu og frístundastarfs sem tengist börnum og ungmenum. Það er mín von að með þessu náist fram betri nýting fjármuna og enn betri þjónusta við börn og barnafjölskyldur en áður.

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar leggur til að álagningarhlutfall fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði verði lækkað úr 0,225% í 0,2%. Þetta þýðir að tekjur af fasteignaskatti af íbúðarhúsnæði lækka um 75 mkr. en hefðu að óbreyttu hækkað um 230 mkr. Jafnframt er lagt til að lóðarleiga hækki úr 0,165% í 0,2% til mótvægis sem þýðir að tekjur af lóðarleigu fara úr 258 mkr. í 350 mkr. Þannig standa fasteignagjöld á íbúðarhúsaeigendum í heild nánast í stað að krónutölu. Þessi álagningarhlutföll eru áfram með því allra lægsta sem gerist á landinu.

Í þessari fjárhagsáætlun verður opnað fyrir aukna lýðræðislega aðkomu að fjárhagsáætlunarvinnu við skiptingu smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna (hverfapottar.) Samráðsvefurinn Betri Reykjavík verður notaður til að taka við hugmyndum frá íbúum um þessi verkefni. Eftir að þau hafa verið kostnaðarmetin verður þeim stillt upp í rafræna, bindandi kosningu.

Við verðum að mæta núverandi aðstæðum í samfélagi okkar af bjartsýni og sköpunarkrafti. Til að styðja við þá hugsun hefur verið samþykkt ný ferðamálastefna og unnið er að mótun atvinnustefnu. Markmið borgaryfirvalda er einfalt: að Reykjavík sé eftirsóknarverður staður fyrir fólk. Reykjavík hefur alla burði til að verða besta borg í heimi fyrir fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, ferðamenn og allskonar íbúa.



FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2012

Ytri skilyrði

Staða efnahagsmála á alþjóðavettvangi er um þessar mundir afar tvísýn eftir mestu niðursveiflu frá því á fjórða áratug síðustu aldar. Mikils óróa gætir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og gjaldmiðlarnir dollar og evra hafa sveiflast mikið. Lánshæfismat Bandaríkjanna hefur lækkað vegna viðvarandi halla ríkissjóðs og skuldasöfnunar sem eykur enn á óvissuna. Evran stígur nú krappan dans vegna illviðráðanlegra skulda nokkurra ESB ríkja, einkum Grikklands, Ítalíu, Spánar og Portúgals. Áhættufælmi fjárfesta hefur aukist til muna á ný og þeir sækja í áhættuminni fjárfestingar og öll áhættuálög, einkum á jaðarmörkuðum, hafa hækkað. Ætla má að markaðsvextir fari enn hækkandi á alþjóðlegum mörkuðum meðan þetta ástand varir og birtast ótvíræð teikn um það á framvirkum fjármálamörkuðum. Þar við bætist að verðbólga og verðbólguvæntingar hafa farið hækkandi m.a. vegna hækkana olíu- og hráefnaverðs. Alþjóðlegir greiningaraðilar gera ráð fyrir að alþjóðleg verðbólga verði yfir 2% á næstu árum. Í þessu samhengi er óljóst hvort vestrænir seðlabankar munu reyna að koma í veg fyrir væntan aukinn slaka með lágum stýrivöxtum eða með hækkun stýrivaxta til að herja gegn verðbólguvæntingum.

Við þessar aðstæður hefur aðgengi íslenskra fyrirtækja og fjármálastofnana að erlendu lánsfé reynst afar takmarkað og Ísland hefur verið skilgreint af lánshæfisfyrirtækjum sem áhættusamt svæði, ýmist með skírskotun í óútkljáð skuldaskil „gömlu bankanna“, ábyrgða og skuldastöðu ríkisins eða í gjaldmiðilinn og takmarkanir á gjaldeyrismörkuðum. Þá er ljóst að neyðarlögin frá 2008 hafa haft neikvæð áhrif á erlenda lánveitendur og þeirra gætir enn. Ennfremur ber að nefna að erlendir fjárfestar sem lýst hafa áhuga á að fjárfesta innanlands hafa ekki fengið eins jákvæð viðbrögð og þeir hafa vænst.

Árin 2008 og 2009 var hagvöxtur neikvæður á helstu viðskiptasvæðum Íslands, þ.e. á evrusvæðinu, í Bandaríkjunum og Bretlandi. Líklegt er talið að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands verði milli 2% - 2,5% á næstu árum. Um þetta er þó mikil óvissa. Verði hagvöxtur og einkaneysla minni á helstu viðskiptasvæðum Íslands getur það haft mikil áhrif á verðmæti útflutningsgreina og afkomu þjónustugreina sem tengjast erlendum ferðamönnum. Á hinn bóginn hefur veik króna stutt við aukinn ferðamannastraum á líðandi ári. Miklar sviptingar hafa verið á hráefnamörkuðum og tvísýnt er um hvernig verð á helstu útflutningsafurðum Íslands, fiski og áli, muni þróast.

Hagvöxtur

Hagstofa Íslands spáir nokkuð jöfnum hagvexti árin 2012-2016 eða um 2,9% að meðaltali eftir mikið samdráttarskeið árin 2008-2010. Spáð er um 3,1% hagvexti árið 2012 en Hagstofan spáir ekki fyrir um hagvöxt í einstökum landshlutum.

Megindrífkrafturinn í hagvaxtarspá Hagstofunnar frá júlí sl. er sóttur í áætlaða fjármunamyndun en hún dróst verulega saman árin 2007-2010. Framan af tímabilinu 2012-2016 er einkum gert ráð fyrir miklum atvinnuvega- og íbúðafjárfestingum en seinni hluta tímabilsins er gert ráð fyrir miklum fjárfestingum hins opinbera. Skýrari vísendingar um hagvöxt í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu mætti fá ef fyrir lægi áætluð skipting fjárfestinga og annarra hagstærða eftir landshlutum. Fjárfesting í atvinnulífinu hefur verið óveruleg eftir efnahagshrunið, m.a. vegna almennrar óvissu um efnahag fyrirtækja og lélegs aðgengis þeirra að lánum. Hagstofan gerir ráð fyrir umtalsverðri aukningu í atvinnuvegafjárfestingum þegar á þessu ári eða um 25% en tæpum 18% árið 2012. Þessi spá byggir einkum á áætlun um auknar fjárfestingar í stóriðju en einnig á því mati að fjölmörg fyrirtæki séu að komast í stöðu til að fjárfesta að undangenginni endurskipulagningu.

Þá er spáð umtalsverðri fjármunamyndun í íbúðahúsnæði á árinu 2011 og á næstu árum, einkum 2012 eða tæplega 27% aukningu. Aðgangur að lánsfé, vaxtakjör og skuldsetning heimilanna kann að skipta miklu máli í þessu samhengi en einnig sú staðreynd að mikill fjöldi íbúða er á byggingarstigi á höfuðborgarsvæðinu. Flest bygginga-fyrirtækjanna eru afar skuldsett og munu eiga erfitt með að afla fjármagns til íbúðabygginga.

Annar mikilvægur drifkraftur hagvaxtar í ofangreindri spá er einkaneyslan. Áætlað er að hún vaxi jafnt og þétt yfir tímabilið 2012-2016 eða um 3,1% að meðaltali á ári en 3,3% árið 2012. Einkaneysla dróst mikið saman í kjölfar efnahagshrunsins eða um 7,9% 2008 og 15,6% 2009. Ljóst er að almenningur hefur haldið uppi hærri einkaneyslu en ella vegna frestunar á skuldaskilum heimilanna og minni óvissu um skuldirnar en einnig vegna heimilda til að taka út séreignarsparnað sem um 56 þúsund manns hafa nýtt sér. Talsverð óvissa er hvernig fer á endanum um niðurfærslu skulda heimilanna og hvaða áhrif það hefur að mjög stór hluti af þeim sem hafa viljað taka út séreignarsparnað hefur gert það nú þegar en ljóst er að áhrif útgreiðslna séreignasparnaðar á ráðstöfunartekjur mun fara stíglækkandi. Þá má ætla að skuldsett hagkerfi eins og íslenska hagkerfið geti ekki á næstu árum fjármagnað kaupmáttaraukningu launafólks umfram aukningu framleiðsluverðmæta (hagvöxt) nema að gengi krónunnar styrkist umtalsvert umfram spár og/eða með verulegri (erlendri) fjárfestingu.

Íbúapróun og atvinnuástand

Íbúar Reykjavíkur voru um 118.898 í upphafi árs 2011 og íbúar með erlent ríkisfang voru 9.518, þar af 3.144 Pólverjar, 844 Litháar, 455 Þjóðverjar, 352 Danir og 331 Filippseyingar. Hagstofan spáir um 0,35% fjölgun Íslendinga á árinu 2011 en í forsendum fjárhagsáætlunar 2011 var gert ráð fyrir 0,25% fjölgun. Hagstofan spáir tæplega 0,7% fjölgun 2012. Ef Reykvíkingum fjölga með sama hætti og Íslendingum myndi þeim fjölga um 435 manns á árinu 2011 og 830 á árinu 2012. Gert er ráð fyrir að brottfluttir umfram aðflutta Íslendinga verði 1.588 á árinu 2011 og 473 á árinu 2012. Gert er ráð fyrir 0,35% fjölgun Reykvíkinga á árinu 2011 og 0,65% á árinu 2012.

Ef atvinnuleysisþróun á höfuðborgarsvæðinu er borin saman við landsbyggðina kemur í ljós að vinnumarkaður á höfuðborgarsvæðinu er talsvert næmari fyrir hagsveiflum, sérstaklega þegar niðursveiflur eiga sér stað. Í mildri niðursveiflu árið 2002 var atvinnuleysi rúmlega 40% meira að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og í kjölfar kreppunnar 2008 var atvinnuleysi ríflega 30% hærra á höfuðborgarsvæðinu. Ætla mætti í kjölfarið að atvinnuleysi hafi verið mun minna á höfuðborgarsvæðinu í sterkri uppsveiflu sem hófst 2004 en munurinn reyndist óverulegur.

Spá Hagstofu um atvinnuleysi og hagvöxt á árunum 2011-2014 bendir til þess að framleiðsluslaki verði viðvarandi í hagkerfinu þar sem ekki er útlit fyrir að hagvaxtaspár fylli upp í þann slaka sem orðinn er í kjölfar hrunsins, sérstaklega ef tekið er tillit til nýliðunar á vinnumarkaði næstu árin. Nánari skoðun á spám um atvinnuleysi sýnir að óvarlegt er að ætla að verulegur umsnúningur verði á þróun langtímaatvinnuleysis á næstu árum en erfitt er að spá um langtímaatvinnuleysi þar sem ekki eru til fordæmi í íslenskri hagsögu fyrir svo háu stigi langtímaatvinnuleysis sem nú er við að glíma.

Á árinu 2008 var talið að um 5.500 manns væru atvinnulausir á Íslandi og þar af um 200 eða 3,3% með meira en árs atvinnuleysi að baki. Sömu tölur fyrir árið 2009 voru 13.100 og 900 eða 6,8% með meira en árs atvinnuleysi að baki. Á árinu 2010 er talið að um 13.700 manns hafi að jafnaði verið atvinnulausir en um 2.800 eða um 15% með meira en árs atvinnuleysi að baki. Meðfylgjandi tafla sýnir spá um þróun fjölda þeirra Reykvíkinga sem hafa verið atvinnulausir í meira en 12 mánuði Samkvæmt spánni fækkar í þessum hópi atvinnulausra í Reykjavík úr rúmlega 2.000 árið 2010 í um 340 árið 2016.

Tafla: Þróun atvinnuleysis

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Atvinnulausir > 12 mánuðir í Rvk.	2.054	1.979	1.416	949	657	638	342
Atvinnuleysi, allt landið, %	8,1	7,2	6,0	5,4	5,2	4,8	4,3
Hagvöxtur, %	-3,5	2,5	3,1	2,8	2,8	2,7	3,0

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2010 var gengið út frá þjóðhagsspá um 9,8% atvinnuleysi á landsvísu en atvinnuleysi reyndist verða talsvert minna eða um 7,8%. Undanfarin ár hefur atvinnuleysi verið 1-1,5% meira í Reykjavík en á landinu í heild. Í forsendum fjárhagsáætlunar 2011 var miðað við 8,5% atvinnuleysi að jafnaði í Reykjavík. Á fyrstu mánuðum ársins var atvinnuleysi yfir 9% í Reykjavík en hefur farið lækkandi og er um 8% m.v. júlí 2011 eða um 5.500 manns. Mikillar árstíðasveiflu gætir í atvinnuleysi. Atvinnuleysi er langmest í Reykjavík meðal karla og kvenna á aldursbilinu 20-39 ára eða að meðaltali um 11%. Í þjóðhagsspá er gert ráð að atvinnuleysi fari minnkandi á landinu 2012 og verði um 6%. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi í Reykjavík verði um 1,2% meira eða um 7,2%.

Þróun fjölda starfandi á höfuðborgarsvæðinu fyllir upp í myndina af atvinnuástandinu. Á árinu 2007 er talið að fjöldi starfandi á höfuðborgarsvæðinu hafi verið um 116.900 þar af 91.900 í fullu starfi. Fjöldi starfandi í fullu starfi var 12.300 færri á árinu 2010 en árið 2007 og fækkaði um rúmlega 8% á þessu tímabili. Á 4. ársfjórðungi 2010 hafði fjöldi starfandi í fullu starfi fækkað um 15.200 m.v. sama tímabil 2007 en þar á móti hafði fjöldi starfandi í hlutastarfi vaxið um 6.700. Gert er ráð fyrir að starfandi m.v. full ársverk fjölgi um 0,25% milli ára. Til samanburðar gerir Hagstofa ráð fyrir í þjóðhagsspá frá júlí sl. um 1% aukningu vinnumagns á landsvísu.

Gengi, verðlag, vextir og laun

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2011 var gert ráð fyrir að gengisvísitala yrði 205 stig, eða sú sama og í nóvember 2010. Ekki var gert ráð fyrir breytingu gengis á árinu. Gengisvísitala í árslok 2010 reyndist vera 208 stig. Það sem af er árinu 2011 hefur gengi sigið gagnvart helstu gjaldmiðlum og hefur það lækkað miðað við þrönga vog um 4,8% en um mitt ár um 5,8%. Spá Hagstofu vegna 2011 gerir ráð fyrir 1,1% styrkingu gengis en um 0,9% veikingu gengis á árinu 2012. Þannig er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2012 að gengisvísitala í árslok 2011 verði 219 stig en 221 stig í lok árs 2012.

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2011 var gert ráð fyrir 2,3% hækkun verðlags milli ára og 1,7% innan ársins. Í síðustu endurskoðuðu þjóðhagsspá Hagstofu var gert ráð fyrir 1,1% hækkun verðlags milli ára 2010 og 2011. Það sem af er ári hefur verðlag hækkað um 5% m.v. árshækkun síðustu 12 mánuði. Spá Hagstofu gerir ráð fyrir 3,7% hækkun verðlags milli 2011 og 2012 og gera má ráð fyrir að það þýði 3% hækkun verðlags innan ársins 2012.

Líklegt er að stýrivextir verði áfram háir hér á landi vegna veiks gjaldmiðils og vaxandi verðbólgu þrátt fyrir þann framleiðsluslaka sem er í hagkerfinu þar sem Seðlabankinn hefur litið á stýrivexti sem helsta tæki sitt til að ná verðbólguþröngum sínum. Stýrivextir hafa bein áhrif á lán banka hjá Seðlabanka en virka yfirleitt strax á aðra vexti. Við vaxandi óvissu í jaðarhagkerfi er tilhneigingin sú að bilið breiðkar á milli innláns- og útlánsvaxta. Ekki liggur fyrir formleg spá um þróun (stýri)vaxta á næsta ári eða næstu árum.

Launavísitala Hagstofu Íslands mælir breytingar fastra launa, en tekur ekki tillit til breytinga á starfshlutfalli eða yfirvinnu. Launavísitalan hækkaði um 4,8% á árinu 2010 og kaupmáttur launa lækkaði því lítillega. Hagstofa spáir því að launavísitalan hækki um 6,2% á árinu 2011 og um 5% á árinu 2012. Spáin gerir ráð fyrir að þessi kaupmáttaraukning launa sé helsti drifkrafturinn á bak við aukna einkaneyslu.

Helstu forsendur eru sýndar í meðfylgjandi töflum

Tafla : Helstu þjóðhagsforsendur

Þjóðhagslegar forsendur Hagstofuspár	2011	2012
Einkaneysla	3,1	3,3
Samneysla	-2,6	-0,8
Fjármunamyndun	15	14,5
Atvinnuvegafjárfesting	25,2	17,6
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	17	26,8
Fjárfesting hins opinbera	-18,1	-15,5
Þjóðarútgjöld, alls	3,5	4
Útflutningur vöru og þjónustu	2,1	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	3,8	4,9
Verg landsframleiðsla	2,5	3,1
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	-7,4	-6
Vísitala neysliverðs	3,9	3,7
Gengisvísitala	1,1	0,9
Raugengi	0	0,4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	7,2	6
Launavísitala	6,2	5
Alþjóðlegur hagvöxtur	2,2	2,4
Alþjóðleg verðbólga	2,7	2,2

Tafla: Sérstakar landshlutforsendur

Landshlutaspa/Reykjavík	2011	2012
Íbúafjöldi, 1. jan	118.898	119.314
Íbúafjölgun %	0,35%	0,65%
Vinnuafli	68.544	68.715
Starfandi	62.718	62.875
Atvinnulausir	5.826	4.948
Atvinnulausir %	8,5%	7,2%
Atvinnulausir umfram 1 ár	1.979	1.416

Yfirlit yfir helstu áhættur tengdar forsendum í Þjóðhagsspá

Byggt á Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 8. júlí 2011

Áhættuþáttur	Þjóðhagsspá	Áhrif á fjármál borgarinnar 2012	Áhrif frávíka	Eftirlit - mat á tilefni til viðbragða
Hagvöxtur	Gerir ráð fyrir 3,1% hagvexti. Ekki gerð landshlutaspá.	Áhrif á fjölgun starfa og vinnumagna talin óveruleg vegna framleiðslulaka. Áhrifin á útsvar talin lítil.	Ef starfandi fækkar og/eða vinnumagn minnkar dregur úr útsvarstekjum og öfugt	FMS gerir grein fyrir þróun útsvars í skýrslum með uppgjörum
Launaþróun tekjur	Gerir ráð fyrir 5% hækkun launa(vísitölu). Ekki gerð landshlutaspá.	Bein áhrif við mat á atvinnutekjum og útsvari	1% hækkun/lækkun launavísitölu talin auka/minnka útsvarstekjum um 400 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun launavísitölu í skýrslum með uppgjörum
Launaþróun útgjöld		Launaþróun starfsmanna metin á grundvelli kostnaðaráhrifa kjarasamninga	1% hækkun/lækkun launa er talin auka/minnka launakostnað um 370 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun launakostnaðar í skýrslum með uppgjörum
Fjöldi ársverka	Gerir ráð fyrir 1% aukningu á landsvísu, áætlun RVK gerir ráð fyrir nánast óbreyttu vinnumagni	Bein áhrif við mat á atvinnutekjum og útsvari	1% hækkun/lækkun ársverka er talin auk/minnka útsvarstekjur um 320 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun vinnumagns á landsvísu í skýrslum með uppgjörum
Einkaneysla	Gerir ráð fyrir 3,3% aukningu einkaneyslu. Ekki gerð landshlutaspá.	Byggir á spá um hækkun launa og aukinn kaupmátt. Áhrifin mælast í launaþróun og útsvarstekjum.	Sjá áhrif launaþróunar og vinnumagns á útsvarstekjur.	FMS gerir grein fyrir þróun útsvars í skýrslum með uppgjörum
Atvinnuleysi	Gert er ráð fyrir 6% atvinnuleysi á landinu. Ekki gerð spá fyrir Reykjavík. Vænt atvinnuleysi í Reykjavík 7,2%.	Hefur einkum áhrif á útgjöld til fjárhagsaðstoðar.	Lækkun/hækkun atvinnuleysis um 1% stig er talin geta minnkað/aukið útgjöld til fjárhagsaðstoðar um 120mkr	FMS gerir grein fyrir þróun fjárhagsaðstoðar í skýrslum með uppgjörum
Verðbólga	Gert er ráð fyrir 3,7% verðbólgu milli ára. Áhrif innan árs metin 3%.	Áhrif verðbólgu birtast í hærri útgjöldum og hærri fjármagnskostnaði.	1% hærri/lægri verðbólga er talin auka/lækka fjármagnsgjöld og minnka/bæta afkomu um 280 mkr. Áhrifin umtalsverð í samstæðu	FMS gerir grein fyrir þróun verðbólgu í mánaðarlegum uppgjörum
Vextir	Ekki formleg spá um (stýri) vexti. Líkur á vaxtahækkunum á alþjóðlegum mörkuðum. Líkur á áframhaldandi háum stýrivöxtum héraendis	Vextir hafa annars vegar áhrif á tekjur af lausafé og hins vegar á lánsfjárlaustnað	Hækki/lækki ávöxtun á handbært fé um 1% batnar/versnar afkoma A-hluta um 97 mkr. Stærsti hluti lána A-hluta á föstum vöxtum en samstæða (OR) viðkvæmari fyrir vaxtahreyfingum	FMS gerir grein fyrir í mánaðarlegum uppgjörum hvort tilefni er til viðbragða

Yfirlit yfir áhættur tengdar fjárlögum (frumvarp)

Áhættuþáttur	Þjóðhagsspá	Áhrif á fjármál borgarinnar	Áhrif fráviks	Eftirlit - mat á tilefni til viðbragða
Ákvæði um sér-eignarsparnað	Nýjar úttektarheimildir vegna séreignarsparnaðar og lækkun á frádrætti v/ séreignaðarsparnaðar úr 4% í 2%	Talið auka útsvarstekjur um 300 mkr	Áhættumörk talin vera +/- 60 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun útsvars í skýrslum með uppgjörum
Lækkun tryggingargjalds	Lækkun tryggingagjalds-prósentu úr 8,65% í 7,79%	Talið lækka beinan og óbeinan launakostnað um 300 mkr	Áhættumörk talin vera +/- 40 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun útgjalda vegna tryggingargjalds í skýrslum með uppgjörum
Langtímaatvinnulausir	Útgjaldaauki vegna aukinnar sóknar í fjárhagsaðstoð vegna missis á 3ja og 4ra ára bótarétt	Ef bótaþegar færast að fullu á fjárhagsaðstoð aukast útgjöld um 290 mkr	Áhættumörk metin +/- 60 mkr	VEL gerir grein fyrir tilfærslum frá atvinnuleysisbótum yfir á fjárhagsaðstoð
Langtímaatvinnulausir	Lækkun útsvarsstofns vegna langtíma-atvinnulausra sem hverfa af vinnumarkaði	Áhrif til lækkunar skatttekna RVK um 50 mkr.	Mat liggur ekki fyrir	VEL gerir grein fyrir tilfærslum frá atvinnuleysisbótum yfir á fjárhagsaðstoð
Breytingar á atvinnuleysisbótakerfi	Miðað við að bætur verði samfelld í 3 ár og 9 mánuði í stað samfellda 4 ára	Eykur útgjöld til fjárhagsaðstoðar og dregur úr skatttekjum; metin áhrif 270 mkr	Áhættumörk talin vera +/- 55 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar í skýrslum með uppgjörum
Framlög vegna málefna fatlaðra	Greiðslur Jöfnunarsjóðs munu byggja á innheimtu 0,9% af útsvari og nýju SIS mati.	Áætlun Jöfnunarsjóðs á framlögum til Rvk liggur ekki fyrir	Mat liggur ekki fyrir.	Velferðarsvið fylgist með og gerir borgarráði grein fyrir í skýrslum með uppgjörum
Sérskólar og sérdeildir	Samkomulag frá 1996 um rekstur byggist ekki á réttum forsendum. Ekki reiknað með leiðréttingu í frumvarpi	Talið auka útgjöld borgarsjóðs um 1.000 mkr	Mat liggur ekki fyrir	SFS gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Tónlistarskólar	Samkomulag við ríki um kennslu á framhaldsstigi. Ekki viðbætur í frumvarpi vegna kjarasamninga	Framlög ríkis (til borgar) vegna framhaldsnáms taka ekki mið af auknum kostnaði vegna kjarasamninga	Væntanlega vantar tónlistarskóla um 105 mkr ef ekki á að koma til skerðingar þjónustu	SFS gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Frístundaklúbbar og frístundastarfar 10-16 ára nemenda Kletta-skóla	Samkomulag við ríki að borgin annist þetta starf gegn 50% kostnaðarhlutdeild ríkis	Óvissa um framlög ríkis 2011 og 2012. Árið 2010 var framlag ríkis skert um 50%	Mat liggur ekki fyrir	SFS gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Hjúkrunarheimil	Samkomulag við ríki um rekstur Droplaugarstaða og Seljahlíðar. Ekki viðbætur í frumvarpi til að bæta halla	Framlög ríkis í gegnum daggjöld nægja ekki fyrir rekstrargjöldum	Mismunur á áætluðum tekjum af daggjöldum frá ríki og áætluðum rekstrarútgjöldum nemur um 205 mkr	VEL gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Dagdeildir	Samkomulag við ríki um rekstur dagdeilda. Ekki viðbætur í frumvarpi til að bæta halla	Framlög ríkis í gegnum daggjöld nægja ekki fyrir rekstrargjöldum	Mismunur á áætluðum tekjum af daggjöldum frá ríki og áætluðum rekstrarútgjöldum nemur um 34 mkr.	VEL gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Sjúkraflutningar	Samkomulag SHS við ríki um sjúkraflutninga. Ekki gert ráð fyrir framlögum í samræmi við kostnaðarhlutdeild ríkis	Framlög ríkis til SHS m.v. 30-32% kostnaðarhlutdeild en ættu skv niðurstöðu matsmanns að nema 42%	Þörf á um 280 mkr viðbótarframlagi frá ríki. Komi það ekki aukast útgjöld borgarsjóðs um allt að 171 mkr	FMS gerir grein fyrir í mánaðarlegum uppgjörum hvort tilefni er til viðbragða

MEGINNIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Framsetning og vinnsla

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar samanstendur af samstæðuáætlun, A og B hluta og er sett fram í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar sem samþykktar voru af borgarráði 7. ágúst 2008.

Samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar er fyrir A- og B-hluta.

A-hluti samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Í Aðalsjóði birtist rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa borgarinnar sem fjármagnaður er með skatttekjum og þjónustutekjum. Í Eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna, auk sérstakra skipulagsverkefna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, s.s. vegna innri leigu og fasteignaskatta, jafnað út á milli A-hluta stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstrareiningar sem falla undir B-hluta eru: Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu leyti fjármagnaður með framlögum frá eignaraðilum og er hlutur Reykjavíkurborgar gjaldfærður hjá Aðalsjóði. Hluti af þjónustutekjum Íþrótt- og sýningahallar og Sorpu er hluti af gjöldum málaflokka innan Aðalsjóðs. Að öðru leyti eru fyrirtækin fjármögnuð með þjónustutekjum. Í áætlun samstæðu er milliviðskiptum jafnað út milli A-hluta og B-hluta.

Samstæða

Rekstrarniðurstaða fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2012 er áætluð 3,6 milljarðar. Samkvæmt útkomuspá 2011 nemur halli af rekstri 5,2 milljörðum og nemur viðsnúningurinn 8,8 milljörðum. Áætlað er að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði tæplega 18 milljarðar sem er um 4 milljörðum eða 28,5% betra en útkomuspá 2011 sem skýrir viðsnúning að hluta til, en að öðru leyti skýrist hann af hagstæðari niðurstöðu fjármagnsliða. Fjármagnsgjöld eru áætluð 12,2 milljarðar en verða skv. útkomuspá 20 milljarðar. Óhagstæð gengisþróun á fyrri hluta ársins 2011 og há verðbólga skýra útkomuspá fjármagnsliða árið 2011.

Áætlað er að rekstrartekjur aukist um 8,8 milljarða eða um 8,1% en rekstrargjöld aukist um 4,8 milljarða eða 5,1%

Tafla: Fjárhagsáætlun samstæðu og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012	Áætlun br. frá 2011
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	7.355	13.899	17.866	28,5%
Rekstrarniðurstaða	13.671	-5.219	3.594	168,9%
Rekstrartekjur	95.959	108.338	117.148	8,1%
Rekstrargjöld	88.604	94.439	99.282	5,1%
Fjármagnsliðir	10.505	-20.087	-12.212	39,2%
Eignir	452.644	454.053	457.324	0,7%
Skuldir og skuldbindingar	313.329	319.071	317.778	-0,4%
Eigið fé	139.315	134.982	139.547	3,4%
Handbært fé frá rekstri	17.552	21.643	23.071	6,6%
Fjárfestingahreyfingar	-21.706	-18.777	-12.853	-31,6%
Fjármögnunarahreyfingar	5.401	-9.573	-5.840	-39,0%
Handbært fé í árslok	19.064	12.357	16.735	35,4%

Áætlað er að eignir á árinu 2012 aukist um 0,7%, skuldir og skuldbindingar dragist saman um 0,4% og eigið fé aukist um 4,6 milljarða eða 3,4%.

Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 12,8 milljarðar. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar um 14,8 milljarðar, þar af hjá Orkuveitu Reykjavíkur um 5 milljarðar, Eignasjóði 6,5 milljarðar, Félagsbústöðum 1,5 milljarðar, Faxaflóahöfnum 800 mkr, Sorpu 475 mkr, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 363 mkr, Strætó 150 mkr, Bílastæðasjóði 119 mkr og Jörundi 50 mkr. Til samanburðar gerir útkomuspá ráð fyrir að fjárfestingar nemi um 20 milljörðum.

Fjármögnunarahreyfingar eru áætlaðar 5,8 milljarðar. Áætlað er að lántökur árið 2012 nemi alls 11,6 milljörðum en til samanburðar verða þær um 9 milljarðar árið 2011 en voru tæplega 23 milljarðar 2010.

Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána nemi 18,4 milljörðum árið 2012 en í útkomuspá 2011 nema þær 19,8 milljörðum. Til samanburðar námu afborganir langtímalána árið 2010 aðeins 7 milljörðum.

Gert er ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur greiði niður skuldir að fjárhæð 14,5 milljörðum árið 2012 sem er í aðalatriðum í samræmi við aðgerðaáætlun OR og eigenda. Á móti er gert ráð fyrir að lántökur nemi 3,5 milljörðum. Útkomuspá gerir ráð fyrir að afborganir verði um 17,3 milljarðar á þessu ári og ný langtímalán nemi um 8,8 milljörðum, þar af nam lán eigenda skv. aðgerðaáætlun 8 milljörðum. Árið 2010 námu lántökur 18,3 milljörðum en afborganir um 10 milljörðum.

A-hluti Reykjavíkurborgar áætla að greiða niður skuldir að fjárhæð 3 milljörðum en á móti er gert ráð fyrir 6,2 milljarða lántöku vegna nýfjárfestinga. Félagsbústaðir gera ráð fyrir nýjum lánum að fjárhæð 1,2 milljarði vegna íbúðafjárfestinga, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins áformar um 340 mkr lántökur vegna byggingar á nýrri slökkvistöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ og Sorpa áformar um 350 mkr lántökur vegna framkvæmda.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 23,1 milljarður og nemur aukningin 1,4 milljörðum miðað við útkomuspá. Áætlað er að handbært fé verði 16,7 milljarðar hjá samstæðu Reykjavíkurborgar í árslok.


Eftirfarandi tafla sýnir helstu kennitölur í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tafla: Kennitölur samstæðu, A- og B-hluta

	Rauntölur 2007	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	49,0%	28,7%	26,4%	30,8%	29,7%	30,5%
Arðsemi eigin fjár	11,3%	-65,1%	-1,6%	9,8%	-3,9%	2,6%
Veltufjárlutfall	1,68	1,04	1,06	1,05	0,87	0,69
Skuldsetningarhlutfall	76,5%	210,8%	239,2%	201,4%	215%	194%
Uppgreiðslutími	7	15	15	16	13	11


Eiginfjárlutfall er mælt sem eigið fé á móti heildareignum og arðsemi eigin fjár er mælt sem eigið fé á móti hagnaði ársins. Veltufjárlutfall er skilgreint sem veltufjármunir á móti skammtímaskuldum og uppgreiðslutími skulda er mældur sem samtala langtímaskulda og skuldbindinga á móti veltufé frá rekstri.

Áætlun 2012 gerir ráð fyrir að kennitölur fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar batni m.v. árið 2011. Eiginfjárlutfall styrkist aftur og verði komið í 30,5% í árslok 2012 og veltufjárlutfall versni og er áætlað 0,69. Skuldsetningarhlutfall, mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigið fé, er viðvarandi hátt.



■ Rauntölur 2010 ■ Esk. 2011 ■ Áætlun 2012

Mynd: Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir og eftir fjármagnsliði (mkr)



■ Rauntölur 2010 ■ Esk. 2011 ■ Áætlun 2012

Mynd: Skuldir samstæðu með og án lífeyrisskuldbindinga (mkr)

A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2012 er áætluð 20 mkr. Til samanburðar gerir útkomuspá fyrir árið 2011 ráð fyrir um 712 mkr halla. Í útkomuspá A-hluta er tekið mið af endurskoðaðri áætlun rekstrarliða, en forsendum Hagstofunnar um gengis- og verðlagsþróun vegna fjármagnsliða sem skýrir lakari niðurstöðu en áætlun ársins gerir ráð fyrir.

Tafla: Fjárhagsáætlun A-hluta og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012	Áætlun br. frá 2011
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-218	109	888	713,9%
Rekstrarniðurstaða	1.472	-712	20	102,8%
Rekstrartekjur	61.019	65.471	69.887	6,7%
Rekstrargjöld	61.237	65.362	68.999	5,6%
Fjármagnsliðir	1.691	-821	-868	-5,7%
Eignir	128.123	133.796	137.475	2,7%
Skuldir og skuldbindingar	47.809	54.193	57.852	6,8%
Eigið fé	80.314	79.603	79.622	0,0%
Handbært fé frá rekstri	4.259	3.570	3.078	-13,8%
Fjárfestingahreyfingar	-4.790	-13.194	-5.650	-57,2%
Fjármögnunahreyfingar	1.993	4.587	3.387	-26,2%
Handbært fé í árslok	14.668	9.630	10.445	8,5%

Áætlun A-hluta fyrir árið 2012 miðar að því að ná fram jöfnuðu tekna og útgjalda. Afkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð 888 mkr eða 780 mkr betra en útkomuspá gerir ráð fyrir.

Rekstrartekjur eru áætlaðar um 69,9 milljarðar en verða skv. útkomuspá 65,5 milljarðar árið 2011. Aukningin nemur 4,4 milljörðum. Útsvarstekjur eru áætlaðar 48,6 milljarðar, en þar af greiðir Reykjavíkurborg 5,8 milljarða til Jöfnunarsjóðs vegna grunnskóla og málefna fatlaðra. Nettó útsvarstekjur nema því 42,9 milljarði og hækka um 2,7 milljarða. Tekjur vegna fasteignagjalda eru áætlaðar 11,3 milljarðar þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta innan A-hluta og nemur hækkun þeirra um 632 mkr milli ára, þar af vegna milliviðskipta 140 mkr. Brúttó skatttekjur aukast um 3,8 milljarða, þar af aukast greiðslur í Jöfnunarsjóð um 500 mkr svo eftir stendur nettó aukning skatttekna 3,3 milljarðar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að þjónustutekjur og ýmsar aðrar tekjur aukist um 1,1 milljarð m.v. útkomuspá 2011. Þar af er gert ráð fyrir að tekjur Aðalsjóðs aukist um rúmlega 1 milljarð, en tekjur Eignasjóðs aukast óverulega ef millivíðskipti Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru undanskilin. Gert er ráð fyrir að gjaldskrárskyldar þjónustutekjur Aðalsjóðs aukist um rúmlega 500 mkr en að öðru leyti eru það einkum tekjur Velferðarsviðs sem aukast vegna þjónustu við ríkið og málefna fatlaðra. Tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðra eru áætlaðar með sambærilegum hætti og árið 2011. Miðað er við útsvarstekjur í hlutfalli við umsamda fjármögnun milli ríkis og sveitarfélaga og þróun þeirra. Til framtíðar er miðað við að greiðslur Jöfnunarsjóðs taki mið af þjónustuþyngd skv. SIS mati. Ekki hefur verið lokið við að útfæra það mat með þeim hætti að unnt hafi verið að nýta það við útfærslu á frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Rekstrarútgjöld eru áætluð 69 milljarðar eða 3,6 milljörðum hærrí en útkomuspá ársins 2011. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði 1,3 milljörðum hærrí en útkomuspá fyrir árið 2011 sem skýrist að mestu af kostnaðaráhrifum kjarasamninga. Ætla má að þau nemi allt að 1,6 milljarði en til frádráttar kemur fyrirhuguð lækkun á tryggingagjaldi úr 8,65% í 7,79%, sem gert er ráð fyrir að nemi um 300 mkr. Vakin er athygli á að hér er borinn er saman launakostnaður við útkomuspá 2011 en sé miðað við fjárhagsáætlun 2011 nemur útgjaldauki vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga allt að 3,4 milljörðum.

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður hækki um 2,8 milljarða m.v. útkomuspá og afskriftir um 244 mkr.

Áætlað er að fjármagnsliður verði neikvæðir sem nemur 868 mkr og verði neikvæðir um 821 mkr skv. útkomuspá. Helstu breytingar á milli ára felast í því að ábyrgð Reykjavíkurborgar á lánum Landsvirkjunar fellur niður þann 1. janúar 2012 og um leið tekjur af ábyrgðargjaldi. Forsendur fjárhagsáætlunar 2012 gera ráð fyrir 3% verðlagsbreytingum innan ársins en aðeins óverulegum gengisbreytingum og er miðað við gengisvísitöluna 219 í upphafi árs og 221 í lok árs eða veikingu krónunnar um 0,9%. Áhrif gengisbreytinga birtast fyrst og fremst vegna erlendra lána hjá Eignasjóðs og fyrirtækja í B-hluta einkum Orkuveitu Reykjavíkur. Nettó fjármagnsgjöld A-hluta vegna verðlags- og gengisbreytinga á árinu 2011 eru áætluð um 850 mkr en verða skv. útkomuspá 1,4 milljarðar. Skýrast hærrí útgjöld 2011 af gengistapi á fyrri hluta ársins og meiri verðbólgu það sem af er árinu en gert er ráð fyrir á því næsta.

Áætlað er að eignir aukist um 2,7%, skuldir um 6,8% og eigið fé standi í stað.


Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar um 6,5 milljarðar, þar af vegna fasteigna og stofnbúnaðar 2,9 milljarðar, gatnaframkvæmda 2,9 milljarðar, átaksverkefna 500 mkr, áhalda tækja og hugbúnaðar 120 mkr auk kaupa á lóðum og skipulagseignum 450 mkr. Á móti fjárfestingum í götum er gert ráð fyrir tekjum af gatnagerðargjöldum 270 mkr. Gert er ráð fyrir að ný lán nemi 6,2 milljörðum.

Áætlað er að handbært fé í árslok verði um 10,5 milljarðar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar.


Tafla: Kennitölur A-hluta

	Rauntölur 2007	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	65,7%	65,6%	65,2%	62,7%	59,5%	57,9%
Arðsemi eigin fjár	38,6%	3,8%	5,0%	1,8%	-0,9%	0,0%
Veltufjárlutfall	2,62	1,74	2,20	2,42	1,79	2,21
Skuldsetningarhlutfall	11,5%	13,5%	21,9%	36,2%	44,0%	51,9%
Uppgreiðslutími	1	1	2	5	8	10

Áætlun 2012 gerir ráð fyrir að eiginfjárlutfall fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar lækki lítillega og verði 57,9%. Veltufjárlutfall er áætlað 2,21 í árslok 2012. Skuldsetningarhlutfall, mælt sem langtímaskuldir á móti eigið fé, fer hækkandi vegna aukinnar lántöku og er áætlað 51,9%. Þrátt fyrir lækkun á eiginfjárlutfalli og hækkun á skulda- hlutfalli ber efnahagur A-hluta vott um mikinn fjárhagslegan styrk, en borgin býr yfir sterkri lausafjárstöðu sem hefur verið byggð upp vegna mögulegrar áhættu vegna ábyrgða á skuldum B-hluta.



Mynd: Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir og eftir fjármagnsliði (mkr)



Mynd: Skuldir A-hluta með og án lífeyrisskuldbindinga (mkr)

Samantekt um helstu breytingar milli ára og úthlutun fjárheimilda

Frumvarp að fjárhagsáætlun A-hluta byggir á því að ná fram jöfnuði í rekstri. Við gerð fjárhagsáætlunar hefur verið tekið mið af fyrirséðum breytingum í rekstrarumhverfi borgarinnar á þessu ári og því næsta.

Helstu breytingar tekna

Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur vegna útsvars hækki um 4,3 milljarða m.v. áætlun 2011 og tekjur af fasteignagjöldum hækki um 490 mkr. Gert er ráð fyrir 500 mkr hækkun tekna vegna þjónustugjaldar, tekjur vegna málefna fatlaðra aukist um 370 mkr eða í sama hlutfalli og hækkun útsvarstekna og aðrar þjónustutekjur (t.d. vegna þjónustusamninga við ríkið) og styrkir hækki um tæplega 200 mkr. Samtals nemur hækkun tekna frá áætlun 2011 til áætlunar 2012 um 5,9 milljörðum.

Helstu breytingar útgjalda

Verulegar kostnaðarhækkanir hafa orðið í rekstri borgarinnar sem tekið hafa til sín lungann af þeim tekjuhækkunum sem hér koma fram. Gerðir voru kjarasamningar við allar starfsstéttir borgarinnar og nema bein kostnaðaráhrif þeirra á útgjöld borgarinnar um 3,4 milljörðum. Auk þess nema óbein kostnaðaráhrif vegna samninga við þriðja aðila um 220 mkr, þ.e. vegna einkarekinna leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður vegna húsaleigubóta hækki á komandi ári miðað við áætlun 2011, en gert er ráð fyrir að kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar aukist um rúmlega 300 mkr einkum vegna langtímaatvinnulausra sem eru að koma inn á fjárhagsaðstoð í ríkari mæli en áður. Fjármagnsliður vegur nú þyngra en áður og er nú neikvæður um 868 mkr, sem er um 820 mkr verra en áætlun 2011 gerði ráð fyrir og áætlað er að afskriftir aukist um 218 mkr. Samanlagt nema ofangreindar kostnaðarhækkanir tæpum 5 milljörðum.

Þegar kostnaðarhækkanirnar eru dregnar frá tekjuauka borgarinnar eru aðeins til ráðstöfunar um 900 mkr til að mæta verðlagshækkunum, samningsbundnum skuldbindingum og öðrum kostnaðarauka.

Úthlutun fjárheimilda

Við úthlutun fjárheimilda var farin sú leið að hækka fjárheimildir fagsviða miðað við áætlun 2011 sem nemur kostnaðarhækkunum kjaraasmninga. Þá voru verðlagsáhrif innri leigu bætt við fjárheimildir sviðanna sem og aukinn leigukostnaður vegna mannvirkja sem tekin hafa verið í notkun eða notið hafa viðhalds á árinu. Þá halda sviðin fjárheimildum vegna sparnaðar sem orðið hefur í innri leigu vegna hagræðingar í samræmi við sérstaka samþykkt borgarráðs frá nóvember 2010. Ýmsum samningsbundnum skuldbindingum hefur verið mætt með auknum fjárheimildum en ekki hefur verið unnt að leggja fram auknar fjárheimildir vegna almennra verðlagshækkana sem orðið hafa vegna annars rekstrarkostnaðar eða aukinnar þjónustu nema að litlu leyti. Tekið hefur verið mið af brýnustu þörfum og stefnumótandi áherslum við úthlutun þeirra heimilda sem til ráðstöfunar eru.

Framlög til Velferðarsviðs hafa verið aukin um 204 mkr einkum til að efla úrræði fyrir börn og atvinnulausa og til að takast á við álag í starfsemi þjónustumiðstöðva. Framlög til Íþrótt- og tómstundasviðs hafa verið aukin um 75 mkr einkum vegna verðlagsáhrifa á samningsskuldbindingar og rekstrarkostnaðar nýrra mannvirkja. Framlög til Skóla- og frístundasvið aukast um 150 mkr, til að ljúka fjármögnun vegna fjölgunar barna í leikskólum haustið 2011 og til að mæta hagræðingarkröfu frá fyrra ári sem ekki er talið að náist fram. Framlög til Menningar- og ferðamálasviðs eru aukin um 144 mkr, einkum vegna samningsbundinna skuldbindinga vegna Leikfélags Reykjavíkur, Hörpu og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Framlag til Skipulags- og byggingasviðs er aukið um 100 mkr til að hefja vinnu við hverfaskipulag borgarinnar. Framlög til Umhverfis- og samgöngusviðs aukast um 56 mkr til að mæta samningsbundnum verðlagshækkunum vegna hreinsunar gatna og opinna svæða og er þá gert ráð fyrir að unnt verði að halda uppi sömu þjónustu og árið 2011. Framlög til Strætó og Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins aukast um tæplega 160 mkr einkum vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga og annarra kostnaðarhækkana.

Aðalsjóður

Áætluð rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs 2012 er neikvæð um 2,4 milljarða en er skv. útkomuspá neikvæð um 587 mkr árið 2011. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð neikvæð um 7,2 milljarða, en verður skv. útkomuspá neikvæð um 6,8 milljarða. Þennan vaxandi rekstrarhalla fjármagnar Aðalsjóður með því að ganga á handbært fé og kröfur sínar gagnvart Eignasjóði.

Tafla: Fjárhagsáætlun Aðalsjóðs og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012	Áætlun br. frá 2011
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-5.610	-6.813	-7.186	-5,5%
Rekstrarniðurstaða	803	-587	-2.364	-303,1%
Rekstrartekjur	62.361	65.907	70.155	6,4%
Rekstrargjöld	67.971	72.719	77.341	6,4%
Fjármagnsliðir	6.413	6.226	4.821	-22,6%
Eignir	78.148	77.427	74.256	-4,1%
Skuldir og skuldbindingar	15.987	15.853	15.047	-5,1%
Eigið fé	62.161	61.574	59.210	-3,8%
Handbært fé frá rekstri	-1.380	-3.333	-4.736	-42,1%
Fjárfestingahreyfingar	2.788	-5.055	2.789	155,2%
Fjármögnunarahreyfingar	-204	-232	66	128,2%
Handbært fé í árslok	14.343	5.722	3.842	-32,9%

Rekstrartekjur Aðalsjóðs eru áætlaðar 70 milljarðar en verða 65,9 milljarðar m.v. útkomuspá og aukast því um 4,2 milljarða. Áætlað er að skatttekjur aukist um 3,2 mkr að frádregnum greiðslum í Jöfnunarsjóð og þjónustutekjur um 1 milljarð, sem skiptist til helminga í gjaldskrárskyldar tekjur og tekjur Velferðarsviðs vegna þjónustu við ríkið og málefni fatlaðra.

Rekstrarútgjöld eru áætluð 77,3 milljarður og hækka um 3,4 milljarða frá árinu 2011.

Áætlað er að nettó fjármunatekjur Aðalsjóðs nemi 4,8 milljörðum 2012 sem er um 1,4 milljarða lækkun miðað við útkomuspá. Meginskýringin felst í um 1 milljarðs lækkun á vaxta- og verðbótagreiddslum frá Eignasjóði vegna áætlunar um lækkandi verðbólgu. Tekjuminnkun vegna ábyrgðargjalds Landsvirkjunar nemur um 220 mkr og ávöxtun á handbært fé lækkar.

Áætlað er að eignir dragist saman um 4% árið 2011, skuldir og skuldbindingar dragist saman um 5%, eigið fé dragist saman um 4% og eiginfjárhlutfall styrkist lítillega og verði 79,7%.

Áætlað er að handbært fé í árslok verði 3,8 milljarðar.

Eignasjóður

Áætluð rekstrarniðurstaða Eignasjóðs 2012 er jákvæð um 2,4 milljarða en verður neikvæð um 125 mkr m.v. útkomuspá 2011. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð jákvæð um 8 milljarða en verður skv. útkomuspá jákvæð um 6,9 milljarða.

Tafla: Fjárhagsáætlun Eignasjóðs og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2010	Útkomu- spá 2011	Áætlun 2012	Áætlun br. frá 2011
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	5.392	6.922	8.073	16,6%
Rekstrarniðurstaða	670	-125	2.384	2003,8%
Rekstrartekjur	14.900	15.655	16.953	8,3%
Rekstrargjöld	9.509	8.734	8.880	1,7%
Fjármagnsliðir	-4.722	-7.047	-5.689	19,3%
Eignir	97.326	103.420	108.717	5,1%
Skuldir og skuldbindingar	78.137	84.356	87.268	3,5%
Eigið fé	19.190	19.064	21.449	12,5%
Handbært fé frá rekstri	5.639	6.903	7.813	13,2%
Fjárfestingahreyfingar	-4.939	-5.630	-5.575	1,0%
Fjármögnunarahreyfingar	-442	2.310	457	-80,2%
Handbært fé í árslok	325	3.908	6.603	69,0%

Rekstrartekjur Eignasjóðs eru áætlaðar 16,9 milljarðar en verða samkvæmt útkomuspá um 15,7 milljarðar eða tekjuaukning um 1,3 milljarða. Meginþorri tekna Eignasjóðs kemur frá málaflokkum Aðalsjóðs vegna leigu og rekstrar á húsnæði og götum. Áætlað er að söluhagnaður verði 270 mkr vegna sölu fasteigna og sala byggingaréttar nemi 170 mkr. Rekstrarútgjöld 2012 eru áætluð 8,9 milljarðar og hækka um 1,7% m.v. útkomuspá 2011.

Áætlað er að nettó fjármagnsgjöld Eignasjóðs nemi 5,7 milljörðum sem er um 1,4 milljarði lægra miðað við útkomuspá 2011. Áætlað er að eignir aukist um 5,1%, skuldir og skuldbindingar um 3,5%, eigið fé um 12,5% og eiginfjárhlutfall styrkist og verði 19,7% sem að miklu leyti má rekja til breytinga á reglum um innri leigu sem gerðar voru í lok árs 2009. Áætlað er að handbært fé í árslok verði 6,6 milljarðar.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargerð

Reykjavíkurborg vinnur nú að undirbúningi þess að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá stofnunum borgarinnar. Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun hefur verið skipaður og er honum m.a. ætlað að skapa, þróa og miðla þekkingu á vinnulagi við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð.

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargerð gengur út á að sérstaklega er litið til ólíkra þarfa og aðstæðna kvenna og karla við útdelingu fjármuna, ákvörðunar gjalda og skipulagningu verkefna. Við þessa vinnu er ekki eingöngu litið til hins mælanlega hagkerfis og talna sem liggja þar að baki heldur er einnig horft til umönnunarahagkerfisins; ólaunaðrar vinnu við heimilishald og umönnun. Ákvarðanir Reykjavíkurborgar í öllum sínum störfum og rekstri hafa áhrif á atvinnulíf, tekjudreifingu, útgjöld og frítíma borgaranna.

Á næstu misserum er miðað að því að fræða starfsmenn og pólitíska fulltrúa og skapa þekkingu á viðfangsefninu með afmörkuðum tilraunaverkefnum. Tilraunaverkefni eru fyrsta skrefið í að þróa tæki og aðferðir fyrir það umhverfi sem á að nota þau í, auk þess sem þau byggja upp þekkingu og efla vitund um samþættingu jafnréttis- sjónarmiða við ákvarðanatöku. Reykjavíkurborg ætlar nú að feta sig í þessa átt og nýtur reynslu ríkisins sem þegar er komið af stað.

NÝJAR FJÁRMÁLAREGLUR

Lög nr. 138 28. september 2011

Nýjar fjármálareglur hafa tekið gildi með sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Þær takmarka heimildir sveitarstjórna til nýrra skuldbindinga og fjárhagslegra ákvarðana vegna næsta árs fjárhagsáætlunar, sbr. 62 og 63. gr. Fjármálareglurnar ná bæði til A-hluta og samstæðu, þ.e. A+B-hluta, sveitarsjóða, sbr. 60. gr. laganna. Í lögnum er enn fremur kveðið á um að feli áætlun í sér auknar skuldbindingar umfram 20% af reglulegum tekjum ber sveitarstjórn að láta framkvæma úttekt á áhrifum skuldbindinga á rekstur af óháðum sérfróðum aðila. Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun næsta árs nema að sveitarstjórn hafi samþykkt viðauka við áætlunina og er viðauki einungis gildur ef aukin útgjöld eru fjármögnuð, sbr. 2. mgr. 63. gr.

Í nýju fjármálareglunum eru tvær grunnreglur sem sveitarstjórnnum ber að uppfylla, sbr. 64. gr. :

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A-hluta og samstæðu skulu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A-hluta og samstæðu skulu ekki vera hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tl. 2. mgr.

Ef sveitarfélagi er alls ekki kleift að uppfylla viðmiðin og/eða ef Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga metur að fjárhagur sveitarfélags sé það slæmur að það geti ekki staðið undir lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum eða það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar, er Eftirlitsnefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélagsins með þátttöku ríkisvalds, sveitarfélags, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og annarra lánadrottna. Getur ráðherra, að tillögu Eftirlitsnefndar, heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í slíkum tilvikum að leggja álag á útsvar og fasteignaskatta sem nemur allt að 25%.

Þegar greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu er svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð, getur ráðherra að tillögu Eftirlitsnefndar svipt sveitarstjórn fjárforráðum og skipað sveitarfélaginu fjárhaldsstjórn, enda hafi sveitarstjórn vanrækt skyldur sínar samkvæmt sveitarstjórnarlögum og fjármál sveitarfélagsins verið í ólestri. Áður en til slíks kemur skal þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl innan tiltekins frests.

A og B- hluti Reykjavíkur í ljósi viðmiða sveitarstjórnarlaga

Sveitarfélög sem ekki uppfylla ofangreindar grunnreglur nýrra fjármálareglna sveitarstjórnarlaga geta fengið allt að 10 ára aðlögunartíma, þ.e. til ársloka 2021, til að koma skuldahlutfallinu í ásættanlegt horf. Sveitarfélög sem skulda meira en 150% m.v. reglulegar tekjur þurfa ekki einungis að skila jöfnuði heldur rekstrarafgangi næstu árin til að geta greitt niður skuldir en auk þess geta þau eftir atvikum selt eignir úr rekstri til niðurgreiðslu skulda að því tilskildu að sala eignanna kalli ekki á sambærilega aukningu skuldbindinga.

Ekki liggur fyrir reglugerð um skilgreiningar og aðferðafræði við útreikning á skuldum sveitarfélaga í hlutfalli af reglulegum tekjum, sbr. lokamálsgrein 64. gr.

Leiða má líkum að því að reikniaðferðin sem notuð verður við mat á skuldahlutfallinu byggist á eftirfarandi:

$$\text{Skuldahlutfall} = (\text{heildarskuldir} + \text{skuldbindingar} - \text{veltufjármunir}) / \text{reglulegar heildartekjur}$$

Tafla: Skuldahlutfall A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar

	2010	2011	2012
A-hluti	37%	54%	54%
A-B hluti	289%	273%	244%
Bílastæðasjóður	34%	43%	30%
Faxaflóahafnir	47%	55%	50%
Félagsbústaðir	997%	1032%	1005%
ÍSH	576%	543%	587%
Malbikunarstöðin Höfði	-30%	-37%	-41%
Orkuveita Reykjavíkur	808%	687%	596%
Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins	72%	72%	73%
Sorpa	7%	3%	19%
Strætó	13%	8%	3%

Taflan byggir á gögnum úr ársreikningi 2010, útkomuspá 2011 og frumvarpi að fjárhagsáætlun 2012

Skuldahlutfall A-hluta er vel undir settum viðmiðum þar sem skuldahlutfallið er rétt um þriðjungur af leyfilegu hámarki. Hins vegar er samstæðan langt umfram skuldaviðmið fjármálareglna og eins og taflan ber með sér má einna helst rekja ástæður þess til skuldsetningar Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaða og Íþróttahallar sem hækka hlutfall samstæðu Reykjavíkurborgar umfram leyfileg mörk. Aðgerðaáætlun OR og eigenda felur í sér metnaðarfulla áætlun um niðurgreiðslu skulda fram til ársloka 2016. Áætlanir Félagsbústaða og ÍSH fela ekki í sér viðleitni til að draga úr skuldum sem hlutfalli af reglulegum tekjum. Þvert á móti áforma Félagsbústaðir að auka lántökur í miklum mæli á næsta ári til að fjármagna kaup á fasteignum í tengslum við tilfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Skuldastaða B-hluta fyrirtækja borgarinnar setur lántökum A-hluta skorður og leggur kvaðir á A-hluta og samstæðuna að umtalsverðum rekstrarafgangi til næstu ára.

Í nýlegu bréfi Eftirlitsnefndar til sveitarstjórna er fjallað um nýjar fjármálareglur og m.a. bent á að ætla megi að til að standa undir 150% skuldahlutfalli þurfi veltufé frá rekstri að nema að lágmarki 7,5% af heildartekjum og þá þeim mun hærra hlutfalli sem skuldahlutfallið er hærra. Þessi hlutföll eru sýnd fyrir Reykjavíkurborg í bréfi eftirlitsnefndar byggðar á ársreikningi 2010 en hér er jafnframt bætt við tölum úr fjárhagsáætlun 2012 til samanburðar:

Tafla: Hlutföll

		2010	2012
A-hluti	Skuldir og skuldbindingar sem % af heildartekjum	79,0%	82,8%
	Veltufé frá rekstri sem % af heildartekjum	10,1%	6,4%
A+B hluti	Skuldir og skuldbindingar sem % af heildartekjum	329,0%	271,3%
	Veltufé frá rekstri sem % af heildartekjum	19,0%	21,6%

SKATTTEKJUR

Skattlagningu borgarinnar er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skiptast skattar í útsvar, fasteignaskatta og lóðarleigu.

Útsvar

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall útsvars árið 2012 verði 14,48% en hlutfallið var fyrri hluta árs 2011 14,44% en frá 1. júlí 14,48%. Áætlað er að útsvarstekjur borgarinnar muni nema á árinu 2012 um 48.650 mkr. Af þeirri fjárhæð munu 5.779 mkr ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og nettó útsvarstekjur borgarinnar verða því um 42.871 mkr. Áætlað er að útsvarstekjur aukist á árinu 2012 m.v. útkomuspá um 2,7 milljarða.

Þegar leiðrétt hefur verið fyrir breytingum á útsvari miðað við forsendur áætlunar 2011, þá er hækkun útsvars á milli áætlana 2011 og 2012 um 4 milljarðar eða um rúmlega 10%. Áætlun 2012 er byggð á þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júlí 2011 með þeirri undantekningu að ekki er gert ráð fyrir um 1% aukningu á vinnumagni í Reykjavík í ljósi þess að hlutdeild Reykjavíkurborgar í útsvarsstofni hefur lækkað um tæplega 1,5% á milli árunna 2008 og 2010. Einnig er gert er ráð fyrir að framlengd verði heimild til útgreiðslu viðbótalfeyrissparnaðar sem eykur útsvarstekjur um 300 mkr.

Miðað við þróun á fyrstu 9 mánuðum ársins er útlit fyrir að nettó útsvarstekjur 2011 verði að lágmarki 4% eða um 1.630 mkr umfram áætlun 2011 vegna breyttra forsenda. Launaskrið er um þriðjungi meira en gert var ráð fyrir og hámark útgreiðsla viðbótalfeyrissparnaðar var tvöfaldað úr 2,5 mkr í 5 mkr en í október sl. var opnað á ný fyrir úttækt séreignasparnaðar fram til júlí 2012 og hámarkið aukið í 6,2 mkr. Ennfremur jókst útsvarstofninn á árinu 2011 í kjölfar þess að frádráttarbær iðgjöld í lífeyrissjóð lækkuðu á milli ára úr 6% niður í 4%. Þá reynist atvinnuleysi í Reykjavík ívið lægra en forsendur áætlunar 2011 gerðu ráð fyrir.

Fasteignaskattar

Áætlað er að tekjur Aðalsjóðs vegna fasteignagjalda nemi 12.359 mkr árið 2012 og aukist um 492 mkr á milli ára. Þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta Aðalsjóðs og Eignasjóðs nema nettó tekjur A-hluta af fasteignagjöldum 11.259 mkr.

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði lækki úr 0,225% af fasteignamati og verði 0,200% sem þýðir að tekjur vegna fasteignagjalda af íbúðarhúsnæði lækka um 75 mkr en hefðu að óbreyttu álagningarhlutfalli hækkað um 230 mkr. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall lóðarleigu vegna íbúðarhúsnæðis hækki úr 0,165% af fasteignamati í 0,200% sem þýðir að tekjur af lóðarleigu vegna íbúðarhúsnæðis fara úr 258 mkr í 350 mkr en hefðu að óbreyttu álagningarhlutfalli orðið 288 mkr. Þrátt fyrir þessar breytingar standa fasteignagjöld á íbúðarhúsaeygndur nánast í stað þegar á heildina er litið. Bent er á að þessi álagningarhlutföll eru áfram með því allra lægsta sem gerist á landinu.

Álagningarhlutföll fasteignagjalda af atvinnuhúsnæði verða óbreytt eða 1,65% af fasteignamati og af opinberu húsnæði 1,32% sem eru hámarksálagningarhlutföll. Lóðarleiga vegna atvinnu- og opinbers húsnæðis verður jafnframt óbreytt eða 1% af fasteignamati lóðar.

Þróun álagningarhlutfalla útsvars og fasteignagjalda í Reykjavík 1994-2012 er sýnd í meðfylgjandi töflu:

Tafla: Þróun álagningarhlutfalla fasteignagjalda

Ár	Hámarks- álagning	Útsvar í RVK	Framlag í Jöfnunarsjóð	Hluttur RVK af útsvari	Fasteigna- skattur af íbúðarhús- næði	Fasteigna- skattur af atvinnuhús- næði	Lóðarleiga vegna íbúðar- húsnæðis
2003	13,03%	12,70%	0,77%	11,93%	0,320%	1,650%	0,080%
2004	13,03%	12,70%	0,77%	11,93%	0,320%	1,650%	0,080%
2005	13,03%	13,03%	0,77%	12,26%	0,345%	1,650%	0,080%
2006	13,03%	13,03%	0,77%	12,26%	0,250%	1,650%	0,080%
2007	13,03%	13,03%	0,77%	12,26%	0,225%	1,650%	0,080%
2008	13,03%	13,03%	0,77%	12,26%	0,214%	1,650%	0,080%
2009	13,28%	13,03%	0,77%	12,26%	0,214%	1,650%	0,080%
2010	13,28%	13,03%	0,77%	12,26%	0,214%	1,650%	0,080%
2011	14,48%	14,20%	1,67%	12,53% ¹	0,225%	1,650%	0,165%
2011	14,48%	14,48%	1,67%	12,81% ²	0,225%	1,650%	0,165%
2012	14,48%	14,48%	1,67%	12,81%	0,200%	1,650%	0,200%

2) Útsvar hækkað um 1,2% stig vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra, þ.e. 0,9% stig til Jöfnunarsjóðs


3) Útsvar hækkað um 0,08% frá 1. júlí 2011 eða úr 14,40% í 14,48%

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Gert er ráð fyrir að í árslok 2011 verði vaxtaberandi langtímaskuldir A-hluta 22.423 mkr. Erlendar skuldir nema um 2.600 mkr eða um 12% af langtímaskuldum. Í árslok 2012 er áætlað að skuldir verði 28.146 mkr og þar af erlendrar skuldir um 510 mkr eða um 2%. Erlend eingreiðslulán er á gjalddaga á árinu 2012 sem gerir það að verkum að hlutfall erlendra lána minnkar verulega í A-hluta borgarsjóðs. Gert er ráð fyrir að tekin verði ný lán í formi innlendra skuldabréfa að fjárhæð 6.230 mkr. vegna framkvæmda ársins 2012.

Skuldbindingar vegna leigusamninga samkvæmt nýjum reikningsskilaaðferðum verða í árslok 2011 um 12.763 mkr m.v. útkomuspá og áætlun gerir ráð fyrir að þær verði í árslok 2012 um 13.146 mkr. Heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum í A-hluta nema 54% af tekjum á árinu 2012 sem er vel innan marka sem ný sveitarstjórnarlög setja.

Undanfarin ár hefur lánsfjáröflun A-hluta farið fram á innlendum markaði í gegnum skuldabréfaflokkinn RVK 09 1 sem skráður er í Nasdaq OMX. Hefur hann verið stækkaður í áföngum frá árinu 2011. Hlutfallslega hefur því vægi erlendra lána minnkað. Útboð í skuldabréfaflokknum RVK 09 1 hafa verið haldin u.þ.b. mánaðarlega. Ávöxtunarkrafan hefur farið lækkandi á árinu. Í upphafi árs var haldið útboð með fastri ávöxtunarkröfu 3,75% uppfrá því hækkaði ávöxtunarkrafan en í útboði í október 2011 var ávöxtunarkrafa samþykkt tilboða aftur orðin 3,75%. Salan hefur farið fram í gegnum viðskiptavaka Íslandsbanka og MP banka. Saga fjárfestingarbanki sagði sig frá viðskiptavakt á árinu.



Mynd: Skipting lána A-hluta Reykjavíkurborgar eftir myntum

Fjármagnsgjöld A-hluta umfram fjármagnstekjur eru áætlaðar 868 mkr. árið 2012, samborið við 821 mkr í fjármagnsgjöld árið 2011. Vaxtatekjur Aðalsjóðs eru áætlaðar 457 mkr árið 2012 samanborið við 917 mkr árið 2011. Aðalsjóður lánaði Orkuveitu Reykjavíkur tæplega 7,5 milljarður í apríl 2011. Lánið er afborgunarlaust til að byrja með en OR greiðir vexti og verðbætur sem leiða til 575 mkr fjármunatekna á árinu 2012. Tekjur vegna arðs eru áætlaðar 149 mkr. Ábyrgðargjald 2012 frá Orkuveitu Reykjavíkur er áætlað 734 mkr. Um áramótin 2011/2012 fellur niður ábyrgð sem Reykjavíkurborg bar á lánum Landsvirkjunar í hlutfalli við eignarhlut sinn sem seldur var í árslok 2007. Greiðslum Landsvirkjunar vegna ábyrgðargjalds er þar með lokið.

Forsendur gengis-, verðlags- og vaxtaþróunar

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2012 er gert ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 3% innan ársins. Gert er ráð fyrir að gengisvísitala íslensku krónunnar hækki um 0,9% á árinu 2012 sem þýðir að krónan veikist. Gert er ráð fyrir 4,8% ávöxtun á lausafé en að frádregnum 20% fjármagnstekjuskatti nemur það 3,8%.

Í vaxtaforsendum er gert ráð fyrir að meðalvextir erlendra lánakörfu verði 4,0% og meðalvextir innlendra langtímalána verði 4,4%.

Vextir erlendis hafa verið lágir á árinu 2011 og munu væntanlega ekki hækka fyrr en hagvöxtur erlendis tekur við sér. Af erlendum langtímalánum bera 70% lánanna fasta vexti og 30% breytilega millibankavexti þ.e. LIBOR.


Skulda og áhættustýring

Unnið er að áhættustefnu A-hluta borgarsjóðs, endurskoðun áhættustýringar og reglna um lánastýringu og lausafjárstýringu. Erlend lán munu verða óveruleg í árslok 2012 og því mun athyglin beinast að innlendri fjármögnun og samspili hennar við stöðu á handbæru fé. Í ljósi nýrra fjármálareglna og ábyrgða A-hluta borgarsjóðs verður nauðsynlegt að taka aukið tillit til skulda og skuldbindinga B-hluta samstæðunnar.

Gjaldeyrishöft hafa stutt við gengið og viðskiptajöfnuður hefur verið jákvæður. Íslenska krónan hefur þó veikst um 3% frá áramótum, veiking hennar var þó meiri framan af árinu 2011. Hækkun vísitölu neysluverðs varð meiri á árin 2011 en áætlanir gerðu ráð fyrir og í byrjun nóvember mælist tólf mánaða verðbólga 5,3%.

Áfram verður fylgst með lánnum A-hluta og lánnum fyrirtækja í samstæðu borgarinnar. Vægi erlendra lána fer minnkandi í heildarlánasafni þ.e. gefin voru út skuldabréf innanlands á árinu 2011 og stefnt er að aukinni útgáfu innanlands á árinu 2012.

Á myndinni hér á eftir má sjá þróun gengisvogar Seðlabanka Íslands og vísitölu neysluverðs fyrir tímabilið janúar til október 2011.



Mynd: Samanburður á þróun gengisvogar Seðlabanka Íslands og vísitölu neysluverðs (janúar=100)


Fjármunatekjur

Stýrivextir Seðlabanka Íslands hafa hækkað úr 4,5% í 4,75% á árinu 2011, vextir lækkuðu í 4,25% í febrúar og hafa hækkað í tveimur skrefum frá því og líkur eru á vextir verði óbreyttir á næstunni. Leitast hefur verið við að ávaxta lausafé með sem öruggustum hætti með tilliti til mótaðilaáhættu. Eign Reykjavíkurborgar í ríkisskuldabréfum hefur heldur minnkað á árinu þar sem seld voru bréf til að mæta lánveitingu til Orkuveitu Reykjavíkur. Áfram er haldið í það markmið að viðhalda sterkri sjóðstöðu til að mæta greiðsluskuldbindingum. Lán til Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði stöðu handbærs fjár.


Ávöxtun á handbæru fé hefur yfirleitt verið góð á árinu 2011 en hafa ber í huga að ávöxtun skuldabréfa er háð sveiflum á markaði, frá áramótum hefur ávöxtunin verið um 5,9% og vaxtatekjur eru áætlaðar 917 mkr á árinu 2011 og áætlaðar 457 mkr. 2012.

Gert er ráð fyrir að handbært fé aukist á árinu 2012 úr 9.630 mkr í 10.445 mkr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld



Mynd: Hlutfallsleg skipting lausafjár milli innlána og ríkisbréfa



Mynd: Lausafé A-hluta Reykjavíkurborgar, innlán og ríkisbréf í krónum

REGLUR UM GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

1. Markmið

- Þriggja ára áætlun, fjárhagsáætlun og starfsáætlun eru mikilvægustu stjórnþæki borgarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum. Nánar um ákvæði laga og samþykktir Reykjavíkurborgar í viðauka 1. Með áætlunargerðinni skal tengja saman viðfangsefnið og kostnað við þau með gagnsægjum hætti. Þriggja ára áætlun felur í sér samþykkt stefnumótun borgarstjórnar í hverjum málaflökki.
- Fjárhags- og starfsáætlun fyrir hvert ár skal unnin á grundvelli samþykkrar þriggja ára áætlunar sem markar fjárheimildir hennar, sbr. 3.4. Starfsáætlun greinir frá markmiðum og áherslum í rekstri næsta árs sem byggjast á stefnumörkum borgarstjórnar í einstökum málaflökum og fjárhagsáætlun. Drög þriggja ára áætlunar og starfsáætlunar eru unnin samhliða fjárhagsáætlun ársins.
- Fjárhagsáætlun skal unnin þannig að ekki þurfi að breyta henni á rekstrarárinu nema að ófyrirséð atvik kalli sérstaklega á slíka ákvörðun. Þannig nýtist fjárhagsáætlunin sem öflugt stjórnþæki við rekstur borgarinnar.

2. Fjármálastjórn Reykjavíkurborgar

- Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Fagråd hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflöknum.
- Borgarstjóri ber ábyrgð á gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun í samræmi við reglur þessar um fjárhagsáætlunargerð. Borgarstjóri leggur fram frumvörp að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun í borgarráði.
- Fjármálastjóri starfar með borgarstjóra að undirbúningi frumvarpa að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun og hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun Reykjavíkurborgar, þ.m.t. fjárhagsáætlunargerð. Fjármálastjóri hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykkt fjárhagsáætlun og starfsáætlun og tekur saman og kynnir fyrir borgarstjóra og borgarráði rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar með reglubundnum hætti.
- Fagsvið og miðlægar fagskrifstofur gera drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun sem rúmast innan hennar í samræmi við stefnumótun borgarstjórnar og áherslur fagráðs í viðkomandi málaflökki.

3. Reglur um gerð fjárhagsáætlunar

3.1 Stefnumótandi forsendur

- Fagråd fer yfir stefnumótun málaflöksins og endurskoðar hana í ljósi nýrra áherslna. Stefnumótun málaflökka skal liggja fyrir áður en vinna við fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun hefst.
- Borgarstjóri gerir tillögur til borgarráðs um rekstur og framkvæmdir og forgangsraðar í samræmi við þá meginreglu fjármálastjórnunar að rekstrartekjur standi undir rekstrargjöldum.

3.2 Fjárfestingar

- Framkvæmda- og eignasvið vinnur drög að áætlun um stofnframkvæmdir fasteigna, lausafjármuna, gatna og umferðamannvirkja á grundvelli þarfagreiningar sviða fyrir þjónustu borgarinnar og mati á hagkvæmni valkosta vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar.
- Áætlun um fjárfestingu í mannvirkjum (stofnframkvæmd) og búnaði skal innihalda greiningu á áhrifum á árlegan rekstrarkostnað þegar mannvirki hefur verið tekið í notkun. Áhrif rekstrarkostnaðar skulu birt í drögum að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun hlutaðeigandi fagsviða.
- Framkvæmda- og eignasvið og fjármálaskrifstofa skulu í tengslum við gerð fjárfestingaáætlana gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárþörf Framkvæmda- og eignasviðs.
- Borgarstjóri gerir tillögu til borgarráðs um fjárfestingaáætlun næsta árs og næstu þriggja ára í samræmi við meginreglur fjármálastjórnunar að fenginni tillögu Framkvæmda- og eignasviðs. Með meginreglum er vísað til þess að framkvæmda- og fjárfestingaráætlun skuli vera í takt við rekstrarmarkmið, fjárhagslega getu og samkeppnishæfa innri leigu.

3.3 Aðrar forsendur

- Byggt skal á gildandi verklagsreglum Reykjavíkurborgar. Hér er vísað m.a. í innkaupareglur, kjarasamninga, vinnurétt, reikningskilareglur.
- Byggt skal á forsendum borgarhagfræðings um áætlaðar skatttekjur borgarinnar, þróun verðlags, mannfjölda, atvinnu og þróun annarra hagrænna forsenda.
- Byggt skal á forsendum mannauðsstjóra um þróun kjara skv. kjarasamningum.
- Byggt skal á forsendum innkaupastjóra varðandi gildandi rammisamninga um innkaup á vörum og þjónustu.
- Byggt skal á gjaldskrá vegna innri viðskipta sem skulu liggja fyrir.
- Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert skal innri leiga vegna borgarmannvirkja og framleiga reiknuð upp miðað við forsendur fjárhagsáætlunar um breytingu vísitölu neysluverðs á milli ára. Fjárheimildum fagsviða verði breytt í samræmi við eftirfarandi:
 - Hækkun/lækkun sem nemur breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á milli ára.
 - Hækkun/lækkun sem nemur mismun áætlaðrar leigu liðins árs og raun.¹

3.4 Vinnsla fjárhagsáætlunar (Sjá myndræna lýsingu í Viðauka 3)

- Sviðsstjórar og fjármálastjóri skoða tækifæri til hagræðingar í rekstri sviðanna og kynna niðurstöður fyrir fagráði og borgarstjóra.
- Fyrirliggjandi samþykkt þriggja ára áætlun markar ramma fyrir fjárhagsáætlun næsta árs á hverju sviði.
- Sviðsstjórar skoða rekstrarforsendur næsta árs á grundvelli samþykkrar þriggja ára áætlunar og meta hvort þörf sé að gera tillögu til borgarstjóra að breytingum varðandi rekstur sviðsins á næsta ári. Sviðsstjórar leggja jafnframt fram tillögur að nýrri þriggja ára áætlun sem byggir á fyrirliggjandi áætlun og stefnumótun í málaflokknum, að viðbættu einu ári. Til grundvallar leggur sviðsstjóri fram kostnaðaráætlun með tillögu sinni, á föstu verðlagi liðandi árs.
- Fjármálastjóri leggur fjárhagslegt mat á tillögur sviðsstjóra um fjárhagsáætlun næsta árs m.t.t. áætlaðrar þróunar verðlags, launa og annarra forsenda og gerir borgarstjóra grein fyrir niðurstöðum. Fjármálastjóri leggur jafnframt fjárhagslegt mat á tillögur að þriggja ára áætlun á föstu verðlagi.
- Borgarstjóri getur að vori lagt fyrir borgarráð tillögu um breytingu á fjárheimildum sviðs til hækkunar eða lækkunar, á grundvelli fyrirliggjandi forsendna, breyttrar stefnumörkunar eða tillögu sviðsstjóra. Mikilvægt er að fullnægjandi gögn liggja fyrir hjá fjármálaskrifstofu um tillögu sviðsstjóra, rekstur sviðsins og tækifæri til hagræðingar.
- Borgarstjóri felur sviðsstjórum að vinna drög að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun í samstarfi við fjármálastjóra m.v. fyrirliggjandi forsendur, stefnumótun fagráða og forgangsröðunar borgarráðs, þar sem áherslum og nýjum verkefnum er lýst.
- Sviðsstjóri vinnur í samráði við formann fagráðs drög að starfsáætlun í samræmi við drög að fjárhagsáætlun og stefnumörkun fagráða. Starfsáætlun er útfærsla á því hvernig rekstri sviðsins verður fyrir komið innan fjárhagsáætlunar. Starfsáætlun skal sýna áherslur fagráðs í starfsemi og rekstri málaflokksins. Sviðsstjóri kynnir drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir fagráði.
- Fjármálastjóri gerir drög að heildstæðri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og kynnir fyrir borgarstjóra.
- Fjallað skal um tillögu að breytingu á gjaldskrá í fjárhagsáætlun og afgreiða í borgarstjórn. Tillögu að breytingu á gjaldskrá sem fram kemur innan rekstrarársins er þó heimilt að leggja fyrir borgarráð að undangenginni kynningu í fagráði. Borgarráð metur hvort vísa beri tillögunni til afgreiðslu borgarstjórnar.
- Frumvarp að fjárhagsáætlun skal lagt fram í borgarráði fyrir miðjan október ár hvert og fyrir fyrsta fund borgarstjórnar í nóvember ár hvert. Miða skal við að frumvarp að fjárhagsáætlun sé afgreitt í borgarstjórn í nóvember ár hvert og þriggja ára áætlun.

1) Breyting samþykkt í borgarráði 4. nóvember 2010

- Starfsáætlun sem unnin er á grundvelli fjárhagsáætlunar skal lögð fram í borgarráði til afgreiðslu.
- Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun fyrir borgarráð, ásamt starfsáætlun. Borgarráð afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun til borgarstjórnar. Borgarstjórn afgreiðir fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun.

4. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar

4.1 Meðferð fjárheimilda innan rekstrarársins

- Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri sviðsins og leitar hagkvæmustu leiða við rekstur þess innan marka fjárheimilda, starfsáætlunar og stefnumörkunar fagráðs um þjónustu á sviðinu. Í umboði sviðsstjóra felst sjálfstæði til að skipuleggja reksturinn sem best innan heimilda fjárhags- og starfsáætlunar.
- Borgarráð getur heimilað sviðsstjóra að færa fjárheimildir milli kostnaðarstaða, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum.
- Sviðsstjóra er heimilt í samráði við fjármálastjóra að færa fjárheimildir skilgreindra safniða (endurúthlutun) til undirstofnana. Þessi ráðstöfun skal kynnt borgarráði.

4.2 Breyttar rekstrarforsendur innan rekstrarársins

- Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum innan ársins skal fjármálastjóri meta heildaráhrif á rekstrarniðurstöðu borgarinnar á grundvelli kostnaðarmats sviða eða sérfræðiskrifstofa og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri getur falið sviðsstjórum og sérfræðingum að gera tillögur til sín um hvernig hægt er að bregðast við breyttum rekstrarforsendum. Borgarstjóri leggur fram í borgarráði tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.

4.3 Færsla fjárheimilda á milli ára

- Almennt færast rekstrarafgangur á sviði/stofnun á milli ára ef rekja má rekstrarafgang með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar en ekki ytri áhrifavalda, frestunar verkefna, manneklu eða þjónustufalls. Sviðsstjóri gerir tillögur til borgarstjóra um færslu afgangs til ráðsstöfunar í tiltekið skilgreint verkefni. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um ráðstöfun hagnaðar ef verkefnið er í samræmi við stefnumörkun borgarinnar um þjónustu við borgarbúa og ekki komi til að sérstakar fjárhagsástæður borgarsjóðs kalli á annað. Samþykktum afgangi skal ráðstafað innan næstu tveggja rekstrarára og skal áætlað fyrir ráðstöfun afgangs.
- Rekstrarhalli á sviði/stofnun færast sömuleiðis milli ára ef rekja má hann til lakrar fjármálastjórnunar eða ef sviðsstjóri hefur ekki gert borgarráði tímanlega grein fyrir aðstæðum og gert viðeigandi ráðstafanir. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um að slíkur halli verði fluttur á milli ára. Almennnt skal miða við að svið/stofnun endurgreiði slíkan halla á tveimur árum og skal áætlað fyrir því hvernig honum skuli mætt.
- Ef rekja má rekstrarhalla til ytri áhrifavalda sem sviðsstjóri hefur gert borgarráði tímanlega grein fyrir og ekki var talin ástæða til eða mögulegt að draga á móti úr kostnaði við starfsemina, færast hann ekki á milli ára. "
- Sviðsstjóri setur nánari reglur á sínu sviði um færslu afangs/halla á grundvelli ofangreindra reglna og gerir grein fyrir þeim í starfsáætlun sviðsins.

5. Eftirlit og árangursmiðuð fjármálastjórn

- Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Markmið fjármálastjórnunar er að öll svið og stofnanir gæti ítrustu kostnaðarhagkvæmni í rekstri og ástundi árangursmiðaða fjármálastjórn.
- Fjármálastjóri skal fylgja eftir fjárhagsáætlun með reglubundnum reikningsskilum og frávikagreiningu. Fjármálastjóri kynnir borgarstjóra mánaðarlega rekstraryfirlit. Þegar árshlutauppgjör og rekstrarniðurstaða ársins liggja gerir fjármálastjóri borgarráði grein fyrir rekstri, fjárfestingum og frávikum frá áætlun.
- Sviðsstjóri skal fylgjast með tækifærum til umbóta í rekstri og hafa frumkvæði að því að innleiða þau til að bæta þjónustu, auka skilvirki og lækka kostnað. Sviðsstjóri skal skilgreina árangursmælikvarða fjármálastjórnunar á sínu sviði í starfsáætlun. Sviðsstjóri skal a.m.k. einu sinni á ári fara yfir lykiltölugreiningu á rekstri og ræða tækifæri til umbóta á rekstri við stjórnendur á sviðinu, með það að markmiði að bæta þjónustu, auka skilvirki og lækka kostnað. Sviðsstjóri gerir borgarstjóra reglubundið grein fyrir hvernig þjónustumarkmiðum er náð innan ársins og ytri og innri áhrifavöldum á rekstur sviðsins. Sviðsstjóra ber að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það að markmiði að halda rekstrinum innan samþykkrar fjárhagsáætlunar og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.
- Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með áherslu á úrbætur á vinnuferlum og breytingar sem til framfara horfa. Greinargerð Innri endurskoðunar skal lögð fram eigi síðar en við framlagningu ársreiknings.

Samþykkt í borgarráði 7. ágúst 2008

Breytingar samþykktar á fundi borgarráðs 4. nóvember 2010: Bætt við mgr. 6 í kafla 3.3

Viðauki 1: Nánar um ákvæði laga og samþykktir borgarinnar

- Í sveitarstjórnarlögum segir að sveitarstjórn skuli árlega semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir.
- Jafnframt segir að fyrir lok desembermánaðar skuli sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sem skuli vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins.
- Sveitarstjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.
- Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldum skuli mætt. Samþykkt slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætlun.
- Samkvæmt samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar fer borgarráð ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Borgarráð hefur umsjón með stjórnslu borgarinnar, undirbúningi fjárhagsáætlana, fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun borgarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja og leggur það fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Breyting fjárheimilda skv. fjárhagsáætlun skal skv. ofangreindri samþykkt leggja fyrir borgarráð.

Viðauki 2: Nánar um ábyrgð og verkaskiptingu:

Borgarstjórn

- Ræðir frumvarp að fjárhagsáætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Ræðir frumvarp að þriggja ára áætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Afgreiðir tillögur frá borgarráði um gjaldskrárbreytingar.

Borgarráð

- Afgreiðir reglur um fjárhagsáætlun.
- Afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og breytingartillögur við það til síðari umræðu í borgarstjórn.
- Afgreiðir þriggja ára áætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og breytingartillögur til síðari umræðu í borgarstjórn.
- Afgreiðir tillögur um gjaldskrár og breytingar á þjónustu með fjárhagsáætlun.
- Afgreiðir starfsáætlanir.

Borgarstjóri

- Ber stjórnarsýslulega ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Ber stjórnarsýslulega ábyrgð á undirbúningi þriggja ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að reglum um fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að þriggja ára áætlun.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að breytingum á gjaldskrár eða þjónustu.

Fagráð

- Hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum.
- Fjallar um drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun með hliðsjón af stefnumótun í málaflokknum og gerir eftir atvikum borgarráði grein fyrir athugasemdum sínum.
- Fagráð hefur eftirlit með því að rekstur sviðsins sé í samræmi við markaða stefnu, fjárhags- og starfsáætlun. Sviðsstjóri leggur reglubundið fyrir fagráð upplýsingar um rekstur sviðsins. Fagráð getur kallað eftir viðbótarupplýsingum eftir því sem með þarf.


Sviðsstjóri

- Skoðar rekstrarforsendur næsta árs á grundvelli þriggja ára áætlunar og metur hvort tilefni sé til að gera tillögur til borgarstjóra um breytingar.
- Gerir drög að fjárhagsáætlun m.v. forsendur fjármálaskrifstofu um áætlað verðlag, launakjör, gjaldskrár og stefnumótun fagráða í samstarfi við fjármálaskrifstofu.
- Kynnir fyrir fagráði tillögur að drögum að frumvarpi að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun, ásamt starfsáætlun.
- Kynnir frumvarp að fjárhagsáætlun sviðs og starfsáætlun sviðsins í borgarráði ásamt formanni fagráðs.
- Ber ábyrgð á að rekstur sviðsins sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og samþykka starfsáætlun og gerir grein fyrir rekstrarstöðu sviðsins eftir árshlutauppgjör í fagráði og borgarráði.

Fjármálastjóri

- Starfar með borgarstjóra að undirbúningi frumvarpa að fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun.
- Hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð, bókhaldi, fjárreiðum, innheimtum, lánamálum og reikningsskilum Reykjavíkurborgar.
- Hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun og starfsáætlun.
- Ber ábyrgð á að taka saman og kynna með reglubundnum hætti rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar.

Viðauki 3: Ferlalysing



Fagsvið

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Leiðarljós


Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íprótta- og tómstundaiðkunar þar sem gleði, sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	873.763
Rekstrartekjur samtals	873.763
Laun og launatengd gjöld	1.273.933
Annar rekstrarkostnaður	4.631.395
Rekstrargjöld samtals	5.905.388
Rekstrarniðurstaða	5.031.625

Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	311
Fjöldi stöðugilda (1. okt.)	187
Fjöldi starfsmanna - íprótta-mál	160
Fjöldi starfsmanna á öðrum starfsstöðum	91
Heildarfjöldi 1. okt.	251


Skipurit



Hlutverk - DRÖG

- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við íprótta- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að velferð íbúa borgarinnar.
- Veita þjónustu sem er öllum aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Hafa forystu um eflingu og þróun fagumhverfis í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.

Skipting rekstrar 2012



Megináherslur 2012 - breytingar frá fyrra ári

Á vordögum 2011 flutti ÍTR höfuðstöðvar sínar af Bæjarhálsi 1 í Borgartún 12. Miklar breytingar hafa síðan átt sér stað hjá ÍTR í kjölfar stjórnisýslubreytinga hjá Reykjavíkurborg. Við breytingarnar flutti skrifstofa tómstundamála á nýtt svið, Skóla- og frístundasvið ásamt hluta af starfsfólki stoðeilda. Samþykkt fyrir fagræðið, íþróttá- og tómstundaráð var endurskoðuð og skipaðir nýir fulltrúar. Á vegum ÍTR er nú rekstur 7 sundlauga, íþróttahúsa, Hins Hússins, þar með talin atvinnumál ungs fólks, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, skíðasvæða og fleira. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Árið 2011 voru gerðir þjónustusamningar við fjögur íþróttafélög um rekstur íþróttahúsa sem áður voru á hendi ÍTR. Jafnframt er til skoðunar hvort nokkur verkefni sem verið hafa á öðrum sviðum flytjist til ÍTR.

Hlutverk ÍTR og verksvið snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi við þau félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Mörkun skýrrar stefnu um hvernig best verði staðið að slíkri þjónustu í ljósi stjórnisýslubreytinganna stendur nú yfir. Endurskoðun á stefnu borgarinnar varðandi ÍTR og málefni ungs fólks tekur einnig mið af breytingum sem standa yfir á nýju Skóla- og frístundasviði og víðar í kerfinu. Skýr verkaskipting, samráð og samþætting eru þar lykilatriði. Til slíkra breytinga er mikilvægt að gefa góðan tíma og eru starfs- og fjárhagsáætlanir fyrir 2012 settar fram með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða. Endurskilgreining á verksviðum og hlutverkum sviða borgarinnar og mótun stefnu í framhaldinu hefur áhrif á mjög margt.

Íþróttá- og æskulýðsfélög sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg gegna umfangsmiklu samfélagslegu hlutverki og eru helstu bandamenn borgarinnar þegar leitast er við að styrkja uppeldisumhverfi fjölskyldna. Taka þarf tillit til hagsmuna þeirra og veita félögunum aðkomu að endurskoðun stefnunnar. ÍTR og ÍBR tóku höndum saman s.l. sumar um slíkt samráð og hófu vinnu við stefnumótun í sameiginlegum málum. Þeirri vinnu lýkur á fyrri hluta árs 2012. Rafræn samskipti og miðlun upplýsinga til borgarbúa um þjónustu ÍTR og félaganna í borginni verður sífellt mikilvægari hluti af starfsemiinni. Á árinu hefur, í samstarfi ÍBR, ÍTR og fl. verið unnið að þróun gagnvirkis leitar- og upplýsingavefs um húsnæði og aðstöðu til íþróttá- og félagsstarfs.

Hitt Húsið gegnir veigamiklu hlutverki varðandi forvarnamál, ráðgjöf, atvinnumál og ýmsa menningarstarfsemi í þjónustu ÍTR við aldurshópinn 16 – 25 ára. Mikilvægt er að frumkvæði Hins Hússins og þekking á þessu sviði verði nýtt við þróun úrræða fyrir þá sem verst standa í aldurshópnum.

Styrkir til íþróttá- og æskulýðfélaga og innri leiga af mannvirkjum í þeirra þágu nemur um 57% af rekstrarkostnaði ÍTR. Ekki voru gerðir þjónustusamningar við einstök félög fyrir árið 2011 en heildarsamningur var gerður við ÍBR vegna þessara félaga. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi 2012. Ekki er gert ráð fyrir að verðlagsáhrif verði bætt í samningum við félögin.

Sundlaugar borgarinnar bjóða borgarbúum á öllum aldri upp á eina bestu aðstöðu til heilsueflingar sem borgin getur státað af. Þjónusta sundlauganna endurspeglar mjög vel þann þátt í menningu borgarbúa sem við tengjum við heilbrigða lífshætti og einstök náttúrugæði sem fólgin eru í heitu vatni og nýtingu jarðvarma. Við sundlaugar og á Ylströndinni er unnið að margvíslegum endurbótum og nýframkvæmdum sem miða að því að auka hagkvæmni í rekstri en jafnframt fjölbreytni og gæði þjónustunnar. Í hagræðingarskyni voru gerðar breytingar á afgreiðslutíma hverfalauganna. Þjónusta lauganna í borginni er í sífelldri endurskoðun.

Í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum gefst tækifæri til að dvelja og njóta í fallegu umhverfi þar sem allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi. Áfram verður unnið að því að samræma þjónustu garðsins við aðra starfsemi í borginni. ÍTR leggur áherslu á að umhverfi og útivist skuli gert hátt undir höfði og til þess megi nýta betur fjölmörg svæði sem borgin hefur uppá að bjóða. Virkja eigi borgarstofnanir, frjáls félög og almenning í þeim tilgangi.

Á árinu var unnið að verkefninu “ódyrari frístundir” en með því er stefnt að auknum jöfnuði varðandi þátttöku í skipulögðu starfi í hverfum borgarinnar og verkefnum þar sem leitast er við að ná til þeirra barna og unglinga sem síst nýta sér almenn tilboð. Verkefninu verður fram haldið 2012. Auk ÍTR standa hverfisráð, frjáls félög og þjónustumiðstöðvar að samstarfinu. ÍTR leggur áherslu á að með öflugum samráði og samstarfi í hverfum borgarinnar skapað vettvangur verkefna og sóknarfæra sem knúin eru áfram af vilja fólksins sem þar býr og starfar.

Fjárhagsáætlun ársins tekur mið af breytingum sem urðu við stjórnkerfisbreytingarnar sl. vor. Breytingar sem hafa átt sér stað í fjárhagsrámi ÍTR eru kostnaðaráhrif vegna kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2011 og viðbætur vegna verðbóta innri leigu, kostnað vegna nýrra mannvirkja og endurbóta á eldri mannvirkjum. Auk þess er gerð tekjukrafa á Íþróttá- og tómstundasvið upp á 12,58%. Íþróttá- og tómstundasvið leigir mannvirki fyrir háar fjárhæðir af utanaðkomandi aðilum svo sem Egilshöll, Íþróttá- og sýningarhöllina, íþróttahús í Norðlingaholti og Hitt Húsið. Rekstarútgjöld sviðsins skiptast þannig að helmingur útgjalda fer í að greiða húsaleigu, bæði innri leigu sem og húsaleigu til þriðja aðila. Töluvert af leigukostnaðinum vegna mannvirkja má flokka sem styrki til íþróttstarfsemi. Beinar styrkveitingar nema um 20% af brúttóútgjöldum sviðsins sem er svipað hlutfall og fer í launakostnað. Kostnaður vegna orku nemur 3% af brúttóútgjöldum.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri - Í VINNSLU

	Raun 2009	Raun/áætlun 2010	Áætlun 2011*	Áætlun 2012
Starfsmannamál				
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	1.208	1203	311	311
Fjöldi stöðugilda (1.okt)	518	538	187	187
Fjöldi starfsmanna á sviði íþróttamála (1.okt)	213	204	160	160
Karlur	121	127	89	89
Konur	92	77	72	72
Fjöldi starfsmanna sem vinna annarsstaðar hjá ÍTR (1.okt)	119	131	91	91
Heildarfjöldi starfsmanna (1. okt.)	1.182	1.240	251	251
Aðsóknartölur				
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús	1.834	1.900	1.792	1.800
Aðsókn að Ylströnd í þús	453	472	414	470
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús	187	190	194	184
Börn á námskeiðum í Húsdýragarði	200	207	229	229
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda		4.452	4.800	4.800
Börn á námskeiði í siglingaklúbbnum Siglunesi	328	337	320	250
Rekstrartölur				
Heitt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR	1.537	1.616	1.650	1.650
Kalt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR	737	784	765	790
Raforkunotkun í þús.kílóvattastundum, alls ÍTR	6.071	6.183	5.900	5.900
Frístundakortið - ráðstöfun				
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	64%	68%	75%	76%
- Stelpur		73%	77%	78%
- Strákar		69%	73%	74%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	71%	76%	77%	79%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	77%	75%	85%	86%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	63%	66%	74%	75%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	42%	46%	55%	56%
Frístundakortið - skráning				
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	74	79%	87%	88%
- Stelpur			87%	88%
- Strákar			86%	87%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	80%	92%	99%	99%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	86%	87%	93%	95%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	75%	79%	85%	86%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	55%	62%	66%	67%
Fjöldi félaga með aðild	143	170	203	210

*Miðað við starfsmannafjölda eftir stjórnsýslubreytingar

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh. - Í VINNSLU

	Raun 2009	Raun/áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Frístundakorti ráðstafað til íþróttfélaga			46%	49%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi			18%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga			2%	3%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs			14%	15%
Skíðasvæði				
Bláfjöll, aðsókn	84.599	10.000	46.000	
Fjöldi opnunardaga í Bláfjöllum	56	5	63	
Styrkir til félaga				
Rekstrarstyrkir				
Húsaleigustyrkir				
Aðrir styrkir				
Sumarráðningar ungs fólks				
Fjöldi ráðinn af íþrótt- og æskulýðsfélögum	147	210	231	
Fjöldi ráðinn af starfsstöðum ÍTR	108	251	278	
Fjöldi umsækjenda um sumarstörf	2.623	4.311	5.116	
Heildarfjöldi ráðinna	1.411	1.524	1.947	
Fjöldi á atvinnutengdum námskeiðum í Hinu Húsinu	63	147	81	120
Hitt Húsið				
Fjöldi viðburða	437	442	466	470
Fjöldi virkra í viðburðum	6.424	6.550	6.681	7.000
Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús.	87.727	88.664	92.373	93.000
Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar	4.059	4.774	6.000	6.500
Fyrirspurnir á vefsíðu Tótal ráðgjafar	465	281	370	400
Húsnæði og vellir				
Fermetrar í innri leigu				
Fermetrar í leigu hjá öðrum				
Fjöldi fermetra á grasvöllum				
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum				

Skorkort 2012 - Í VINNSLU

Velgengispættir	Raun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Þjónusta			
Almenningur stundi heilbrigðar frístundir			
Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.)	1910	1792 / 1910	1800
Uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir ungt fólk			
Fjöldi 6—18 ára skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið	84%	87%	88%
Hvatning og stuðningur við ungt fólk			
Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið	71%	75 / 71%	76%
Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum			
Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel	Ekki mælt	75%	
Skýrir verkferlar			
Fjöldi verkferla á innri vef	20	50	
Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu	Ekki mælt	88%	
Aðgengilegar upplýsingar			
Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað	Ekki mælt	80%	
Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku	5419	7000	
Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar	Ekki mælt	50%	
Gott ástand mannvirkja og útvistarsvæða			
Hlutfall viðhaldsverkefna sé lokið innan 15 daga frá tilkynningu	ATH	80% lokið	
Virt samstarf og samráð við hagsmunaaðila			
Mannauður			
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	2010	2011	2012
Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	Ekki mælt	88%	
Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	Ekki mælt	84%	
Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	Ekki mælt	85%	
Hæft og ánægt starfsfólk			
Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	Ekki mælt	91%	
Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	Ekki mælt	70%	
Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	Ekki mælt	78%	
Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	Ekki mælt	92%	
Fjármál			
Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna			
Álagning í sölustarfsemi	61%	50%	50%
Innheimtuhlutfall krafna	98%	98%	99%
Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar			
Fjárhagsáætlun vs. raun %		+/- 1%	+/- 1%

MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

Leiðarljós:

Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og öflugri ferðapjónustu. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútíma-legrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru sé þekkt og virt.




Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	262.179
Rekstrartekjur samtals	262.179
Laun og launatengd gjöld	841.585
Annar rekstrarkostnaður	2.567.019
Rekstrargjöld samtals	3.408.604
Rekstrarniðurstaða	3.146.425

Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna	214
Fjöldi stöðugilda	145,4
Stöðugildi eftir stofnunum	
Borgarbókasafn	74,3
Listasafn Reykjavíkur	21,9
Minjasafn Reykjavíkur	17,2
Höfuðborgarstofa	10,8
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	7,9
Skrifstofa sviðs	5,0
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	5,0
Sérverkefni	2,0
Viðey	1,3

Skipurit



Hlutverk

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, Minjasafns Reykjavíkur, Höfuðborgarstofu og í Viðey. 43% af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins árið 2012.

Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Það annast samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra. 52% af fjárhagsramma sviðsins verður varið til styrkja og samninga um menningar- og listastarfsemi árið 2012.

LESIÐ Í BORG


Megináherslur 2012 - breytingar frá fyrra ári

Lesið í borg er yfirskrift Menningar- og ferðamálasviðs árið 2012. Merkingin er margræð - hvort sem lesið er í borginni eða í borgina.

Í tilefni af hinum nýfengna titli - Bókmenntaborg UNESCO - verður lögð áhersla á orðsins listir og munu ýmis verkefni ársins hvetja á fjölbreyttan hátt til lestrar. Gert er ráð fyrir verkefnum sem ætlað er að höfða bæði til allra borgarbúa — en einnig til sérstakra hópa. Miðlun og fræðsla eru grundvallarþættir jafnt í starfsemi stofnana sviðsins sem þeirrar lista- og menningarstarfsemi sem er studd af Reykjavíkurborg. Sú miðlun er mikilvægur spegill á mörg andlit borgarinnar og menningarinnar sem í henni býr.


Ferðamálastefnan **Styrkar stoðir** byggir á því að lesa og miðla á sannfærandi hátt því sem gerir Reykjavík sérstaka og aðlaðandi heim að sækja. Íbúar og gestir „lesa“ svo í borgina til að skynja og skilja þær sögur sem hún segir. Virkjun **ferðamálastefnunnar** er einmitt eitt af lykilverkefnum ársins. Með stefnunni fylgdi ítarleg aðgerðaáætlun með forgangsriðun sem hlotið hefur samþykki borgarstjórnar og starfað verður eftir undir forystu Höfuðborgarstofu. Sérstakt framlag kemur úr borgarsjóði til eflingar ferða- og ráðstefnumála undir liðnum atvinnumál en flestar aðgerðirnar byggja á nánú samstarfi við breiðan hóp hagsmunaaðila s.s. markaðsverkefnið Ísland allt árið og aðgerðir til að gera Reykjavík að eftir-sótttri ráðstefnu- og viðburðaborg.

Skipting fjármuna 2012



- Stjórnun sviðs
- Stofnanir sviðs
- Styrkir og samstarfssamningar
- Annað

Stofnanir sviðs Skipting fjármuna 2012



- Borgarbókasafn Rvk.
- Listasafn Reykjavíkur
- Minjasafn Reykjavíkur
- Höfuðborgarstofa
- Menningarmiðst. Gerðuberg
- Viðey
- Ljósmyndasafn Rvk.

Rekstur

Starfsemi og rekstur sviðsins litast enn af þröngri stöðu í efnahagslífinu og því er nauðsynlegt að standa vörð um þann árangur sem náðst hefur á umliðnum árum í rekstri MOF auk þess að leita áfram nýrra leiða til aðhalds í útgjöldum. Ljóst er að framlenging verður á ýmsum niður-skurðaraðgerðum síðustu ára og framlög til rekstrar og annarra liða fylgja ekki þróun verðlags.

Jafnframt er lögð áhersla á frekari tekjumyndun. T.d. verður unnið áfram að því að efla Menningarkort Reykjavíkur og leitað leiða til að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna á stofnunum sviðsins. Gert er ráð fyrir að sértekjur sviðsins aukist um 12.5% eða 29,1 m.kr og er sá tekjuauki sambland af hækkun gjaldskrár og annarra liða s.s. styrkja, samstarfsverkefna og útleigu.

Reykjavík var útnefnd ein af **Bókmenntaborgum UNESCO** í ágúst 2011 og er þar með gengin í samstarfsnet Skapandi borga UNESCO.

Markmið Bókmenntaborgarinnar eru þrjúþætt:


- Að halda utan um og kynna allt það mikla starf sem þegar er unnið í þágu bókmennta og orðlistar í Reykjavík
- Að hvetja til nýrra verkefna og samvinnu á sviði orðlistar í borginni
- Að styrkja alþjóðatengsl á sviði orðlistar og taka virkan þátt í samstarfi skapandi borga UNESCO

Afar mikilvægur þáttur í starfi Bókmenntaborgarinnar er að hvetja til samstarfs um nýsköpun og miðlun orðlistar á fjölbreyttan hátt. Hluti af skyldum hennar er einnig að sinna alþjóðatengslum og samstarfsverkefnum með öðrum Skapandi borgum UNESCO. Árið 2012 verður ofangreindum markmiðum fylgt eftir með ýmsum hætti, en æskilegt er að hægt verði að sinna fimm lykilverkefnum á árinu:

- Lestahvetjandi verkefni af ýmsum toga
- Skáld í skólum í samvinnu við Skóla- og frístundasvið og Rit-höfundasamband Íslands
- Bókmenntamerkingar
- OrðUm Reykjavík—vefur og opinn vettvangur fyrir sögur borgar-búa
- Markaðs- og kynningarmál þannig að Bókmenntaborgin Reykjavík verði kynnt bæði innan lands og utan


Einnig verður unnið að stofnun miðstöðvar orðlistar í samvinnu við ráðuneyti og aðra hagsmunaaðila. Vakin er athygli á því að í ramma MOF 2012 er aðeins gert ráð fyrir sömu fjármunum til verkefnisins og voru til ráðstöfunar 2011.

Styrkir og samningar hlutfallsleg skipting 2012



- Leikfélag Reykjavíkur
- Sínfóníuhljómsveit Íslands
- Sjónlístar miðst. á Korpúlfsstöðum
- Listahátíð í Reykjavík
- Framlag til TRH
- Tjarnarbió - sjálfstæðu leikhúsin
- Aðrir styrkir og samstarfssamningar

Skipting gjalda 2012



- Launakostnaður
- Innri leiga húsnæði
- Styrkir og framlög án innri leigu
- Annar rekstarkostnaður

Nýmiðlun. Lögð verður sérstök áhersla á þróun og innleiðingu nýrrar miðlunartækni árið 2012 og sér þess glögg stað í starfsáætlunum allra stofnana sviðsins. Sérstakur verkefnisstjóri nýmiðlunar, sem staðsettur verður miðlægt á sviðinu og mun starfa þvert á allar stofnanir þess mun leiða gerð þróunaráætlunar. Stefnt er að því að menningarstofnanir borgarinnar og Höfuðborgastofa verði til framtíðar í fararbroddi í nýmiðlun og bæti þannig þjónustu sína, kynningu og auki sértekjur.

Barnamenning. Margvíslegt skapandi samstarf og samvinna hefur verið í gerjun á milli og Menningar- og ferðamálasviðs og þeirra sviða sem hlúa sérstaklega að börnum og ungmennum. Stefnt er að því að virkja enn frekar börn og unglina frá 2-16 ára í listrænu starfi og ýta undir sköpunarmátt og frumkvæði, frjóa og gagnrýna hugsun. Verkefnastjóri barnamenningar mun halda utan um kynningar og fræðslu fyrir leikskóla og skóla um menningarframboð fyrir skólabörn, framkvæmd og útfærslu Menningarfánans, heimasíðu, handbók og fræðslufundi um menningarlæsi, menningaruppeldi og listfræðslu fyrir kennara, leikskólakennara og frístundaráðgjafa í samstarfi við menningarstofnanir Reykjavíkurborgar. Barnamenningarhátíð 2012 er ekki fjármögnuð í drögum að fjárhagsáætlun MOF, en fáist til hennar fjármunir mun hátíðin jafnframt byggja á þessum samstarfsgrunni.

Borgarhátíðasjóður verði settur á laggirnar, fáist til þess fjármögnun. Hann hafi þann megintilgang að styðja við fasta árlega viðburði ásamt því að örva nýsköpun í hátíðahaldi í Reykjavík. Sjóðnum verði heimilt að gera samninga til allt að þriggja ára. Stofnun sjóðsins er ein af forgangsaðgerðum Ferðamálastefnu og grundvöllur langtímaskipulagningar og fagmennsku fyrir jafnt viðburðastjórnendur sem ferðapjónustuaðila.

Sérstakar áherslur ráðs vegna styrkja ársins 2012 eru:

- Reykjavík sem bókmenntaborg – borg orðsins.
- Börn og menningaruppeldi.
- Samstarf eininga/stofnana/listgreina/listamanna að nýsköpunarverkefnum.
- Fjölmennigarleg verkefni.

Stærstu framlög í menningarmálum fara til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listahátíðar í Reykjavík, Sjónlistamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum og Sviðslistamiðstöðvar í Tjarnarbíói.

Gildi Menningar- og ferðamálasviðs eru *mannrækt, orka og fagmennska*. Starfsmenn sviðsins hafa lagt fram mikinn fjölda hugmynda um hvernig hægt sé að ýta undir og virkja þessi gildi í starfinu. Aðgerðir sviðsins í starfsmannamálum 2012 byggja m.a. á þeim hugmyndum. Megináhersla verður sem fyrr lögð á hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi, stöðugleika í starfsmannamálum, virka símenntun og góðan starfsanda. Áfram verður lögð áhersla á að virkja starfsmenn í hugmyndavinnu og eftirfylgni með tillögum um bættan rekstur.

Stofnanir sviðsins



Borgarbókasafn Reykjavíkur verður með mörg verkefni er tengjast bókmenntum og lestri ekki síst í samvinnu við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, s.s. lestrarhvetjandi verkefni í samvinnu við skóla, bókmenntamerkingar, rafrænar bókmenntagöngur, OrðUm Reykjavík, leshringi, hádegisspjall um bókmenntir, bóka-kassa á frístundaheimili, kynningar á vinnustöðum og þátttöku í hátíðum ásamt aukinni áherslu á bókmenntavef safnsins. Borgarbókasafn er í sjálfu sér eitt allsherjar lestrarhvetjandi verkefni fyrir alla aldurshópa og verður m.a. reynt að ná til drengja á markvis-san hátt.

Barna- og unglingsstarf verður öflugt með verkefnum eins og Sunnudagar eru barnadagar, Bókaverðlaunum barnanna, ritmiðjum, Ljóðaslamm, skólakynningum ofl.

Next Library er samstarfsverkefni sjö almenningsbókasafna á Norðurlöndum um mótun samnorrænnar framtíðarstefnu almenningsbókasafna. Verkefnið hófst árið 2010, er til þriggja ára og styrkt af Norræna menningarsjóðnum. Safnið mun m.a. nýta þennan vettvang í vinnu sinni við að endurskoða á árinu markmið og leiðir í starfseminni.

Stefnt er að því að til verði samlag almenningsbókasafna í landinu um kaup á rafrænu erlendu efni auk þess sem verið er að vinna með tillögur um aukið samstarf á milli skólabókasafna og almenningsbókasafna í Reykjavík.

Áfram verður boðið upp á fundi fyrir almenning um málefni sem brenna á landsmönnum í líkingu við það sem boðið hefur verið upp á árið 2011.



Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan og vinnur markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á því sviði. Áherslur í ferða- og markaðsmálum 2012 taka mið af nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020, **Styrkum stoðum**, en þar er lagt upp úr áframhaldandi vörubróun og markaðssetningu á fjórum megin sviðum: Vetrarborginni, Menningarborginni, Ráðstefnuborginni og Heilsuborginni.

Samstarfsverkefnið **Ísland allt árið** til þriggja ára, sem Reykjavíkurborg tekur þátt í, hefur það að leiðarljósi að fjölga ferðamönnum utan háannar. Því verður mikil áhersla lögð á öflugt samstarf og kynningu sem hvetur til þess að fleiri ferðamenn sækji Reykjavík heim að vetri til. Að fengnum titlinum Bókmenntaborg UNESCO í ágúst 2011 munu bókmenntatengdar áherslur vera áberandi.

Stefnt er að því að koma á fót samstarfsvettvangi Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu til þess að efla ráðstefnu- og fundahald og alþjóðlega viðburði í borginni.

Vörumerkið **Reykjavík – Pure Energy** hefur verið notað síðan 2004 og verður endurmetið hvort það endurspeglir óbreytt styrkleika borgarinnar og upplifun ferðamanna.

Reykjavík hlaut titilinn IFEA World Festival & Event City Award í október 2011. Viðurkenningin setur ákveðinn gæðastimpil á viðburðahald í borginni. Höfuðborgarstofa mun standa fyrir framkvæmd Vetrarhátíðar/Safnanætur í febrúar, Barnamenningarhátíðar í apríl, Hátíðar hafsins í júní, Menningarnætur í ágúst, viðburðum tengdum Friðarsúlu í október og aðventuviðburðum í nóvember og desember. Unnið verður að frekari samfellu og framþróun þeirra árvissu menningarviðburða, sem laða að jafnt innlenda sem og erlenda gesti. Í því samhengi verður lögð sérstök áhersla á aðgerðir m.a. með þróun snjallsímalausna sem auðvelda gestum aðgengi að upplýsingum um viðburði, dagskrá og miðasölu.



Á **Listasafni Reykjavíkur** verða 25 sýningar á árinu, þar af 7 stórar þema- og yfirlitssýningar, og hátt í 100 sýningatengdir fræðsluviðburðir. Eftir að hafa dregið tíma-bundið úr alþjóðlegum sýningarverkefnum mun safnið standa fyrir markvissu átaki þar sem tveir meistara spænskrar nútímalistar verða kynntir: Antoni Tàpies (f.1923) á Kjarvalsstöðum og Santiago Sierra (f.1966) í Hafnarhúsi. Tàpies er án efa þekktasti núlifandi listamaður Spánar og frumkvöðull sem hefur haft djúpstæð áhrif á þróun myndlistar samtímans. Sierra er í fararbroddi yngri kynslóðar evrópskra listamanna og var m.a. fulltrúi Spánar á Feneyjatvíæringinum 2001. Einnig verður boðið upp á sýningu á byggingarlist norska arkitekta-fyrirtækisins Snøhetta í byrjun árs.

Meðal íslenskra sýninga er Deleríum sjónskynsins (fyrirbærafræði málverksins frá Kjarval til okkar daga), einka-sýning Söru Björnsdóttur og úttekt á ljóðrænni abstraktlist frá 1955-1977.

Áhersla verður lögð á samstarfsverkefni við aðrar menningarstofnanir til að auka umfang sýninga og viðburða á hagkvæman hátt. Fjögur verkefni verða í forgrunni:

Fyrirlestraröð vel þekktra erlendra listamanna, sýningastjóra og gagnrýnenda verður skipulögð í samstarfi við Listaháskóla og KÍM (fjármagnað af bandaríska sendiráðinu). Samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Íslands um viðburði í tilefni af 100 ára fæðingarafmæli John Cage er ætlað að tengja Hafnarhús og Hörpu í hugum fólks um leið og frekari stoðum er rennt undir samstarf safnsins við samtímatónlistarhópa. Umfangsmikið samstarf safna og listamannsrekinna rýma á Listahátíð í Reykjavík með fókus á norræna grasrót mun fylla miðborg Reykjavíkur af norrænum sýningum (sýningarnar eru styrktar af norrænum sjóðum).

Í tilefni af 80 ára afmæli Errós verður unnið að stofnun sérstaks skjalasafns fyrir menningarsögulaga mikilvægar heimildir sem hann hefur gefið safninu.

Áhersla verður á nýmiðlun í kynningu á starfssemi safnsins og íslenskri list. Undir þetta fellur m.a. áframhaldandi þróun samfélagsmiðla í kynningu viðburða, skráning og ljósmyndun á safneigninni (fjármagnað með Evrópustyrk DCA).



Ljósmyndasafn Reykjavíkur stefnir að 14 sýningum í safninu á árinu, í sal, Skoti og fremra rými. Í aðal sýningarrýminu verða í ársbyrjun myndir Charlottu M. Hauksdóttur og Sonju Thomsen. Um sumarið verður sýning Berglindar Björnsdóttir *Kona*. Um haustið verður yfirlitssýning í samvinnu við Ljósmyndasafn Íslands á myndum eftir íslenska kvenljósmyndara 1870-2011.

Ljósmyndasafnið stefnir á að vera með Ljósmyndadaga á Vetrarhátíð í samvinnu við Höfuðborgarstofu og er það innlegg safnsins til verkefnisins **Ísland - allt árið**. Boðið verður upp á ýmsa viðburði sem tengjast ljósmyndun í samstarfi við Félag íslenskra samtímaljósmyndara.

Umtalsvert samstarf verður við Listasafn og Minjasafn Reykjavíkur á árinu og stefnt er að því að opnast fyrir rafrænan aðgang að húsamyndum allra safnanna. Unnið verður áfram að innleiðingu skráningarkerfis Ljósmyndasafns í borgarstofnanir t.d. Borgarbókasafn, Borgarskjalasafn og Höfuðborgarstofu.

Stefnt er á að bæta aðgang viðskiptavina að myndavefnum með því að opna fyrir sölumöguleika beint af vefnum í gegnum vefverslun. Í burðarliðnum er að opna fyrir enn frekari sölumöguleika á erlendri grundu í gegnum blogg og nýmiðla.



Í **Menningarmiðstöðinni Gerðubergi** munu bókmenntatengdir viðburðir setja sterkan svip á viðburðadagskrána. Hallgrímur Helgason, rithöfundur og myndlistarmaður, situr fyrir svörum á Ritþingi og opnar á sama tíma myndlistarsýningu. Bandaríska listakonan Rebecca Goodale sýnir bók-listaverk og heldur bókagerðarsmiðju fyrir hönnuði og handverksfólk. Börnin fá að upplifa heim þjóðsagna í nýstárlegri sýningu þar sem reynt er á öll skilningarvit. Í Safnarahorninu verður sett upp sýning á hlutum sem tengjast bókmenningu og bóklestri og síðast en ekki síst verður haldið áfram með mánaðarlegt Bókakaffi í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur.

Heimisdagur barna verður á dagskrá Vetrarhátíðar og boðið verður upp á leik- og búningasmiðju á Barnamenningarhátíð. Haldið verður áfram með þá nýjung að bjóða upp á dagskrá á miðvikudagskvöldum m.a. um heimspeki, handverk og bókmenntir. Páll á Húsafelli opnar sýningu á verkum sínum og af því tilefni verður boðið upp á dagskrá í samstarfi við Kvæðamannafélagið Iðunni.

Að venju verður boðið upp á leiðsagnir um sýningar og áfram verður mikil áhersla á móttöku leikskóla- og skólahópa á þær sýningar sem höfða sérstaklega til barna.

Gefin verða út þing Gerðubergs þar sem fram komu: Einar Kárason, Kristín Marja Baldursdóttir, Pétur Gunnarsson, Reynir Vilhjálmsson, Rúrí, Steina Vasulka, Steinunn Sigurðardóttir og Þórdís Zoëga. Þingin verða gefin út á rafrænu formi og verða aðgengileg á heimasíðu Gerðubergs.



Minjasafn Reykjavíkur leggur megináherslu sem fyrr á verkefni er lúta að innra starfi, varðveislu, skráningu og rannsóknum, og miðlun sem felur í sér safnfræðslu og sýningar.

Unnið verður að brýnustu viðhaldsverkefnum safnhúsa í Árbæjarsafni. Gert verður við torfveggi safnkirkju og traðir að Árbæ, haldið áfram endurgerð Ívarssels og hafin endurgerð Hansenshúss að innanverðu. Unnið verður áfram að gerð sögulegra garða við safnhúsin.

Sem fyrr verður fjölbreytt starf fyrir börn og fjölskyldur í Árbæjarsafni og í Landnáms-sýningunni. Í anda nýrrar ferðamálastefnu verður vetraropnun í Árbæjarsafni aukin og leiðsagnir í boði fyrir ferðamenn alla daga vikunnar allt árið um kring.

Hafinn verður undirbúningur að gerð nýrrar grunnsýningar í húsinu Lækjargötu 4, þar sem þróun byggðar í Reykjavík verða gerð skil. Sérsýningar í safnhúsum verða nokkrar s.s. verkefni í samstarfi við nemendur í hagnýtri menningarmiðlun við H.Í, við félag málara og í samstarfi fimm íslenskra safna verður sett upp farandsýningin „Snertu jörðina“ sem stendur í Árbæjarsafni sumarið 2012 og kynsir niðurstöður verkefnisins Leikir barna.

Unnið verður að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Samstarf við LUKR landupplýsingarkerfi borgarinnar bætir aðgang almennings að sögu borgarinnar og leiðir jafnframt til vandaðri stjórnsýslu. Fornleifaskráning fer fram í tengslum við deiliskipulagsgerð og framkvæmdir.

Húsaskrá fyrir Kvosina verður endurskoðuð og unnið að skráningu húsamynda með Ljósmyndasafni Reykjavíkur þannig að ná megi heildaryfirliti um sögu og þróun byggðar í elsta hluta borgarinnar. Húsakannanir verða unnar vegna hverfisSKIPULAGS og aðferðir við þá vinnu þróaðar og lagaðar að því skipulagsstigi. Unnið verður með Skipulags- og byggingarsviði að endurskoðun húsverndarstefnu Reykjavíkur sem hluta af endurskoðun aðalSKIPULAGS.



Síðustu ár hefur gestum sem sækja **Viðey** heim fjölgað til muna. Helstu verkefni 2012 miða að því að efla Viðey enn frekar sem áhugaverðan áfangastað Reykvíkinga og ferðamanna. Vönduð viðburðadagskrá mun höfða til gesta á öllum aldri, þar sem sögu og menningu verður fléttað á skemmtilegan hátt við náttúruperluna Viðey. Rafræn miðlun verður í brennidepli, unnið að þróun á vefsvæði Viðeyjar með það að markmiði að gera sögu, náttúru og list í eygni betri skil og aðgengilega í snjallsímum. Í samvinnu við Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur og rekstraraðila ferju verður unnið að ganga grænu skrefin og efla vistvænan rekstur í Viðey. Fyrirhugað er að

setja fram áætlun sem miðar að því að Viðey fái vottun sem grænn áfangastaður.

Listaverkin í Viðey skipa stóran sess í allri kynningu, umfjöllun og dagskrá í eygni. Friðarsúlan - Imagine Peace Tower eftir Yoko Ono hefur vakið heimsathygli og ár hvert fylgjast milljónir manna um heim allan með tendrun verksins í beinni útsendingu á vefsvæði listamannsins. Á árinu verður kannað hvort forsendur séu fyrir að koma upp nk. friðarfræðslusetri í Viðey. Friðarsúlusiglingar eru hvert kvöld frá 9. október til 8. desember auk þess sem boðið verður upp á fræðandi, fjölbreytta og skemmtileg dagskrá.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Borgarbókasafn Reykjavíkur				
Gestafjöldi	698.133	684.987	660.000	670.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	9.437	12.229	11.000	11.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	38	47	40	40
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðaltal á mán)	7.170	9.388	12.000	13.000
Fjöldi uppflættinga á vefi BBS (meðaltal á mán)	48.240	55.102	47.000	47.000
Safnkostur	477.012	469.877	470.000	470.000
Safnkostur á íbúa	3,99	3,95	4	4
Velta safnkosts - útlán á eintak	2,46	2,45	2,35	2,44
Velta safnkosts - tónlist (eingöngu) útlán á eintak	3,5	3,01	3	3
Tölvur fyrir gesti	42	41	41	41
Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku	352	321	327	342
Afgreiðslustundir á ári	18.304	16.693	17.004	17.784
Afgreiðslust. Samstarfssafna í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi á viku	88	83	80	80
Heildarhúsnæði í fermetrum - brúttó	6.726	6.726	6.622	6.622
Útlán	1.176.720	1.152.312	1.120.000	1.150.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	6	6	6	6
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	5	5	5	5
Bókin heim (fjöldi notenda)	85	72	75	80
Útlán á íbúa	9,8	9,7	9,5	9,7
Listasafn Reykjavíkur				
Gestafjöldi	219.306	241.952	200.000	200.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	11.553	13.372	11.500	11.500
Fjöldi viðburða	97	95	112	100
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	7	7	4	8
Útlán listaverka	559	594	610	610
Fjöldi útgáfuverka	24	20	22	16
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	13.872	16.082	16.239	16.300
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	136	137	157	158
Meningarmiðstöðin Gerðubergi				
Gestafjöldi	111.186	115.680	120.000	120.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	1.450	4.468	5.900	3.000
Fjöldi viðburða	51	72	84	59
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	4	1	2	2
Samstarfsaðilar	28	42	42	34
Ljósmyndasafn Reykjavíkur				
Gestafjöldi	31.414	31.143	32.000	33.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	719	481	500	600
Fjöldi viðburða	19	20	25	23
Fjöldi afgreiddra mynda	2.300	2.189	2.800	2.800
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	8	12	5
Fjöldi innlita á heimasíðu	18.836	18.782	19.000	19.000

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Minjasafn Reykjavíkur				
Gestafjöldi	71.974	72.838	69.000	70.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.632	12.969	11.160	11.500
Fjöldi viðburða	50	50	48	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	3	2	1
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	43
Fjöldi útgáfuverka	7	5	4	4
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.150	2.250	2.450	2.700
Fjöldi skráðra húsa í húsakönnunum (ný)	418	290	47	70
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	6.200	10.500	11.500	13.000
Viðey				
Gestafjöldi	20.117	22.860	22.900	26.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	940	1.958	2.200	2.800
Fjöldi viðburða	23	28	22	23
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	1	2	2
Höfuðborgarstofa				
Gestafjöldi á upplýsingamiðstöð	322.846	295.878	314.000	333.000
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	69%	62%	68%	77%
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.meningarnott.is (14.-20. ágúst)			72.042	74.000
Sala á gestakorti (fjöldi korta)*	8.160	8.091	8.000	10.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	502.000	556.301	600.000	650.000
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	348.244	352.011	400.000	428.000
Fjöldi blaðamanna og annarra söluaðila	540	580	600	600
Fjöldi þekkingarheimsókna	59	38	49	
Fjöldi gesta í þekkingarheimsóknum	926	580	393	
Fjöldi fyrirlestra/vettvangsheimsókna í þekkingarheimsóknum	98	56	62	

Skorkort 2012

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2010	Áætlun 2011	Markmið 2012
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	155	120	117
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	45.477	39.620	40.400
Höfðuborg menningar	Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun	62%	77%	77%
	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	33	23	18
	Fjöldi erlendra ferðamanna í skipulögðum heimsóknum á stofnanir sviðsins	4.840	4.555	3.810
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins **	1.465.338	1.371.000	1.452.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	85%	87%	87%
	Fjöldi erlendra ferðamanna til landsins	556.301	550.000	650.000
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	42	13	16
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	-1%	1%	1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest *	890	912	931
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	57	41	41
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma *	-17%	-17%	-19%
Verklag				
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna		90%	90%
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	643.982	801.132	690.300
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	23	20	19
Samstarf og samráð	Fjöldi innlendra samstarfsverkefna ¹	165	156	171
	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	40	28	26
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	7	6	6

Skorkort 2012, frh.

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2010	Áætlun 2011	Markmið 2012
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna		86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi		83%	83%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað		90%	90%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns		90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mán.		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum		80%	80%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum		100%	100%

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi.




Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	877.276
Rekstrartekjur samtals	877.276
Laun og launatengd gjöld	1.830.204
Annar rekstrarkostnaður	1.184.977
Rekstrargjöld samtals	3.015.180
Rekstrarniðurstaða	2.137.904

Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna	240
Fjöldi stöðugilda	231,3
Eftir skrifstofum	
Skrifstofa borgarstjóra	13 ¹
Rekstur Ráðhúss	11
Skrifstofa borgarstjórnar	8
Borgarlögmaður	9
Borgarhagfræðingur	2
Fjármálaskrifstofa	51
Innkaupaskrifstofa	7
Mannauðsskrifstofa	31
Mannréttindaskrifstofa	3 ²
Upplýsingatæknimiðstöð	46
Þjónustuskrifstofa	51
Innri endurskoðun	8

Skipurit



Brotin lína: valdbraut fjölskipaðs stjórnvalds. Heil lína: embættisleg valdbraut. Punkta lína: tengsl

1 Auk þess starfa á skrifstofunni tveir verkefnastjórnar með tímabundna ráðningu í gegnum samning við Vinnumálastofnun.

2 Auk fastráðinna starfsmanna starfa 4 verkefnaráðnir starfsmenn á skrifstofunni.

Hlutverk Ráðhúss Reykjavíkur

Miðlæga stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er að finna í Ráðhúsi Reykjavíkur og Höfðatorgi. Hin miðlæga stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Það er hennar að búa í haginn fyrir kjörna fulltrúa og tryggja aðgang þeirra að gögnum og greiningu til undirbúnings stefnumótunar. Það er jafnframt hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Enn fremur að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirkt upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Hinn 8. september 2011 samþykkti borgarráð breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkur með þeim hætti að stofnað var embætti borgarritara sem hefur yfirumsjón með miðlægrri stjórnsýslu og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar. Undir embætti borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, borgarhagfræðingur, fjármálaskrifstofa, mannauðsskrifstofa, mannréttindaskrifstofa, innkaupaskrifstofa, upplýsingatæknimiðstöð og þjónustuskrifstofa. Ennfremur heyri rekstur Ráðhúss og Höfðatorgs undir embætti borgarritara. Borgarritari tók til starfa hinn 21. október 2011 og hefur nú til skoðunar endurskipulagningu miðlægrar stjórnsýslu. Skipuritið á síðunni á undan lýsir skipulagi miðlægrar stjórnsýslu eins og hún er í dag. Borgarlögmaður og skrifstofustjóri borgarstjórnar heyra beint undir borgarstjóra.

Starfsemi Ráðhúss Reykjavíkur

Eftirfarandi skrifstofur heyra undir Ráðhús Reykjavíkur:

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra, yfirumsjón með miðlægrri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Starfsmenn skrifstofunnar annast skipulagningu viðburða og samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innan og utanlands ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Skrifstofan hefur haft tímabundna yfirumsjón með rekstri Ráðhúss (húsvörslu, ræstingu, upplýsingaþjónustu og mötuneyti) frá áramótum.
- Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og ýmsar aðrar nefndir, sinnir þjónustu við kjörna fulltrúa og fer með ýmis störf því tengdu. Skrifstofan heldur utan um undirbúning og framkvæmd kosninga.
- Borgarlögmaður fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málf lutningur og önnur réttargæsla og samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Skrifstofa borgarlögmanns ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitserðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra og fagsviða og stofnana borgarinnar.
- Skrifstofa borgarhagfræðings ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga og sinnir álitsergjöf um efnahags- og atvinnumál. Skrifstofan leggur fram hagrænar forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og þriggja ára áætlunar. Skrifstofan heldur utan um þjónustukannanir og sinnir auk þess ýmsum hagfræðilegum verkefnum og veitir ráðgjöf þvert á svið borgarinnar.
- Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi og stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald, uppgjör og uppsetningu ársreiknings A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu.
- Innkaupaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkannana. Skrifstofan gætir þess að innkaup Reykjavíkurborgar séu í samræmi við lög og reglur sem um þau gilda.
- Mannauðsskrifstofa hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, hefur forystu um stefnumótun og veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf í þeim efnum. Skrifstofan hefur umsýsningu og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu og kjarasamninga, annast launavinnslu og veitir stjórnendum ráðgjöf um starfsmannamál.
- Mannréttindaskrifstofa vinnur að framkvæmdaáætlun mannréttindamála, eflingu samráðs innan og utan borgarinnar í mannréttindamálum og hefur það hlutverk að standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

- Upplýsingatæknimiðstöð hefur yfirumsjón með upplýsingatæknimálum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja.
- Þjónustuskrifstofa hefur yfirumsjón og gegnir samræmingarhlutverki með framlínubjónustu, vefþjónustu, raf-rænni þjónustu og skjala- og upplýsingaþjónustu. Á þjónustuskrifstofu eru, upplýsinga- og vefdeild, rafræn þjónusta, þjónustuver, Borgarskjalasafn, skjalasafn Ráðhúss og skjalaver Höfðatorgs. Skrifstofan leggur áherslu á umbætur í þjónustu og hagnýtingu upplýsingatækni.
- Innri endurskoðandi heyrir embættismannslega undir borgarstjóra. Með tilliti til faglegs sjálfstæðis skrifstofunnar heyrir starfsemin að öðru leyti undir borgarráð. Innri endurskoðandi fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá sviðum, stofnunum og dótturfyrirtækjum Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs.

Fjárhagsáætlun 2012

Rekstur á miðlægum skrifstofum er áætlaður um 2.138 mkr. Endurskoðuð áætlun 2011 er 1.951 mkr og nemur hækkunin því um 187 mkr í fjárhagsáætlun 2012 miðað við endurskoðaða áætlun 2011. Hækkun skýrist af samningsbundni launahækkun 84 mkr, stofnun upplýsinga- og vefdeildar (flutningur á heimildum stærsti hlutinn) 71 mkr, hækkun á innri leigu 25 mkr og annað 7 mkr.

Skrifstofa borgarstjóra

Fjárhagsáætlun er 155 mkr og hækkar um 4 mkr milli ára eða um 2%. Samningsbundin launahækkun er 5 mkr og aðrir liðir og verkefnatengdir liðir lækka um 1 mkr.

Skrifstofa borgarstjórnar

Fjárhagsáætlun er 241 mkr og hækkar um 14 mkr milli ára eða 6%. Samningsbundin launahækkun er 10 mkr. Annar kostnaður hækkar um 4 mkr.

Borgarlögmaður

Fjárhagsáætlun er 95 mkr og hækkar um 19 mkr milli ára eða 26 %. Samningsbundin launahækkun er 8 mkr. Fjölgað er um 1 stöðugildi á skrifstofunni 9 mkr. Aðkeypt vinna hækkar um 2 mkr.

Borgarhagfræðingur

Fjárhagsáætlun er 19 mkr og hækkar um 4 mkr milli ára eða 27%. Samningsbundin launahækkun er 1 mkr. Reiknað er með endurkomu borgarhagfræðings 1. september 2012, 3 mkr.

Fjármálaskrifstofa

Fjárhagsáætlun er 415 mkr og hækkar um 22 mkr milli ára eða 6%. Samningsbundin launahækkun er 15 mkr. Innri leiga hækkar um 3 mkr og annað um 4 mkr.

Innkaupaskrifstofa

Fjárhagsáætlun er 313 mkr og hækkar um 17 mkr eða 6%. Samningsbundin launahækkun er 8 mkr. Innri leiga hækkar um 9 mkr.

Mannauðsskrifstofa

Fjárhagsáætlun er 281 mkr og hækkar um 20 mkr milli ára eða 8%. Samningsbundin launahækkun er 10 mkr. Innri leiga hækkar um 2 mkr. Ráðinn er starfsmaður á ráðgjafadeild sem frestað var til ársins 2012, 8 mkr.

Mannréttindaskrifstofa

Fjárhagsáætlun er 85 mkr og hækkar um 4 mkr milli ára eða 6%. Samningsbundin launahækkun er 2 mkr. Farið er í ICORN-verkefni (skjólborg um erlendan rithöfund) 2 mkr.

Upplýsingatæknimiðstöð

Fjárhagsáætlun er 0 mkr þ.e. engar fjárheimildir. Tekjur og gjöld falla saman. Samningsbundin launahækkun er 14 mkr. Innri leiga hækkar um 5 mkr. Hvoru tveggja er mætt með auknum tekjum.

Þjónustuskrifstofa

Fjárhagsáætlun er 462 mkr og hækkar um 81 mkr milli ára eða 21%. Samningsbundin launahækkun er 12 mkr. Upplýsinga- og vefdeild kemur ný inn og hækka heimildir um 57 mkr. Ráðinn hefur verið verkefnastjóri á þjónustuskrifstofu 8 mkr. Annar kostnaður er hækkaður á mörgum stöðum um 4 mkr.

Innri endurskoðun

Fjárhagsáætlun er 72 mkr og hækkar um 10 mkr milli ára eða um 17%. Samningsbundin launahækkun er 3 mkr. Ráðinn er nýr starfsmaður í tölvuendurskoðun 7 mkr.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra, fer með yfirumsjón með miðlægrri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Starfsmenn skrifstofunnar annast skipulagningu viðburða og samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaaðila innan og utanlands ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Skrifstofan hefur haft tímabundna yfirumsjón með rekstri Ráðhúss (húsvörslu, ræstingu, upplýsingaþjónustu og mötuneyti) frá áramótum. Skrifstofan hefur haft yfirumsjón með ýmsum breytinga- og þróunarverkefnum ásamt rekstrarúttektum. Þar má nefna undirbúning að stofnun skóla- og frístundasviðs, sameiningu upplýsinga- og vefmála í eina miðlæga deild, endurskipulagningu í Ráðhúsinu í því skyni að efla hlutverk hússins í borgarbrag Reykjavíkur, úttekt á verk- og hverfabækistöðvum, endurskoðun á hlutverki framkvæmda- og eignasviðs, umhverfis- og samgöngusviðs og skipulags- og byggingarsviðs, úttekt á mötuneytismálum á vegum Reykjavíkurborgar og vinnu við ýmsar hagræðingaraðgerðir, m.a. miðlæga hagræðingu. Ennfremur hefur skrifstofan komið að viðburðum á borð við 25 ára afmæli leiðtogafundarins í Reykjavík, undirbúningi að stofnun lýðræðisvettvangsins Betri Reykjavík í samstarfi við upplýsinga- og vefdeild og gerð þjónustukönnunar um starfsemi borgarinnar. Tveir verkefnisstjórar með tímabundna ráðningu vinna að þróun atvinnustefnu og íbúalýðræðisverkefni á skrifstofunni.

Borgarritari tók til starfa á skrifstofunni þann 21. október sl. Áður hafði skrifstofustjóri borgarstjóra annast tímabundna yfirumsjón (frá 1. nóvember 2010) með allri starfsemi Reykjavíkurborgar að undanskilinni starfsemi borgarlögmanns og skrifstofu borgarstjórnar.

Borgarritari hefur yfirumsjón með miðlægrri stjórnsýslu og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar ásamt því að vera staðgengill borgarstjóra. Í samræmi við samþykkt borgarráðs mun borgarritari leiða endurskipulagningu miðlægrar stjórnsýslu á árinu 2012 með það í huga að einfalda og efla miðlæga stjórnsýslu, sameina skrifstofur og ná fram hagræðingu.

Skrifstofa borgarstjórnar

Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, þ.m.t. lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Þá veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar sem og umsjón með framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna borgarráðs um rekstrarleyfi veitingastaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Auk hefðbundinna verkefna tók undirbúningur og framkvæmd kosninga mikið til sín á fyrri hluta ársins 2011 en lcesave-þjóðaratkvæðagreiðslan hin seinni var haldin 9. apríl.

Á árinu 2012 er gert ráð fyrir sambærilegum málafjölda, bæði hjá borgarráði og embættisafgreiðslum og á árinu 2011. Gildistaka nýrra sveitarstjórnarlaga þann 1. janúar 2012 mun hafa það í för með sér að nauðsynlegt verður að endurskoða gildandi samþykktir Reykjavíkurborgar til samræmis við lögin auk þess sem setja þarf nýjar samþykktir m.a. um íbúafundi og íbúakosningar. Unnið verður áfram að því að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar auk þess sem ætlunin er að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Á árinu mun skrifstofan einnig kanna hvort forsendur eru fyrir því að sjónvarpa borgarstjórnarfundum og/eða vista hljóðupptökur þeirra á vef Reykjavíkurborgar.

Borgarlögmaður

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns eru lögfræðilegar álitssgerðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila.

Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning fyrir báðum dómstigum en fjöldi dómsmála hefur aukist um rúman fjórðung milli ára. Sömuleiðis er reiknað með að töluverður tími starfsmanna fari í fyrirsvar gagnvart ýmsum úrskurðaraðilum á stjórnarsýslustigi. Mat á bótagrundvelli skaðabóta er á ábyrgð borgarlögmanns og jafnframt uppgjör bótagreiðslna. Borgarlögmaður gefur álit á bótaskyldu um tjón sem tryggð eru með samningum við tryggingafélög auk þess að gera upp slysabætur á grundvelli kjarasamninga starfsmanna Reykjavíkurborgar eða utan samninga.

Vinna við afgreiðslu bótakrafna á hendur Reykjavíkurborg er stöðugt vaxandi þáttur í starfsemi borgarlögmanns. Er nú svo komið að telja verður að heilt stöðugildi hjá borgarlögmanni fari í vinnu vegna slíkra krafna. Endurskoðun á reglum nr. 1 og 2/90 um skilmála slysatrygginga starfsmanna Reykjavíkurborgar skv. kjarasamningum stendur yfir í samráði við embætti ríkislögmanns og er búist við að þeirri vinnu ljúki í byrjun árs.

Náið samstarf verður við innkaupaskrifstofu vegna nýrra innkaupareglna Reykjavíkurborgar en þeim reglum fylgja ýmis úrbótaverkefni þar sem borgarlögmaður verður til ráðgjafar nú sem endranær.

Skrifstofa borgarhagsfræðings

Skrifstofan ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga og sinnir álitsgjöf um efnahags- og atvinnumál. Skrifstofan leggur fram hagrænar forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og þriggja ára áætlunar. Skrifstofan sinnir auk þess ýmsum hagfræðilegum verkefnum og veitir ráðgjöf þvert á svið borgarinnar.

Borgarhagsfræðingur hefur verið í launalausum leyfi frá 1. september 2010 og verður fram til 1. september 2012. Starfsemi skrifstofunnar hefur eðlilega tekið mið af því en á árinu hefur mikið starf farið fram í tengslum við kjarasamninga. Áfram verður unnið að þróun og uppsetningu tölfræðigrunna um borgina á netið.

Fjármálaskrifstofa

Fjármálaskrifstofa hefur komið að fjölda mikilvægra verkefna á árinu 2011 utan reglubundinna verkefna. Hér má nefna áhættumat og undirbúning aðgerðaáætlunar vegna OR, undirbúning að eigendastefnu OR, undirbúning að uppskiptingu OR, rýningu á rekstri byggðasamlaga (Strætó, Sorpu og Slökkviliðsins) á vegum SSH og rýningu og samræðu við þingnefnd og ráðuneyti um frumvarp að nýjum sveitarstjórnarlögum. Þá hefur vinna tengd yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga verið umtalsverð.

Unnið hefur verið að margvíslegum umbótaverkefnum á árinu. Hæst ber verkefni á sviði rafrænnar stjórnarsýslu. Tekið er á móti rafrænum reikningum frá stærstu birgjum, allir reikningar á milli stofnana borgarinnar eru nú sendir með rafrænum hætti og hafin er útsending rafrænna reikninga til þriðja aðila, þ.e. fyrirtækja. Útsendingu greiðsluseðla til einstaklinga á aldrinum 18-67 ára hefur verið hætt og birtast rafrænir greiðsluseðlar nú í heimabönkum fyrir allar kröfur borgarinnar. Þessar breytingar spara fjármuni og fyrirhöfn, auka skilvirkni og eru umhverfisvænni. Innheimtureglur borgarinnar og styrkjareglur hafa verið í endurskoðun og mikil vinna lögð í endurbætur á vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar af starfshópi skipuðum af borgarstjóra. Gæðastarf skrifstofunnar hefur haldið áfram, unnið að verklagsreglum og verkferlum við uppgjör og tekin var í notkun rafræn rekstrarhandbók. Enn frekari þróun hefur orðið á langtímaáætlunargerð og sviðsmyndagreiningu og er nú verið að skoða hagræn áhrif skipulagsmála og fjárhagsleg áhrif þeirra.

Á árinu 2012 verður lögð áhersla á áframhaldandi vinnu við stefnumótun á sviði fjármálastjórnunar og áhættustefnu fyrir A-hluta borgarinnar.

Áhættustýring: Efling áhættustýringar innan samstæðu Reykjavíkurborgar með greiningum á helstu áhættuþáttum, áhættumati, viðbragðsáætlunum og eflingu innra eftirlits.

Fjárhagsáætlunargerð: Endurskoðun og innleiðing breyttra reglna um gerð fjárhagsáætlunar í samræmi við fyrir- liggjandi tillögur um breytt vinnuferli sem fela í sér verulegar breytingar á tímasetningum við vinnslu fjárhagsá- ætlunar. Áframhaldandi þróun við langtímaáætlunargerð. Endurskoða áætlunarkerfi vegna samstæðuáætlunar Reykjavíkurborgar og samhæfa uppgjörskerfi.

Fjárfstýring: Endurskoða og innleiðing reglna á sviði lána- og lausafjárfstýringar. Áframhaldandi þróun veflausna í Rafrænni Reykjavík fyrir viðskiptamenn og birgja Reykjavíkurborgar. Flutningur svörunar einfaldrá fyrirspurna til símværs. Val og innleiðing á skuldabréfakerfi til að halda utan um kröfur og lán borgarsjóðs.

Uppgjör: Gerð og innleiðing verklagsreglna og verkferla við uppgjör. Hafin innleiðing á uppgjörskerfi og áætlunar- kerfi fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar.

Bókhald: Unnið verður að hagræðingu, afstemmingum og einföldun verkferla og innlestri í Agresso frá öðrum kerfum. Stefnt er að enn frekari fjölgun rafrænna reikninga. Skoðuð verður þörf á uppfærslu Agresso, áhersla lögð á skýrslur og einföldun upplýsinga, námskeið og kennslu á Agresso.

Stjórnendaupplýsingar: Skilgreining á þörfum stjórnenda fyrir stjórnendaupplýsingar m.v. ábyrgð og umfang rekstrar, samhæfa gögn og framsetningu og tryggja aðgengi stjórnenda að rekstrar- og fjárhagsupplýsingum.

Gæðastarf: Opna fyrir aðgang starfsmanna Reykjavíkurborgar að rekstrarhandbók fjármálaskrifstofu og kynna meðal helstu notenda.

Innkaupaskrifstofa

Innkaupaskrifstofa annast öll útboðs- og innkaupamál fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Skrifstofan gætir þess að inn- kaup Reykjavíkurborgar séu í samræmi við lög og reglur sem um þau gilda.

Skrifstofan hefur frumkvæði að stefnumótandi ákvörðunum um innkaupaferli í samvinnu við fagsvið og skrifstofur. Skrifstofan leiðir þróunarstarf í innkaupamálum. Starfið lýtur að skipulagi innkaupa og einföldun innkaupaferla, sem felst m.a. í innleiðingu rannsamninga, rafrænna innkaupa og útboða með þátttöku allra sviða sem stunda innkaup hjá Reykjavíkurborg.

Skrifstofan stendur einnig fyrir skilvirku eftirliti með miðlægum samningum Reykjavíkurborgar sem felst m.a. í verðlagseftirliti með listaverði samningsaðila, eftirliti með verðlagsgrundvelli samninga og fylgni innkaupafólks við samninga. Skrifstofan annast forvöl, útboð, verðfyrirspurnir, innkaup á vörum, þjónustu og verklegar framkvæmdir, gerð samninga og pantana á þessu sviði. Skrifstofan veitir þjónustu, ráðgjöf og fræðslu í tengslum við innkaup og innkaupaaðferðir og sér einnig um þjónustu við Innkauparáð Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2012 verður áfram unnið með hugmyndafræði stefnumiðaðra innkaupa og þróun mælikvarða til setningar árangursmarkmiða í innkaupum. Innkaupastefna Reykjavíkurborgar verður tekin til endurskoðunar og lokið verður við vinnu við gerð siðareglna fyrir birgja. Gæðaeftirlit með útboðsgögnum verður styrkt. Tilraunaverkefni um rafrænt innkaupakerfi mun ljúka á árinu og þá mun skrifstofan halda áfram þátttöku í Eco Procura+ verkefninu. Unnið verður með Umhverfis- og samgöngusviði við að framfylgja stefnumótun um vistvæn innkaup.

Mannauðsskrifstofa

Mannauðsskrifstofa hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, forystu um stefnumótun og nýsköpun á sviði starfsmannamála og veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf í þeim efnum. Hún hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd og útfærslu starfsmannastefnunnar og kjarasamninga, annast launaafgreiðslu, er í forsvari fyrir Reykjavíkurborg gagnvart stéttarfélögum, veitir stjórnendum ráðgjöf og upplýsingar um starfsmannamál, og hefur virkt samráð við starfsmannastjóra fagsviða. Skrifstofan skiptist í tvær deildir, launadeild og ráðgjafadeild.

Ráðgjafadeild ber m.a. ábyrgð á rekstri og þróun Mannauðs- og launakerfis og undirkerfum þess, VinnuStund og VinnuUmsókn, annast túlkun vinnuréttar og kjarasamninga, annast starfsmat, framkvæmir viðhorfskannanir meðal allra starfsmanna og árangursmælingar í starfsmannamálum. Launadeild sinnir m.a. mánaðarlegri launavinnslu, launakeyrlum og ráðgjöf til stjórnenda, auk kynninga og námskeiða vegna VinnuStundar og innleiðingar hennar.

Meðal sérstakra verkefna síðasta árs voru kjarasamningar við alla viðsemjendur borgarinnar, íslenskukennsla fyrir starfsmenn af erlendum uppruna, stjórnendafræðsla og atvinnuátaksmál. Á árinu 2012 verður lögð sérstök áhersla á að flétta verkefni og viðfangsefni starfsmannamála við hagkvæman og markvissan rekstur borgarinnar og þær skipulagsbreytingar sem fyrirhugaðar eru.

Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofu ber að vinna með mannréttindaráði og fylgja eftir ákvörðunum þess. Einnig ber skrifstofunni að fylgja eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við mannréttindaráð, efla samráð innan borgarinnar í þeim málum sem stefnan nær til, eiga samvinnu við félagasamtök og önnur sveitarfélög í málum sem stefnan nær til, eiga samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á sviðunum, eiga frumkvæði að verkefnum og standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Auk starfsmanna mannréttindaskrifstofu starfa mannréttindafulltrúar með skrifstofunni en hvert svið borgarinnar tilnefnir einn mannréttindafulltrúa.

Upplýsingatæknimiðstöð

Árið 2011 gekk út á að þetta þjónustu og nýta betur þann upplýsingatæknibúnað sem Reykjavíkurborg er með í notkun, vottað gæðakerfi UTM hefur verið styrkt og sjálfvirkni við notendapjónustu aukin. Þar sem tölvubúnaður hefur ekki verið endurnýjaður í takt við þörf, vegna hagræðingaraðgerða, hefur farið aukin vinna í að bregðast við bilunum og öðrum rekstrartruflunum.

Starfsemi UTM hefur vaxið með yfirtöku á notendapjónustu við 40 búsetukjarna fatlaðra og aukna notendapjónustu í skólum. 70% skóla eru nú í þjónustu UTM og innan árs er gert ráð fyrir að allir skólar verði komnir í þjónustu. Windows 7 væðingu borgarinnar, og þar með íslenskuvæðingu notendaviðmóts, lýkur veturinn 2011 - 2012 ásamt því að taka upp eitt tölvupóstkerfi fyrir alla starfsemi Reykjavíkurborgar. Mikilvægir áfangar eru að baki við rafvæðingu viðskipta borgarinnar, en hún hefur verið leiðandi í nýtingu á rafrænum reikningum á Íslandi. Haustið 2011 mun ljúka vinnu við stefnumótun um „Nýtingu upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg“

Fjöldmörg grundvallarverkefni í upplýsingatækni eru til umfjöllunar í henni svo sem sameining og samtvinnun mála-skráa Reykjavíkurborgar, bætt aðgengi að málum einstaklinga og fyrirtækja fyrir starfsmenn og borgara, skýrari stefna um nýtingu á opnum og frjálsum hugbúnaði, nýting á spaldtölvum í rekstri og fræðslu og margt fleira.

Stefnan „Nýting upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg“ verður vegvísir fyrir borgina og verða mörg verkefni sem þar koma fram unnin á árinu 2012 og/eða sett í farveg fyrir komandi ár.

Þjónustuskrifstofa

Framlínubjónusta Þjónustuskrifstofa er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínubjónustu. Þjónustuver Reykjavíkurborgar þjónustar íbúa í gegnum allar samskiptagáttir: vef, síma og augliti til auglitis. Stefnt er að enn frekara samráði við fagsvið og skrifstofur borgarinnar um þjónustu við borgarbúa með það að markmiði að ná fram aukinni skilvirkni og hagræðingu í þjónustuveitingu.

Skjalamál Borgarskjalasafn Reykjavíkur mótar og setur reglur um skjalastjórn borgarstofnana og fyrirtækja í meirahlutaeign borginnar og hefur eftirlit með skjalastjórn þeirra. Safnið tekur jafnframt við skjölum einkaaðila og stuðlar að varðveislu á sögu borgarinnar. Á næsta ári verður áhersla Borgarskjalasafns á innra starf, eftirlit með skjalavörslu stofnana og undirbúningi að rafrænni langtímavistun. Auk hefðbundinna starfa skjalavers á Höfðatorgi og skjalasafns Ráðhúss verður áfram unnið að því að samræma verkferla, málalykla og skjalavistunaráætlanir við handbók Þjóðskjalasafns um skjalavistun sveitarfélaga.

Upplýsinga- og vefmál Með tilflutningi upplýsingafulltrúa var stofnuð sameiginleg upplýsinga- og vefdeild á árinu 2011. Deildin hefur með höndum samskipti við fjölmiðla, almannatengsl, kynningarmál, þróun vefja borgarinnar þ.m.t. reykjavik.is ásamt notendaviðmóti Rafrænnar Reykjavíkur. Deildin ber einnig ábyrgð á og stýrir verkefninu EGOV4U sem er evrópskt samstarfsverkefni um bætt aðgengi minnihlutahópa að rafrænni þjónustu, styrkt af Evrópusambandinu (ESB) en verkefnið teygir anga sína víða um borgarkerfið. Þróun og undirbúningur samráð vettvangs við íbúa, Betri Reykjavík, var á ábyrgð deildarinnar í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi heyrir embættislega undir borgarstjóra. Með tilliti til faglegs sjálfstæðis skrifstofunnar heyrir starfsemin að öðru leyti undir borgarráð. Innri endurskoðandi fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá sviðum, stofnunum og dótturfyrirtækjum Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun hjá Aðalsjóði, Eignasjóði og félögum sem borgin á helmingshlut í eða meira. Í þeim tilvikum sem innri endurskoðunardeild starfar innan slíkra félaga er haft eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi. Innri endurskoðun leitast við að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styðja borgaryfirvöld þannig í því að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðun er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun og meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Meðal annars kemur skrifstofan með ábendingar varðandi innra eftirlit og um aðgerðir sem auka skilvirkni borga kerfisins.

Endurskoðunaráætlun sem lögð er fram til samþykktar í borgarráði byggir á vali og forgangsröðun verkefna á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð endurskoðunaráætlunar er haft samráð við kjörna fulltrúa og æðstu stjórnendur Reykjavíkurborgar. Á árinu 2012 verður lögð sérstök áhersla lögð á innkaupaftirlit og skoðun á mikilvægum fjárhag legum ferlum. Áformað er að gera úttekt á á fyrirkomulagi innra eftirlits gagnvart upplýsingakerfum m.a. m.t.t. öryggis gagna, aðgreiningar starfa og aðgengismála. Haldið verður áfram með innleiðingu heildræns áhættumats á sviðum og skrifstofum m.t.t. styrkingar miðlægs eftirlits. Þá verður í samræmi við áherslur staðla sem Innri endurskoðun vinnur eftir lagt mat á eftirlitsumhverfi borgarinnar með því að fara yfir stöðu stjórnarháttanna, áhættustýringar og innra eftirlits.

Lykiltölur

	2009	2010	2011	Áætlun 2012
Skrifstofa borgarstjóra				
Stjórnsýsluerindi	1.847	2.150	1.550 ¹	2.100
Þar af til borgarráðs	545	436	382 ¹	500
Fréttatilkynningar	107	99	92 ²	100
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	5	106	96 ³	100
Móttökur	56	41	42 ²	40
Innkaupaskrifstofa				
Fjöldi útboða	62	71	50 ⁴	70
Fjöldi verðkannana / örútbóða / annað	71	92	85 ⁴	90
Fjöldi miðlægra samninga	46	57	67 ⁴	70
Fjöldi birgja í miðlægum samningum	86	101	172 ⁴	175
Fjöldi fræðslufunda um innkaupamál	140	120	80 ⁴	90
Fjöldi funda innkauparáðs	31	29	20 ⁴	25
Fjöldi erinda innkauparáðs	112	70	70 ⁴	90
Upplýsingatæknimíðstöð				
Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma	78%	72%	76%	78%
IP símtæki	2.050	2.200	2.200	2.250
Diskanotkun	24.0 TB	60.0 TB	75.0 TB	90.0 TB
Þjónustuskrifstofa				
Vefur - vikulegt innlit	35.222	40.147	45.000 ⁵	50.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	210.399	233.783	220.000 ⁵	240.000
Rafræn Reykjavík – fjöldi umsókna	28.000	37.127	40.000 ⁵	42.000
Rafræn Reykjavík – fjöldi notenda	31.000	37.266	40.500 ⁵	42.000
Borgarskjalasafn – hillumetrar af mótteknum skjölum	250	250	200 ⁵	250
Borgarskjalasafn – fjöldi fyrirspurna	1.660	1.734	1.650 ⁵	1.650
Þjónustuver – fjöldi símtala	226.350	212.017	213.000 ⁵	220.000
Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsókna	*	45.977	50.000 ⁵	50.000
Borgarlögmaður				
Dómsmál⁶				
Lokið í nóvember	43	42	68	
Í rekstri nóvember	24	38	37	
Samtals	65	80	106	
Þar af fyrir Velferðarsvið	32	45	45	
Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum				
Vísað annað	14	7	4	
Hafnað	4	4	14	
Fullnaðaruppgjör bóta	17	17	31	
Í vinnslu ⁷	7	36	43	
Samtals greiddar bætur, kr.	14.459.665	11.959.051	23.591.415	

1) Til og með 17. október 2011

2) Til og með 19. október 2011

3) til og með 21. október 2011

4) Til og með 25. október 2011

5) Útkomuspá 2011

6) M.v. 12 mánaða tímabil, frá nóvember - nóvember

7) M.v. 12 mánaða tímabil, frá nóvember - nóvember. Lokauppgjör geta dregist milli ára vegna úrvinnslu gagna, s.s. matsgerða.

ÖNNUR ÚTGJÖLD

Undir liðinn önnur útgjöld á sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindingar og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 415 mkr. Þar af eru 310 mkr vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum, styrkir borgarráðs 30 mkr, stykur til Kirkjubýggingasjóðs 11,5 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur 64,5 mkr.

Sérstök framlög til atvinnumála eru áætluð 240 mkr. Gert er ráð fyrir að nota þessa fjármuni til að að verja sumarstörf og stuðla að atvinnuátaki meðal atvinnulausra.

Rekstur miðlægra bókhalds- og launakerfa er áætlaður 103 mkr. Auk þess er vistað sérstakt framlag til endurnýjunar á tölvubúnaði 100 mkr til að takast á við nauðsynlega endurnýjun búnaðar hjá stofnunum borgarinnar.

Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 404 mkr. Innheimtukostnaður staðgreiðslu nemur 0,5% útsvarstekjum og greiðist til ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins og nemur áætlun 241,5 mkr. Kostnaður vegna fasteignamatsskrár er jafnframt hlutfall af fasteignasköttum og nemur áætlun 111 mkr. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 52 mkr.

Slysabætur eru áætlaðar 32,4 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 32 mkr. Þá gerir frumvarp að fjárlögum ráð fyrir að tryggingagjald muni lækka úr 8,65% í 7,79% og má ætla að bein áhrif þess á launakostnað borgarinnar nemi um 275 mkr auk óbeinna áhrifa um 21 mkr.

Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 600 mkr í áætlun ársins 2012. Síðustu þrjú ár hafa reynst borginni hagfelld er varðar breytingu lífeyrisskuldbindingar og hefur verið tekjufærsla í stað gjaldfærslu 2008, 2009 og 2010. Það má rekja til þess að stór hluti af söluandvirði hlutar borgarinnar í Landsvirkjun var lagður í formi skuldabréfs ríkissjóðs inn í Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Tryggingafræðileg athugun í tengslum við gerð ársreiknings 2011 og 2012 mun leiða í ljós útgjaldabörf vegna breytinga á lífeyrisskuldbindingum A-hluta.

Ýmis kostnaður fyrir utan liðinn ófyrirséð er áætlaður 437 mkr, þar af er hluti af leigu Ráðhúss og innri leigu tækja og áhalda 281 mkr.

Tekið hefur verið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 391 mkr sem eru til þess að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála.

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Leiðarljós:

Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf



Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012			
	Leikskóla- hluti	Grunn- skólahluti	Frístunda- hluti	Samtals
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	-1.448.685	-1.702.980	-581.769	-3.733.434
Rekstrartekjur samtals	-1.448.685	-1.702.980	-581.769	-3.733.434
Laun og launatengd gjöld	7.535.867	11.756.976	1.760.699	21.053.542
Annar rekstrarkostnaður	4.006.863	8.526.838	626.952	13.160.654
Rekstrargjöld samtals	11.542.730	20.283.814	2.387.651	34.214.195
Rekstrarniðurstaða	10.094.045	18.580.834	1.805.882	30.480.761

Starfsmenn	1. okt. 2011	Áætlun 2012
Fjöldi starfsmanna	4.466	4.673
Fjöldi stöðugilda	3.741,3	3.840,5
Stg. í leikskólum, áætlun 2012	1.373	1.452
Stg. í grunnskólum	1.941	1.941
Stg. í frístundastarfi	326	347,9
Stg. Námsflokka, Skólasafnamiðstöð og skólahljómsveita	32,3	36*
Stöðugildi skrifstofu	69**	63,6

*Fjölgun vegna breytinga í kjölfar nýrra kjarasamninga tónlistarskólakennara og nýrra verkefna NR

**Stöðugildi í upphafi árs

Skipurit

Tillögu að skipuriti bar að skila til stjórnkerfisnefndar fyrir 1. nóvember 2011, skv. samþykkt um stofnun Skóla- og frístundasviðs. Henni hefur verið skilað og er gert ráð fyrir að stjórnkerfisnefnd afgreiði málið fyrir lok nóvember.


Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.


Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Skipting rekstrar 2012


Leikskólahluti 2012



Grunnskólahluti



Frístundahluti 2012



Megináherslur 2012 - breytingar frá fyrra ári

Þann 12. september 2011 varð skóla- og frístundasvið til við samruna Leikskólasviðs, Menntasviðs og tómstundahluta Íþróttá- og tómstundasviðs. Undir sviðið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila. Einnig hefur sviðið umsjón með daggæslu í heimahúsum, Námsflokkum Reykjavíkur, skólasafnamiðstöð og skólahljósveitum. Jafnframt hefur sviðið umsjón og/eða eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Skóla- og frístundasvið hefur einnig umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum í tengslum við sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf.

Markmiðin með stofnun skóla- og frístundasviðs eru:

- Að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra.
- Að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar og auka þverfaglegt samstarf.
- Að efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri starfseininga.

Á skóla- og frístundasviði munu leikur, nám og frístund sitja við sama borð. Þar eiga sérsvið og sérkenni hvernar hugmyndafræði að blómstra en jafnframt verður gerð rík krafa um þverfaglegt samstarf fagfólks. Á grundvelli samstarfs ólíkra fagstétta skapast tækifæri til fjölbreyttari menntunartækifæra og frístundastarfs fyrir börn og ungmenni. Samstarfið byggir á trausti aðila og virðingu fyrir mismunandi gildum, ólíkri hugmyndafræði og mismunandi aðferðum til uppeldis og menntunar. Á skóla- og frístundasviði verða börn og ungmenni í brennidepli og öll þjónusta tekur mið af því.

Starfs- og fjárhagsáætlun sviðsins endurspeglar þessar nýju áherslur. Áhersla verður lögð á sterka sjálfsmynd og samskiptafærni barna og ungmenna og að þau finni fyrir öryggi, vellíðan og gleði. Í gegnum starfið eiga þau að öðlast víðtæka þekkingu og færni og ná árangri. Jafnframt verður lögð áhersla á að börn og ungmenni séu samfélagslega ábyrg, virk og víðsýn. Starfið á að vera við hæfi hvers og eins og án aðgreiningar. Mikið verður lagt upp úr samstarfi við foreldra, börn, og nærsamfélagið. Það á ekki síst við um það stóra verkefni sem framundan er hjá starfsstöðum skóla- og frístundasviðs við að þróa nýjar aðferðir til að auka flæði milli skólastiga, námsgreina/sviða og skóla og frístundastarfs. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á að tilrauna- og umbótastarf byggji á rannsóknum og árangur verði metinn.

Stjórnun á Skóla- og frístundasviði á að vera framsækin og fagleg og þar á markvisst að vinna með dreifingu valds og ábyrgðar. Starfsumhverfið á að vera eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi og áhersla er lögð á heilsu-eflingu á starfsstöðum. Allir starfsmenn hafa tækifæri til símenntunar og áhersla verður lögð á að kynna störf innan sviðsins fyrir ungu fólki sem er að velja sér starfsvettvang. Í þessu nýja umhverfi verður byggt á þverfaglegu samstarfi þar sem fólk í leik-, grunnskóla og frístundastarfi myndar lærdómssamfélag þar sem þekkingin flæðir innan og á milli starfsstaða. Lögð verður áhersla á að bjóða upp á umhverfi sem hæfir fjölbreyttu starfi sviðsins með betri nýtingu á húsnæði, að samræma upplýsinga og samskiptatækni og hagkvæma nýtingu fjármagns.

Fjármál

Fjárhagsáætlun Skóla- og frístundasviðs er áætluð með sama hætti og fjárhagsáætlanir Leikskólasviðs, Menntasviðs og frístundahluta ÍTR hafa verið áætlaðar. Þetta vinnulag er viðhaft einkum af tveimur ástæðum, annars vegar vegna þess að skipurit fyrir skóla- og frístundasvið liggur ekki fyrir og hins vegar til að auðvelda gegnsæi og samanburð á milli ára. Þegar skipurit fyrir sviðið liggur fyrir verður fjárhagsáætlun aðlöguð til samræmis.

Skóla- og frístundasvið mun hér eftir sem hingað til nýta þau tækifæri sem gefast á árinu 2012 til skipulagsbreytinga, betri nýtingar húsnæðis, sameininga í yfirstjórn stofnana og samlegðaráhrifa í rekstri á nýju sviði.

Leikskólahluti

Í upphafi árs 2011 voru leikskólar borgarinnar 75 talsins en 1. júlí fækkaði þeim í 62 vegna sameininga. 1. ágúst varð leikskólinn Mýri borgarrekin en hafði fram að þeim tíma verið sjálfstætt starfandi leikskóli. 1. janúar 2012 sameinast leikskólinn Kvarnarborg og Ártúnsskóli. Á árinu 2012 verða því 62 borgarreknir leikskólar, auk tveggja sameinaðra leik- og grunnskóla. Fjöldi sjálfstætt starfandi leikskóla verður 18. Áætlað er að á árinu 2011 verði samtals 7.043 börn í leikskólum í Reykjavík, 5.981 verði í borgarreknnum leikskólum, þar af 130 í sameinuðum leik- og grunnskólum og 1.062 börn verði í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Áætlað er að fjöldi dagforeldra verði yfir 200 og gert er ráð fyrir að þar dvelji að jafnaði 880 börn.

Stöðugildafjöldi í yfirstjórn LSR var áætlaður 30 á árinu 2011 og hafði þá lækkað úr 32 stöðugildum árið 2010. Á árinu 2012 er stöðugildafjöldinn áætlaður 26,6.

Breytingar í fjárhagsáætlun

Velta Leikskólasviðs / leikskólahluta skóla- og frístundasviðs á árinu 2011 nam rúmum 10,6 milljörðum króna. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að útgjöld verði rúmir 11,5 milljarðar króna sem er hækkun um einn milljarð. Hækkunin stafar í meginatriðum af hækkunum kjarasamninga, hækkun innri leigu og heilsársáhrifum af fjölgun leikskólaplássa haustið 2011.

Fjárhagsáætlun 2012 hækkar um 1 milljarð kr. Við ákvörðun fjárheimilda var fjárhagsrammi 2011 lagður til grundvallar en hækkun vegna kjarasamninga, vísitöluhækkana innri leigu auk hækkunar vegna viðbótarhúsnæðis.

Heilsársáhrif af hagræðingaraðgerðum sem farið var í á árinu 2011 skila sér í lækkuðum útgjöldum árið 2012, stærstu liðirnir eru afnám afsláttar vegna elsta árgangs leikskólabarna og afnám þjónustutryggingar til foreldra ungra barna. Þessar breytingar gefa svigrúm til að hækka fjárheimildir einstakra útgjaldaliða.

- Launahækkunir í samræmi við kjarasamninga. Fjárheimildir allra leikskóla og annarra starfsstöðva hækka auk þess sem fjárheimildir potta (sérkennslupottur, langtímaveikindi, fjármagn vegna barna af erlendum uppruna), hækka sem nemur kjarasamningsbundnum launahækkunum.
- Hækkun á framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla (SSSK) til samræmis við hækkunir í borgarreknnum leikskólum. Um er að ræða bráðabirgðamat enn sem komið er, enda byggir framlag til SSSK á áætluðum meðal raunkostnaði vegna barna í borgarreknnum leikskólum. Sú tala liggur ekki endanlega fyrir fyrr en fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt.
- Leikskólinn Mýri er nú rekinn af Reykjavíkurborg og því er hann áætlaður með borgarreknnum leikskólum í stað SSSK áður.

- Fjöldi leikskólalássa í SSSK er 1100 skv. samningum sem gerðir hafa verið við rekstraraðila. Þar sem nokkrir rekstraraðilar hafa ekki fullnýtt öll leikskólalássin fyrir reykvísk börn undanfarin ár er áætlaður fjöldi barna minnkaður um 38 pláss. Fjármagnið sem sparast (52,25 mkr) er flutt yfir til sjálfstætt starfandi grunnskóla til að mæta fjölgun barna þar. Ef allir sjálfstætt starfandi leikskólar fullnýta leikskólalássin á næsta ári verða rekstrarstyrkir hærrí en áætlað er.
- Hækkun á framlagi til dagforeldra um 10% (40 mkr). Á móti kemur að gert er ráð fyrir 12% færri börnum 2012 en áætlað var 2011 auk þess sem meðalgreiðsla pr. barn fyrstu níu mánuði ársins 2011 er tæplega 3 þús. kr. lægri en meðalgreiðsla pr. barn fyrstu níu mánuði ársins 2010, tekið er tillit til þessa og áætluð greiðsla pr. barn lækkuð samsvarandi. Meðalgreiðslan hverju sinni sveiflast eftir hjúskaparstöðu foreldra, fjölda námsmanna og vistunartíma.
- Innri leiga allra stofnana hækkar skv. verðlagsbreytingum í samræmi við útreikninga eignasjóðs.
- Hækkuð innri leiga vegna flutnings yfirstjórnar úr Miðbæjarskóla í Höfðatorg (15 mkr)
- Hækkun fjárheimilda vegna langtímaveikinda starfsfólks (25 mkr)
- Hækkuð fjárheimild til hráefniskaupa/fæðiskaupa í leikskólum vegna hækkandi verðlags (25 mkr)
- Hækkuð fjárheimild til kaupa á hlífðarfatnaði starfsfólks í samræmi við ákvæði kjarasamnings (2 mkr)
- Hækkuð fjárheimild vegna starfsþróunar og samstarfsverkefna (11,8 mkr)
- Eftirlit með greiðslum styrkja og framlags, gert ráð fyrir hlutastöðugildi en ráðgert að verkefnið skili hagræðingu og því verði ekki um eiginlegan viðbótarkostnað að ræða (laun hækka en framlag lækka). Auk þess er gerð breyting á framkvæmd faglegs eftirlits með dagforeldrum, í stað þess að kaupa eftirlitið af verk-taka verður það framkvæmt af starfsmanni SFS.
- Þjónustutrygging til foreldra ungra barna var afnumin 1. apríl sl.
- Gerð er breyting á úthlutun til sérkennslustjórnunar í leikskólum í samræmi við nýjar úthlutunarreglur sérkennslu í leikskólum. Í stað þess að úthluta 0,5% stöðugildi sérkennslustjóra pr. barn í hvern og einn leikskóla í gegnum launalíkan er úthlutað 0,25% stöðugildi sérkennslustjóra pr. barn í hvern og einn leikskóla í gegnum launalíkanið. Mismunurinn sem nemur 14,5 stöðugildum fer til hækkunar á sérkennslupotti og verður úthlutað þaðan sem stöðugildi sérkennslustjóra til þeirra leikskóla sem hafa mesta sérkennslupörf. Þetta þýðir lækkun á úthlutun launalíkans um 70 mkr og hækkun á sérkennslupotti um sömu fjárhæð.
- Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna heilsársáhrifa af fjölgun leikskólalássa haustið 2011 fyrir börn fædd 2009.
- Gert er ráð fyrir að neyslulé lækki í áföngum
- Óvissa er um endanlega tölu fyrir þörf um leikskólaláss barna sem fædd eru 2010. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að börnin verði jafn mörg þeim börnum sem fara í 1. bekk grunnskóla haustið 2012. Ef barnafjöldinn reynist meiri er gert ráð fyrir að óskað verði eftir aukafjárveitingu úr borgarsjóði.
- Vakinn er athygli á því að almennt eru kostnaðarþættir ekki hækkaðir til samræmis við vísitöluhækkanir. Þetta er áhættuþáttur, ekki síst á liðum sem hafa hækkað mikið.

Enn er byggt á bráðabirgðaútreikningum á nokkrum kostnaðarstöðum og því verða einhverjar breytingar á fjárhæðum einstakra kostnaðarstaða og einstakra kostnaðarlykla á milli umræðna.

Breytingar á leikskólagjöldum:

Í tillögu borgarstjóra að rammaúthlutun fyrir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir auknum gjaldskrártækjum borgarinnar sem tekur mið af því að gjaldskrár borgarinnar haldi í við verðlagsþróun. Leikskólagjöld hækka um 12,58% frá fyrra ári, auk þess hækka tekjur vegna heilsársáhrifa vegna þess að afsláttur af leikskólagjöldum vegna elsta árgangs leikskólabarna var afnumin 1. sept. 2011 (40 mkr). Gert er ráð fyrir óbreyttum afsláttarflokkum og afsláttarkjörum.

Grunnskólahluti

Alls voru 39 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg haustið 2011 (37 almennir og 2 sérskólar) með um 13.375 nemendum. Jafnframt rekur borgin fjórar skólahljómsveitir, tónlistarskóla á Kjalarnesi og Námsflokka Reykjavíkur. Hjá Námsflokkum Reykjavíkur stunduðu 252 manns nám á árinu 2011. Allir þessir nemendur fengu náms- og starfsráðgjöf og fjölmargir aðrir sem leituðu til Námsflokkana. Samanlagður fjöldi viðtala hjá námsráðgjöfum var rúmlega 1.480 á árinu. Sex sjálfstætt starfandi grunnskólar með um 508 nemendum hlutu fjárframlög frá borginni árið 2011. Í apríl 2011 samþykkti borgarráð að sameina sex grunnskóla í þrjá. Auk þessa var samþykkt að Ártúnsskóli myndi sameinast leikskólanum Kvarnaborg ásamt frístundaheimilinu Skólaseli. Einnig var samþykkt að Norðlingaskóli tæki að sér rekstur frístundaheimilisins Klapparholts frá og með haustinu 2011. Einnig samþykkti borgarráð sameiningu Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla í Klettaskóla.

Stöðugildafjöldi í yfirstjórn MSR var áætlaður 31 á árinu 2011 og hafði þá lækkað úr 32 stöðugildum frá árinu á undan. Á árinu 2012 er stöðugildafjöldinn áætlaður 29.

Reykjavíkurborg er með þjónustusamninga við 18 tónlistarskóla og greiðir með um 2.500 nemendum, 717 m.kr. á árinu 2011. Til viðbótar greiðir jöfnunarsjóður sveitarfélaga vegna nemenda í framhaldsnámi og nemenda í miðnámi í söng.

Breytingar í fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun 2012 hækkar um 1.204 mkr frá endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011. Við ákvörðun fjárheimilda var fjárhagsrammi 2011 lagður til grundvallar en tekið tillit til hækkunar vegna kostnaðaráhrifa kjarasamninga, vísitöluhækkana innri leigu auk hækkunar vegna viðbótarhúsnæðis. Eftir stendur 116 m.kr. hagræðingarkrafa frá árinu 2011 sem SFS mun ná á árinu 2012 með frekari skipulagsbreytingum, betri nýtingu húsnæðis og samlegðaráhrifa í rekstri á nýju sviði.

Ágreiningur er á milli Samband Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands um túlkun á biðlaunarétti kennara og stjórnenda grunnskóla. Því er óvissa um endanlega fjárhagslega útkomu vegna breytinga í rekstri grunnskóla.

Á árinu 2011 var farið í veigamiklar aðgerðir til að nýta skólahúsnæði betur og þar með lækka húsnæðiskostnað grunnskólanna. Markmiðið var að ná hagræðingu upp á 160 mkr á ársgrundvelli. Á árinu 2011 koma inn hálfis árs áhrif af þessari aðgerð, að upphæð 81 mkr, en á árinu 2012 verður markmiðinu náð.

Í tillögu borgarstjóra að rammaúthlutun fyrir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir auknum gjaldskrártækjum borgarinnar sem tekur mið af því að gjaldskrár borgarinnar haldi í við verðlagsþróun. Gjaldskrá mótuneyta grunnskólanna mun hækka þannig að verð pr. máltíð fer úr 275 kr. í 310 kr. eða úr 5.500 kr. á mánuði í 6.200 kr. Gjaldsskrá skólahljómsveita breytist á þann hátt að gjald fyrir grunnnám hækkar úr 22.500 kr. í 25.500 kr. og gjald fyrir miðnám hækkar úr 37.500 kr. í 42.500 kr.

Heilsársáhrif af hagræðingaraðgerðum tengdum gjaldskrá og þjónustutryggingu sem farið var í á árinu 2011 hjá LSR skila sér í lækkuðum útgjöldum árið 2012. Hluti þessa fjármagns verður notaður til að mæta lækkuðum kostnaði vegna fjölgunar nemenda í sjálfstætt reknum grunnskólum .

- Launahækkanir í samræmi við kjarasamninga. Fjárheimildir allra grunnskóla og annarra starfsstöðva hækka auk þess sem fjárheimildir potta (sérkennslupottur, langtímaveikindi, nýbúakennsla), hækka sem nemur kjarasamningsbundnum launahækkunum.
- Hækkun á framlagi til sjálfstætt rekinna grunnskóla (125 mkr). Hækkuninni er mætt með rekstrarafgangi vegna sjálfstætt rekinna leikskóla.
- Hækkun á fjármagni vegna langtímaveikinda starfsfólks (5 mkr)
- Hækkuð innri leiga vegna flutnings yfirstjórnar úr Miðbæjarskóla í Höfðatorg (8 mkr)
- Hækkuð fjárheimild til hráefniskaupa/fæðiskaupa í grunnskólum vegna hækkandi verðlags (20 mkr)
- Hækkuð fjárheimild vegna starfa í mótuneytum (15 mkr)

- Hækkuð fjárheimild vegna áherslu á lestur drengja og stúlkna og Reykjavíkurborgar sem bókmenntaborgar, með eflingu bókasafns- og upplýsingafræði (25 mkr)
- Hækkuð fjárheimild vegna starfspróunar og samstarfsverkefna (16,4 mkr)
- Hækkuð fjárheimild vegna sameiginlegs kostnaðar grunnskólanna vegna brýnnar endurnýjunar á búnaði, afskrifta tapaðra krafna vegna máltíða, hækkana á innri leigu (39 mkr)
- Hækkuð fjárheimild vegna yfirtöku ábyrgðar SFS á atvinnutengdu námi (6 mkr)
- Hækkun á tekjum frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga (50 mkr)
- Vegna fækkunar nemenda í grunnskólum lækka framlög til grunnskóla (47 mkr)
- Vakin er athygli á því að almennt eru kostnaðarþættir ekki hækkaðir til samræmis við vísitöluhækkunarir. Þetta er áhættuþáttur, ekki síst á liðum sem hafa hækkað mikið.

Frístundahluti

Sex frístundamiðstöðvar voru reknar af Reykjavíkurborg árið 2011. Þær höfðu umsjón með 33 frístundaheimilum, 4 frístundaklúbbum og 24 félagsmiðstöðvum. Til viðbótar voru á haustönn 3 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af skólum. Alls voru 3.365 börn skráð á frístundaheimili haustið 2011 og 1. október höfðu 99.706 heimsóknir í félagsmiðstöðvarnar verið skráðar.

Heildarfjárhagsrammi frístundahluta skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2012 er 1.801 mkr. Áætlaðar tekjur nema um 600 mkr. Fjárhagsrammi skrifstofunnar hækkar um 136 mkr milli ára vegna áhrifa kjarasamninga (127,5 mkr) og verðlagshækkunar innri leigu (8,5 mkr).

Í tillögu borgarstjóra að rammaúthlutun fyrir fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 er gert ráð fyrir auknum gjaldskrártekjum borgarinnar sem tekur mið af því að gjaldskrár borgarinnar haldi í við verðlagsþróun. Gert er ráð fyrir gjaldskrárhækkun frístundaheimila og sumarfrístundastarfs upp á 12,58% í þeirri tillögu.

Vegna stjórnkerfisbreytinga eru gerðar tilfærslur á tveimur verkefnisstjórum af kostnaðarstöðum frístundaheimila og þróunarverkefni yfir á fagskrifstofu tólmstundamála, til samræmingar við fyrirkomulag fagskrifstofu Skóla- og frístundasviðs.

Kostnaðarhækkun í rekstri frístundamiðstöðva má rekja til kostnaðaráhrifa kjarasamninga og verðbóta innri leigu. Gerð er breyting á gjaldfærslu á innri leigu vegna Þróttheima þar sem kostnaður var áður færður á miðlægan lið yfir á frístundamiðstöðina Kringlumýri.

Árið 2012 verður unnið eftir nýju reiknilíkani sem úthlutar fjármagni til félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva eftir fjölda barna og ungmenna í hverfum og skólum borgarinnar.

Í rekstri frístundaklúbba fyrir fötluð ungmenni er gert ráð fyrir sama framlagi frá Jöfnunarsjóði og er í áætlun 2011. Kostnaðarhækkun í rekstri frístundaheimila má rekja til kostnaðaráhrifa kjarasamninga og tilfærslu á stuðningsfjármagni af liðnum sumarnámskeið fyrir börn.

Áætlun 2012 gerir ráð fyrir 5 mkr til reksturs smíðavalla í borginni.

Þróunarliðurinn er til rekstrar Reykjavíkurráðs ungmenna og Miðbæjarathvarfsins.

Skrifstofan hefur umsjón með verkefninu um frístundaakstur sem hefur það að markmiði að auðvelda 6-9 ára börnum að taka þátt í íþróttastarfi sem fram fer fyrir kl. 16:30 á daginn. Verkefnið hefur verið í gangi sl. tvö ár og á árinu 2012 verður það þróað áfram.

Hækkuð fjárheimild vegna starfspróunar og samstarfsverkefna er 2,8 mkr.

Vakin er athygli á því að almennt eru kostnaðarþættir ekki hækkaðir til samræmis við vísitöluhækkunarir. Þetta er áhættuþáttur, ekki síst á liðum sem hafa hækkað mikið.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

1. október hvers árs	2009	2010	2011	2012*
Starfsstaðir				
Fjöldi leikskóla	97	95	81	80
Leikskólar Reykjavíkur	78	75	63	62
Sjálfstætt starfandi leikskólar	19	19	18	18
Fjöldi grunnskóla	45	45	44	41
Grunnskólar Reykjavíkur	39	39	38	35
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	6	6	6
Samrekin leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili		1	1	2
Frístundamiðstöðvar	6	6	6	6
Frístundaheimili	35	36	36	36
Frístundaklúbbar	4	4	4	4
Félagsmiðstöðvar	24	24	24	21
Börn, nemendur, ungmenni				
Fjöldi barna í leikskólum Reykjavíkur	6.551	6.742	6.794	7.043
Leikskólar Reykjavíkur	5.721	5.746	5.780	5.851
Sjálfstætt starfandi leikskólar	830	996	1.014	1.062
Sameinaðir leik- og grunnskólar			50	130
Fjöldi nemenda í grunnskólum í Reykjavík	14.043	13.893	13.955	14.069
Grunnskólar Reykjavíkur (sérskólar meðtaldir)	13.577	13.421	13.375 ⁵⁾	13.439 ⁵⁾
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	466	472	580	630
Fjöldi barna í frístundaheimilum	2.842	3.161	3.365	3.350
Þátttaka 10-12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi (heimsóknir alls)	17.544	21.732	12.351 ³⁾	20.000 ⁴⁾
Heimsóknir 13-16 ára í félagsmiðstöðvar	122.456	138.655	87.355 ³⁾	139.000
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	522	723	747	880
Mannauður				
Stöðugildi í leikskólum	1.432	1.403	1.373	1.306 ²⁾
Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda ¹⁾	472	447	460	476
Stöðugildi starfsmanna með háskólamenntun/aðra uppeldismentun	266	259	270	281
Stöðugildi leikskólaliða	96	99	100	101
Stöðugildi annarra starfsmanna	598	598	543	448
Hlutfall leikskólakennara í 100% starfi	58%	58%	58%	58%
Hlutfall leikskólakennara af heildarfjölda stöðugilda	33%	32%	34%	34%
Stöðugildi í grunnskólum	2.034	1.984	1.941	1.941
Stöðugildi grunnskólakennara/skólastjórnenda ¹⁾	1.335	1.305	1.317	1.317
Stöðugildi annarra starfsmanna	699	679	622	622
Hlutfall grunnskólakennara í 100% starfi	83%	81%	83%	83%
Hlutfall leiðbeinenda af fjölda grunnskólakennara	0,3%	0,3%	0,2%	0,2%

*Tölur fyrir árið 2012 eru í flestum tilfellum magntölur 1. október 2011 en í einstaka tilfellum áætlaðar tölur fyrir árið 2012

1) Skólastjórar og deildarstjórar meðtaldir.

2) Án úthlutaðrar sérkennslu og óráðstafaðra plássna.

3) Staðan 1. október, auk þess sem það vantar skráningu frá 3 félagsmiðstöðvum yfir 4 mánaða tímabil.

4) Aukafjárveiting til 10-12 ára starfs aðeins á vorönn.

5) Í tölunum eru birtar nemendatölur grunn- og sérskóla. Í fjárhagsáætlun 2011 var gert ráð fyrir að fjöldi nemenda í almennum grunnskólum yrðu 13.292 á vorönn og 13.429 haustönn 2011. Fjöldi nemenda haustið 2011 er hins vegar 13.232 (sem gildir jafnframt fyrir vorönn 2012) og spá fyrir haustið 2012 gerir ráð fyrir 13.314 nemendum. Þetta þýðir að nemendum fækkar um 60 á milli vorannar 2011 og vorannar 2012 og síðan er áætluð fækkun milli haustannar 2011 og 2012 um 115 nemendur.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	2009	2010	2011	2012
Mannauður, frh.				
Fjöldi nemenda á stöðugildi grunnskólakennara	10,8	11,0	10,8	10,8
Fjöldi nemenda á stöðugildi annarra starfsmanna	17,5	19,8	21,4	21,4
Heildarfjöldi starfsmanna í frístundastarfi			534	571
Stöðugildi í frístundastarfi			326	348
Stöðugildi frístundaráðgjafa/stjórnenda			140	202
Stöðugildi frístundaleiðbeinenda			186	146

Í töflunni hér að ofan miðast tölur við 1. október ár hvert en í töflunni hér að neðan eru áætlaðar magntölur hvers árs.

Áætlaðar magntölur fyrir hvert ár	2009	2010	2011	2012
Starfsstaðir				
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	97	97	95	82
Leikskólar Reykjavíkur	78	78	75	62
Sjálfstætt starfandi leikskólar	19	19	19	18
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	0	1	2
Fjöldi barna / rýma í leikskólum				
Fjöldi barna í leikskólum Reykjavíkur	6.551	6.742	6.865	7.043
Leikskólar Reykjavíkur	5.721	5.731	5.735	5.851
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	830	996	1.124	1.062
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	0	50	130
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur				22
Dagforeldrar				
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	522	613	1000	880
Fjöldi daglegra dvalarstunda				
Fjöldi dvalargilda	71.427	70.203	71.575	72.783
Borgarreknir leikskólar	60.410	58.527	57.715	59.125
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	11.017	11.676	13.326	12.103
Samreknir leik- og grunnskólar	0	0	534	1.353
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur				202
Fjöldi daglegra dvalarstunda	56.181	55.227	56.246	57.515
Borgarreknir leikskólar	48.251	47.160	47.010	47.971
Sjálfstætt starfandi leikskólar	7.930	8.067	8.829	8.300
Samreknir leik- og grunnskólar	0	0	407	1.074
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur				170
Mannauður				
Stöðugildi alls í leikskólum (án ræstingar og sérkennslu)	1.375	1.291	1.276	1.306
Stöðugildi leikskólakennara/stjórnenda		472	465	476
Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldimenntun		188	191	281*
Stöðugildi annarra háskólamenntaðra starfsmanna		78	78	*
Stöðugildi leikskólaliða		92	100	101
Stöðugildi annarra starfsmanna		482	442	448
Hlutfall fagfólks skv. skilgreiningu í samningi við sjálfstætt starfandi leikskóla		62,7%	65,4%	65,7%
Stöðugildi í sérkennslu				146

*Stöðugildi starfsmanna með aðra uppeldismenntun og annarra háskólamenntaðra starfa

Skorkort 2012 - DRÖG

Flestir mælikvarðar eru nýir vegna nýs sviðs. Áætlað er að gera mælingu á mörgum mælikvörðum fyrir árslok 2011 og markmið fyrir 2012 í framhaldinu.

Velgengispættir	Mælikvarðar	2011	Markmið 2012
Barnið, nemandinn, ungmennið			
Sterk sjálfsmynd og samskiptafærni	Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem sjálfsmynd nemenda mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum	58%	62%
	Hlutfall skóla sem nýta sér viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni	56%	60%
	Hlutfall foreldra leikskólabarna sem telja markvisst unnið með félagsfærni í barnahópnum	88%	90%
	Hlutfall foreldra sem telja dvöl á frístundaheimili hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barns síns	92%	93%
	Hlutfall foreldra sem telja félagsmiðstöðvastarf hafa jákvæð áhrif á félagsfærni barns síns		
Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði	Hlutfall foreldra sem telja að starfsstaðir skóla- og frístundasviðs leggi áherslu á öryggi barna og góð samskipti		
	Hlutfall foreldra sem telja starfsstaði skóla- og frístundasviðs taka fljótt og vel á einelti og öðru ofbeldi		
	Hlutfall starfsstaða sem leggja sérstaka áherslu á heilsueflingu í starfinu		
	Hlutfall barna og ungmenna sem líður vel í grunnskóla og frístundastarfi		
	Hlutfall grunnskóla í Reykjavík þar sem skólabragur og bekkjarandi mælist yfir landsmeðaltali skv. Skólapúlsinum	97%	98%
Viðtæk þekking, færni og árangur	Hlutfall starfsstaða sem taka þátt í barnamenningarhátíð		
	Hlutfall barna og ungmenna sem nota tölvur sem hluta af námi sínu oftast en einu sinni í viku		
	Hlutfall starfsstaða þar sem útinám er á stundaskrá/skipulagi barna á öllum stigum		
	Hlutfall nemenda sem getur lesið sér til gagns í lok 2. bekkjar	71%	72%
	Hlutfall grunnskóla með framfararstuðul 0,99 eða hærrí í íslensku í 10. bekk	80%	88%
	Hlutfall nemenda í Reykjavík sem telur náttúruvísindi nýttast þeim í framtíðinni	65%	80%
Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni	Hlutfall foreldra sem telur viðfangsefni leikskólans áhugaverð	91%	95%
	Hlutfall foreldra sem er ánægt með viðfangsefni frístundaheimila/félagsmiðstöðva		
	Hlutfall starfsstaða sem vinna með Barnasáttmálann		
	Hlutfall starfsstaða með umhverfisáætlun		
	Hlutfall grunnskóla þar sem nemendur setja sér sjálfir markmið um nám sitt í samráði við foreldra og kennara	51%	70%
	Hlutfall grunnskólanemenda sem finnst þeir taka virkan þátt í kennslustundum skv. Skólapúlsinum	57%	62%
	Hlutfall leikskóla þar sem börn koma að skipulagi starfsins		
	Hlutfall leikskóla þar sem börn taka þátt í innra mati		
Hlutfall ungmenna í ungmennaráðum sem telja sig hafa fræðst um og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum			
Hlutfall frístundaheimila með barnaráð			
Hlutfall barna og ungmenna sem finnst þau ráða miklu um starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva			

Skorkort 2012 - DRÖG

Velgengispættir	Mælikvarðar	2011	Markmið 2012
Aðferðir og leiðir			
Nám og starf án aðgreiningar við hæfi hvers og eins	<p>Hlutfall foreldra sem telja skóla- og frístundastarf koma til móts við þarfir barns síns</p> <p>Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með stuðning þjónustumiðstöðvar við starfsemina</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem fá hærra en 4 á kennsluvídd</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem hefur móttökuáætlun fyrir börn og ungmenni af erlendum uppruna</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem hafa móttökuáætlun fyrir börn og ungmenni með sérþarfir skv. reglugerð</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem hafa metið starfið með með <i>mælikvarða um einstaklingsmiðun náms/starfs</i></p> <p>Hlutfall starfsstaða sem nýta sér ráðgjafþjónustu sérskóla og sérdeilda, sérhæfðra leikskóla eða þekkingarstöðva frístundamiðstöðva</p> <p>Hlutfall skóla þar sem fram kemur í skólanámsskrá útfærsla á skóla án aðgreiningar</p> <p>Hlutfall skóla sem gerir einstaklingaáætlanir fyrir öll börn</p> <p>Hlutfall grunnskóla sem skipuleggur stuðning og sérkennslu innan almennra bekkja og námshópa</p>		
Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni	<p>Hlutfall starfsstaða þar sem kynjahlutfall nemenda í skóla-, nemenda- og unglingaráðum er alla vega 40/60%</p> <p>Hlutfall starfsstaða þar sem börn eða ungmenni eru lýðræðislega kosin sem fulltrúar í ráð og/eða nefndir</p> <p>Hlutfall foreldra sem eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf</p> <p>Hlutfall foreldra sem vita hverjir eru í skóla- og/eða foreldraráði skólans</p> <p>Hlutfall foreldra grunnskólabarna sem hefur tekið þátt í að gera námsáætlun með barni sínu</p> <p>Hlutfall stjórnenda sem eru ánægðir með samstarf við þjónustumiðstöðvar</p> <p>Hlutfall starfsstaða með þrjú eða fleiri samstarfsverkefni við grenndar-samfélagið</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem eru að vinna þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið eða háskólasamfélagið</p>	26%	30%
Flæði á milli skólastiga, námsgreina/námssviða og skóla og frístundastarfs	<p>Hlutfall starfsstaða SFS sem eru með markmið um aukið flæði milli skóla og frístundastarfs</p> <p>Hlutfall skóla sem eru með markmið um aukið flæði milli skólastiga</p> <p>Hlutfall skóla sem eru með markmið um aukið flæði milli námsgreina/námssviða</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem samþætta skóla- og starfsdagatal við aðra starfsstaði í sínu hverfi</p>		
Umbætur, mat og nýbreytni	<p>Hlutfall starfsstaða sem skila starfsáætlun</p> <p>Hlutfall starfsstaða með virk nýbreytni- og þróunarverkefni</p> <p>Hlutfall skóla sem endurskoðar skólanámsskrá á a.m.k. 3ja ára fresti</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem taka þátt í heildarmati</p> <p>Hlutfall starfsstaða sem uppfærir sjálfsmatsskýrslu árlega</p> <p>Hlutfall grunnskóla sem nota viðmið um gæði kennslu</p>		

Skorkort 2012 - DRÖG

Velgengispættir	Mælikvarðar	2011	Markmið 2012
Mannauður			
Fagleg forysta	Hlutfall starfsmanna sem telur að vinnustaðurinn sé í virkri þróun aðferða í vinnu með börnum og unglingum Hlutfall starfsmanna sem telur vinnustað sínum vel stjórnað Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns Hlutfall starfsmanna sem telur upplýsingastreymi á vinnustað sínum vera gott		
Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur góðan starfsanda á sínum vinnustað Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum Hlutfall starfsmanna sem telur jafnréttis og jafnræðis gætt gagnvart starfsmönnum á sínum vinnustað Hlutfall starfsmanna sem telur sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum Hlutfall starfsmanna sem ber traust til yfirmanns síns Hlutfall starfsmanna sem telur þá símenntun sem það hefur fengið á sl. 12 mánuðum hafa nýst í starfi Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá hvatningu frá yfirmanni sínum Hlutfall starfsmanna sem telur starf sitt metið af veruleikum af yfirmanni og samstarfsfólki Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum		
Hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs	Hlutfall starfsmanna sem gengur vel að sinna einstaklingsbundnum þörfum barna og unglinga Fjöldi starfsmanna sem tekur þátt í símenntun skipulagðri af skrifstofu skóla- og frístundasviðs Hlutfall starfsmanna sem telur starfsþróunarsamtal hafa verið gagnlegt Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýttá í starfi Hlutfall starfsmanna sem hefur farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12—15 mánuðum		
Lærdómssamfélag byggt á þverfaglegu samstarfi	Hlutfall starfsmanna sem telur starfsfólk miðla þekkingu sín á milli Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað Fjöldi starfsstaða skóla- og frístundasviðs sem á í þverfaglegu samstarfi milli fagsviða		

Skorkort 2012 - DRÖG

Velgengispættir	Mælikvarðar	2011	Markmið 2012
Auðlindir			
Hagkvæm nýting fjármagns	Hlutfall starfseininga sem heldur sig innan fjárhagsramma Hlutfall starfseininga sem gerir fjárhagsáætlun Hlutfall starfseininga sem telur að fjárhagslegar forsendur séu réttar		
Skilvirk upplýsingatækni	Ánægja starfsmanna með tækjabúnað sem það hefur til notkunar Ánægja starfsmanna með hugbúnaðinn sem það hefur til notkunar Hlutfall starfsmanna sem telur sig hafa nauðsynlega hæfni til að nota vél- og hugbúnaðinn		
Góður aðbúnaður	Hlutfall starfsmanna sem telur vinnuástöðu sína góða Hlutfall foreldra sem telur aðstöðu frístundaheimila vera góða Hlutfall frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila sem eru í húsnæði sem uppfylla skilgreiningar á rýmispörf Hlutfall skóla sem uppfylla reglugerðir um húsnæði		

SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ

Leiðarljós

Að tekið sé tillit til hagsmuna íbúa og komandi kynslóða við skipulag og uppbyggingu í Reykjavík. Að Reykvíkingar njóti góðrar þjónustu og vandaðrar stjórnáslu hvað varðar skipulags- og byggingarmál. Að starfsfólk hafi ánægju af að taka þátt í uppbyggingu og viðhaldi borgarinnar og metnað til að veita Reykvíkingum sem besta þjónustu á því sviði.




Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	56.000
Rekstrartekjur samtals	56.000
Laun og launatengd gjöld	363.100
Annar rekstrarkostnaður	313.904
Rekstrargjöld samtals	677.004
Rekstrarniðurstaða	621.004

Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna	43
Fjöldi stöðugilda	43
Eftir skrifstofum	
Skrifstofa sviðs	10
Skipulagsstjóri	13
Byggingarfulltrúi	20



Skipurit



Hlutverk

Hlutverk Skipulags- og byggingarsviðs er að veita borgarbúum, borgarfulltrúum, ráðgjöfum, hönnuðum, byggingarverktökum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um skipulags- og byggingarmál. Sviðið er jafnframt stefnumótandi í skipulags- og byggingarmálum borgarinnar í samvinnu við skipulagsráð.

Skipting rekstrar 2012



Megináherslur 2012 - breytingar frá fyrra ári

Árið 2011 var ár samdráttar í skipulags og byggingamállum. Skipulags- og byggingarsvið þurfti að segja upp starfsfólki í upphafi árs og fjármunir til aðkeyptrar vinnu voru takmarkaðir. Þrátt fyrir þetta var unnið ötullaga að endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur og undirbúningur að hverfisskipulagsgerð er langt kominn í samræmi við þau markmið sem birtust í starfsáætlun fyrir árið 2011. Einnig verða í árslok gefnir út kynningarbæklingar sem varpa eiga ljósi á þau fjölmörgu verkefni sem þá voru á teikniborðinu.

Breytingar urðu hjá yfirstjórn sviðsins þegar nýr byggingarfulltrúi tók við embættinu síðla sumars.

Hjá embætti byggingarfulltrúa er hafin vinna við að bæta þjónustu embættisins við borgarbúa í mörgum atriðum. Sem dæmi má nefna að til endurskoðunar er þjónustuviðmót í þjónustuveri á jarðhæð, ásamt bættu viðtalsumhverfi til ráðgjafar í sambandi við byggingarleyfi og framvindu framkvæmda. Einnig eru í farvatninu hagræðingar á yfirferðum umsóknargagna byggingarleyfa. Markmiðið er að stytta ferlið og liðka fyrir afgreiðslu umsókna til hagræðis fyrir byggingarframkvæmdir. Í þriðja lagi ber að geta að ný byggingarreglugerð er um það bil að líta dagsins ljós. Þar koma fram markmið um vistfræðileg gæði bygginga og umhverfis þeirra. Í samræmi við það eru til athugunar atriði sem þau varða og hvernig þeim megir fylgja eftir fyrir framtíðaruppbyggingu í Reykjavík. Skönnun uppdráttar er hafin að nýju og stefnir Skipulags- og byggingarsvið á að á árinu 2012 verði þeir aðgengilegir viðskiptavinum sviðsins. Mikilvægt er að leggja áherslu á rafræna stjórnsýslu í hvívetna, af umhverfisástæðum og til að auðvelda viðskiptavinum sviðsins gagnaöflun.

Útlit er fyrir að árið 2012 verði spennandi skipulagsár. Auk þess sem áhersla er lögð á að klára endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur og gefa það út með myndarlegum hætti er búið að ákveða að vinna hverfisskipulag af grónum hverfum borgarinnar. Birtist það í þeim fjárhagsramma sem sviðið fær úthlutað fyrir komandi ár.

Aðferðarfræði við hverfisskipulagsgerð hefur verið í mótun allt árið en liggur nú fyrir í megindráttum. Fyrirhugað er að hefja vinnu við hverfisskipulag í öllum hverfum borgarinnar strax í ársbyrjun 2012. Þó er beðið eftir nýrri skipulagsreglugerð. Auglýst verður eftir þverfaglegum hönnunarhópum til samstarfs en verkefnið mun heyra undir pólitískan stýrihóp auk verkefnisstjórnar.

Lögð verður áhersla á lykilmarkmið þau er munu birtast í aðalskipulagi og skal vinnan byggjast á hugmyndum um sjálfbær hverfi og samvinnu við íbúa. Áætlað er að vinnan muni taka um tvö ár og að fyrir árslok 2014 séu fyrir hendi hverfisskipulagsáætlanir af öllum hverfum borgarinnar.

Hafnarsvæðið hefur verið til umfjöllunar á síðasta ári og samþykkt var í borgarráði að vinna rammaskipulag eftir vinningstillögu Graeme Massie frá Hörpu út að Ánanaustum. Sú vinna er þegar hafin en sjá má fyrir sér að henni ljúki um mitt næsta ár. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á sérstöðu gömlu hafnarinnar og staðaranda samhliða því að skilgreina möguleika til uppbyggingar í samræmi við stefnu um þéttingu byggðar.

Auk ofangreinds mun sviðið sinna lögðboðnu hlutbverki sínu og leggja áherslu á frekari útgáfu og kynningarmál sem er liður í því að efla umræðu um skipulags- og byggingarmál.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	2008	2009	2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Skipulags- og byggingarsvið					
Fjöldi kærðra mála	39	22	36	28	30
Fjöldi efnisúrskurða/ þar af vegna ársins	29 / 12	15 / 5	23 / 9	18 / 8	20 / 10
Frávísuð og staðfest mál	20	10	18	11	14
Ákvarðanir felldar úr gildi	9	5	5	7	6
Fjöldi mála á fundum skipulagsráðs	931	682	680	560	580
Skipulagsstjóri					
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	1.961	1.324	1.224	1.094	1.100
Deiliskipulög auglýst í B-deild stj.tíðinda	132	88	86	68	70
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	208 / 52	199 / 81	111 / 37	104 / 41	100 / 40
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	1.069.793	297.140	67.632	200.000	200.000
Byggðir m3 (lokið við)	1.375.000	658.000	816.432	700.000	700.000
Fullgerðar íbúðir	331	112	309	200	200
Hafin smíði nýrra íbúða	206	247	14	125	200
Fjöldi úttekta	5.707	3.121	1.913	2.000	2.500
Yfirferð uppdratta	32.626	14.950	13.672	15.000	16.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	753 / 126	672 / 128	280 / 125	300 / 100	300 / 100
Útsend bréf vegna umsókna	10.150	8.536	7.422	7.000	8.000
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	3.282	2.589	2.514	2.500	2.500
Starfsmenn sviðsins					
	51	47	45	44	43

UMHVERFIS—OG SAMGÖNGUSVIÐ

Leiðarljós

Ásýnd og ímynd Reykjavíkur endurspeglir skapandi hugsun íbúa hennar þar sem mannlíf og umhverfi er haft í fyrirrúmi og gott er að búa.




Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	1.336.465
Rekstrartekjur samtals	1.336.465
Laun og launatengd gjöld	1.262.867
Annar rekstrarkostnaður	4.686.931
Rekstrargjöld samtals	5.949.798
Rekstrarniðurstaða	4.613.333

Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna*	403
Fjöldi stöðugilda*	195,6
Eftir skrifstofum	
Skrifstofa sviðsstýru	6,2
Náttúra og útivist	100,6
Neysla og úrgangur	59
Heilbrigðiseftirlit	22,8
Samgönguskrifstofa	6
Staðardagskrá 21	1
* Með sumarstarfsmönnum	


Skipurit



Hlutverk

- Stefnumótun í umhverfismálum og eftirfylgni með innleiðingu þeirra, þ.m.t. náttúruvernd, gæði umhverfis, úrgangs- og loftslagsmál og umsjón með framkvæmd og endurskoðun Staðardagskrá 21.
- Stefnumótun í samgöngumálum, þ.m.t. í umferðaröryggismálum, almenningssamgöngum og bílastæðamálum, umferðarfræðsla auk þess að móta tillögur um forgangsörðun framkvæmda. Forhönnun umferðarmannvirkja, þ.e. mat valkosta, mat á umhverfisáhrifum og samráð við íbúa og hagsmunaaðila um lausnir í samgöngumálum.
- Dýraeftirlit, þ.e. meindýravarnir, hundaeftirlit, kattahald, varsla borgarlandsins og búfjáreftilit.
- Heilbrigðis-, matvæla- og mengunareftirlit í borgarlandinu.
- Vöktun umhverfis og fræðsla á sviði umhverfismála.
- Náttúruvernd og garðyrkja í borgarlandinu og tillögur um framkvæmdir á opnum svæðum borgarinnar. Eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á götum, gangstéttum, útivistar- og grænum svæðum borgarinnar.
- Rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur, Grasagarðs Reykjavíkur og Náttúruskóla Reykjavíkur.
- Hirðing á heimilisúrgangi í borginni og innleiðing stefnu í úrgangsmálum.

Skipting rekstrar 2012



Megináherslur 2012 - breytingar frá fyrra ári

Á árinu 2012 verður lokið við að vinna umhverfis- og auðlindastefnu fyrir Reykjavíkurborg og hún kynnt og innleidd.

Vistvænn rekstur

Rekstur, fræðsla og kynning á Grænum skrefum í starfsemi Reykjavíkurborgar
Áframhaldandi innleiðing vistvænna innkaupareglna

Loftlags- og loftgæðamál

Unnið samkvæmt Orkuáðgerðaáætlun Reykjavíkur.

Innleiðing loftlags- og loftgæðastefnu.

Dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda m.a. með breyttum ferðavenjum.

Unnið samkvæmt viðbragðsáætlun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um loftgæði í Reykjavík. Viðbragðsáætlunin verður endurskoðuð í kjölfar samþykktar frv. til umferðarlaga sem m.a. felur í sér heimildir til gjaldtöku nagladekkja.

Vöktun umhverfis

Áfram verði fylgst vel með loft-, vatns- og strandsjávargæðum í borginni.

Samgöngur

Unnið verði að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og notenda Strætó.

Bílastæðum í miðborginni verði ekki fjölgað umfram það sem þegar hefur verið samþykkt. Þegar bílastæðum í miðborginni fjölga með nýjum bílakjöllurum, skal fækka stæðum á yfirborði að sama skapi.

Áfram verði unnið að innleiðingu samþykkrar samgöngustefnu fyrir starfsemi borgarinnar. Áhersla verði lögð á vistvænan bílafloata, vistvæna samgöngusamninga fyrri starfsfólk Reykjavíkurborgar og aukna gjaldskyldu við stofnanir borgarinnar.

Unnið verði að innleiðingu hjólréiðaáætlunar, Hjólaborgin. Undirbúin lagning 30 km hjólastíga á 3 árum. Kortlagt verði hvernig megi nýta núverandi gatnakerfi sem best undir hjólastíga.



... samgöngur framhald:

Hjólástæðum í Reykjavík verði fjölgað.

Niðurstöður ferðamatakönnunar kynntar og unnið með þær.

Vistgötum í borginni verði fjölgað.

Forgangur Strætó í borginni verði kortlagðar og aukinn.

Hraðastýringaráætlun verði unnin fyrir borgina og hraðamyndavélar notaðar við eftirlit.

Rýmingartími gönguljósna við gangbrautir í borginni verði endurskoðaður í takt við þarfir gangandi vegfarenda.

Markvisst unnið að því að draga úr notkun nagladekkja. Gjaldtaka af notkun nagladekkja skoðuð þegar slík lagaheimild liggur fyrir.

Rætt verði við háskóla í borginni um aukna gjaldskyldu bílastæða og fækkun bílastæða.

Áfram verði stuðlað að orkuskiptum strætisvagna.

Borgarumhverfi

Aukin áhersla á hönnun gatna, torga og göturýma í samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

Unnið verði áfram með „meanwhile“ verkefni í borginni.

Minna pláss fyrir bílinn, meira pláss fyrir fólk. Færri bílastæði fleiri göngugötur.

Hvatt verði til torga- og götusölu í góðri sátt við hagsmunaaðila í borginni.

Dagur skemmtistæða verði aftur haldinn í Reykjavík að erlendri fyrirmynd s.k. Park(ing) daga.

Úrgangs- og auðlindamál

Hugað verði að aukinni metanvæðingu og að tryggja nægt framboð metans.

Hafin verði söfnun á pappírsefnum frá hverju heimili í Reykjavík.

Unnið verði að því að skilagjald fáist fyrir allt gler.

Náttúra og útivist

Aukin áhersla verði lögð á matjurta- og ávaxtarækt í borgarlandinu.

Aðstaða fyrir hundahald verði bætt á völdum útivistarsvæðum og/eða hverfum borgarinnar.

Ný hundasamþykkt Reykjavíkur lögð fram.

Mótuð verði stefna um trjárækt í borgarlandinu. Haldið verði áfram við endurnýjun götutrjáa í miðborginni.

Innleiðing leiksvæðastefnu Reykjavíkurborgar verði undirbúin og aðgerðaráætlun hrint í framkvæmd.

Áhersla verði lögð á sem mest sjálfbær græn svæði við endurgerð og nýframkvæmdir í borgarlandinu.

Fræðslu- og kynningarmál

Tökum þátt í evrópsku orkuvíkunni og evrópsku samgönguvíku.

Borgarbúar fræddir um flokkun á úrgangi og hvernig sé best að endurvinna.

Bílastæðasjóður

Samþykkt Bílastæðasjóðs verði endurskoðuð.

Farið verði í sérstakt átak til kynningar á bílahúsum borgarinnar sem góðan valkost fyrir skammtímagesti í borginni. Sköpuð verði fyrirmyndaraðstaða fyrir reiðhjól í bílahúsum borginnar og upplýsingar um stætoferðir í næsta nágrenni kynntar með aðlaðandi hætti.

Breytingar gerðar á gjaldskrár með það að markmiði að auka nýtingu bílastæðahúsa á kostnað bílastæða í götu.

Vinna að heildstæðri stefnu í útbreiðslu gjaldskyldra bílastæða og gjaldtöku fyrir þau og lokið innleiðingu nýrra kerfa til að þjóna betur viðskiptavinum.



ENDURVINNSLA

Greinargerð með starfs- og fjárhagsáætlun

Umhverfis- og samgöngusvið hefur lokið gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 í samræmi við úthlutun fjárhagsramma þ. 20. september s.l. með áorðnum breytingum. Áætlunin hefur verið kynnt í umhverfis- og samgönguráði og samþykkt í heilbrigðisnefnd hvað varðar fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



Við úthlutun fjárhagsramma voru gefnar þær forsendur, að fjárhagsrammi sviðsins yrði óbreyttur frá árinu 2011, en rammi þess hækkar vegna áhrifa kjarasamninga og verðlagsbreytinga á innri leigu. Þá hefur verið gefið til kynna að bætt verði við rammann áhrifum verðlagsbreytinga vegna leigu gatna. Við rammaúthlutun var gert ráð fyrir að sviðið yki tekjur sínar um 72 mkr. með gjaldskrárbreytingum. Hækkar gjaldskráa vegna heilbrigðiseftirlits og hundahalds lúta ákveðnum reglum og auglýsingum Umhverfisráðuneytisins. Þannig reynist hækkunarþörf vegna heilbrigðiseftirlits 2,2% með tekjuaukningu upp á 6,3 mkr og er gengið út frá þeirri hækkun í tillögu til fjárhagsáætlunar. Þá er gengið út frá þeirri forsendu hvað varðar hundaeftirlit, að tekjur vegna þess standi undir útgjöldum hundaeftirlits. Hækkun þar er mismunandi eftir því hvaða gjald er um að ræða og þungann í eftirlitinu, en samtals er gert ráð fyrir 5,3 mkr. hækkun tekna.

Í sorphirðu verður ráðist í talsverðar skipulagsbreytingar, með aukinni endurvinnslu, sem hefur talsverð áhrif á bæði kostnað og tekjur. Aukin endurvinnsla felur í sér, að við öll heimili í borginni verður komið fyrir endurvinnslu til söfnunar á pappír og pappa á árinu 2012. Á árinu 2013 er síðan gert ráð fyrir að hefja söfnun á fleiri endurvinnsluflokkum og flokka þá plast frá almennum úrgangi. Aðgerðir þessar munu til lengri tíma að leiða til minni útgjalda við eyðingu sorps, en nokkurs aukins kostnaðar við sorphirðu. Leitast er við að halda kostnaði í lágmarki og beita hagrænum hvötum gagnvart til íbúum, þannig að þeir sjái sér hag í aukinni flokkun sorps. Þá hefur verið ákveðið að sorphirðugjöld skuli standa undir kostnaði við sorpeyðingu, svo sem lög gera ráð fyrir.

Áfram er haldið því fyrirkomulagi hjá Vinnuskólanum, að yngsta árganginum verður ekki boðin vinna við skólann árið 2012. Hefur þetta í för með sér talsverðan sparnað, bæði í launum unglínganna og að færri leiðbeinendur þarf að ráða til Vinnuskólans. Þá hefur rekstur starfstengds náms við Vinnuskólann verið flutt til Menntasviðs. Lögð er til 5% launahækkun til nemenda, en laun þeirra hafa staðið óbreytt síðan 2008. Áfram verður boðið upp á fjölskyldugarða í stað skólagarða og að reksturinn standi undir kostnaði með leigugjöldum fyrir garðana á sama hátt og matjurtagarðarnir.

Verulega er skorið niður í Umhverfi- og útivist, eða um 17,5 mkr, en ekki er lengur gert ráð fyrir framkvæmdum á þessum kostnaðarstað, heldur eingöngu rekstri.

Enn er reynt að hagræða í öllum rekstri sviðsins. Starfsmenn hafa skilað tillögum til hagræðingar og unnið gott og þarft starf í þeim efnum. Haggræðingin kemur fyrst og fremst fram á þeim liðum, sem sviðið hefur stýringu á. Þannig er í raun dregið úr rekstrarkostnaði vegna rekstrar gatna og opinna svæða, bæði við hreinsun borgarlandsins, grasslátt og vetrarþjónustu. Dregið er úr ráðningu sumarstarfsfólks. Dregið er verulega úr öllum auglýsinga- og kynningarkostnaði og kaupum á aðkeyptri vinnu sérfræðinga.

Bílastæðasjóði hefur verið gert að greiða gatnaleigu til Eignasjóðs vegna gjaldskyldra bílastæða á borgarlandi. Minnkar sú greiðsla hlutdeild sviðsins í kostnaði við leigu á götum og opnum svæðum.

Í Borgartúni 12-14 hafa tækifæri til hagræðingar verið nýtt svo sem kostur er. Sviðið hefur minnkað húsnæði það, sem hefur verið í notkun og dragið úr leigukostnaði og kostnaði við rekstur hússins. Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum á húsnæði og húsnæðiskostnaði

Sem fyrr mun Umhverfis- og samgöngusvið líta á það sem viðvarandi verkefni að leita hagræðingar í sínum rekstri. Skapist tækifæri til aukinnar hagræðingar mun forgangsröðun fjármuna sviðsins verða endurskoðuð af umhverfis- og samgönguráði.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Raun 2009	Raun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur				
Útgefin starfsleyfi	350	472	445	325
Tóbakssöluleyfi	40	54	45	45
Skráðir hundar	2070	2200	2400	2500
Fjöldi eftirlitsferða (utan hundaeftirlits)	3.200	3579	3395	3530
Fjöldi kvartana (utan hundaftirlits)	700	468	600	600
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	20	29	13	7
Skrifstofa Náttúru og útivistar				
Trjá- og sumarblómabeð, viðhald (m2)	563.000*	563.000	564.000	565.000
Bekkir (stk.)	194**	207	216	225
Blómaker og körfur (stk.)	177***	177	177	178
Náttúrustígar (m)	41.200	41.500	41.700	41.900
Tré og runnar úr Ræktunarst. (stk.)	13.500	11.000	10.500	11.000
Sumarbl. og matjurtir úr Ræktunarst. (stk.)	176.000	169.000	132.000	133.000
Bakkaplöntur úr Ræktunarstöð	27.000	26.000	15.000	14.500
Skráðir plöntueinstaklingar í Grasagarði	5.347	5.388	5.689	5.800
Skólaárangar í Vinnuskólanum	3.440	3.150	1.830	1.840
Fjöldi námskeiða í Náttúruskóla á starfsdögum skóla	12	23	12	14
Fjöldi þátttakenda á opnum námskeiðum í Náttúruskóla	308	352	300	320
Skrifstofa Neyslu- og úrgangsmála				
Fjöldi sorptunnuígilda (stk.)	37.868	37.288	37.700	33.000
Blandað heimilissorp á íbúa (kg/íbúa)	185	181	178	163
Fjöldi óskilakatta (stk.)	107	83	120	100
Kvartanir vegna rotta	294	316	240	300
Eyðing vargfugla (stk.)	9.327	6.427	4.900	5000
Pappírstunnur (stk.)	2.426	2.644	2.900	30.500
Skrifstofa samgöngumála				
Umferðaróhöpp með meiðslum	258	285	260	250
Fjöldi umferðarljósa	113	113	115	115
Fjöldi gangbrautarljósa	31	32	34	36
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	39	35	32	28
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar, vísar) (km)	9.80	10	15	25
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	760	766	770	775

*Beð í umsjá verkbækistöðva. ** Bekkir í skrudgördum. *** Endurmat á fjölda kerja og blómakarfa.



Skorkort 2012

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012
Þjónusta				
	Að hafa náð 95% af eftirlitsáætlun	100%	100%	100
Örugg og heilnæm borg	Hundraðshlutfall vatnssýna sem uppfylla viðmiðunarkröfur neysluvatnsreglugerðar 536/2001	100%	100%	100
	Árangursrík eftirfylgni kvartana um umgengi á lóðum og lendum í borginni.	98%	98%	98
Efla fræðslu um umhverfi, heilsu og borgarbrag	Fjöldi gesta sem sækir fræðsluviðburði í Grasagarði Reykjavíkur	1728	1800	2000
Greiðari umferð og gott aðgengi	Ekið á gangandi vegfarendur (3ja ára meðaltal)	54	51	49
	Ekið á hjólandi vegfarendur (3ja ára meðaltal)	47	45	42
	Umferðaróhöpp með meiðslum	284	270	256
	Meðalhraði morgunumferðar á völdum leiðum	31.7	32	32
Fjármál				
Góð nýting og hagkvæm nýting og stýring fjár-	Rekstur verði í samræmi við fjárhagsáætlun. (Hlutfall rekstrar af áætlun)	100	100	100
Verklag				
Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast				
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Vinnustaðurinn minn leggur áherslu á gæði í störfum og þjónustu	90%	90%	*
	Vinnustaðurinn minn leggur áherslu á að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli	85%	85%	*
Árangursríkir stjórnunar-hættir	Ég tel að álag í starfi mínu sé of mikið þegar á heildina er litið	35%	35%	*
	Mínum vinnustað er vel stjórnað	80%	80%	*
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Á heildina litið er ég ánægð/ur í starfi	85%	85%	*
	Ég tel mig búa við starfsöryggi	85%	85%	*

*Næsta könnun verður gerð 2013.



VELFERÐARSVIÐ

Leiðarljós:
Virðing - virkni - velferð




Fjárhagsáætlun 2012

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Þjónustutekjur	699.075
Tekjur v/verkefna frá ríkinu	3.379.450
Tekjur frá Jöfnunarsjóði v/fatlaðs fólks	3.707.244
Rekstrartekjur samtals	7.785.769
Laun og launatengd gjöld	8.967.612
Annar rekstrarkostnaður	10.398.787
Rekstrargjöld samtals	19.366.400
Rekstrarniðurstaða	11.580.631

Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna	1.866
Fjöldi stöðugilda	1.426,81
Skrifstofur	235,20
Nefndir og ráð	76,00
Búsetuúrræði	458,32
Félagsmiðstöðvar	63,20
Dagdeildir	15,00
Heimþjónusta	230,84
Heimahjúkrun	109,73
Hjúkrunarheimili	111,49
Þjónustuíbúðir	48,05
Framleiðslueldhús	13,29
Stuðningsfj., stuðningsþj. og sumarúrræði	19,80
Önnur úrræði	45,84

Skipurit



Skýring: Skrifstofa Stofnun

Hlutverk

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar þ.m.t. félagsþjónustu og barnavernd. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og loks gerð þjónustusamninga við þriðja aðila um framkvæmd þjónustu. Velferðarsvið vinnur með velferðarráði og barnaverndarnefnd. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimþjónustu Reykjavíkur. Þjónustumiðstöðvar eru sex og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, félagsráðgjöf, sálfræðiþjónustu, fjárhagsaðstoð, aðstoð v/húsnæðismála, félagslegri heimþjónustu, stuðningsþjónustu, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Frá Heimþjónustu Reykjavíkur er veitt heimahjúkrun, félagsleg kvöld- og helgarþjónusta og heimageðhjúkrun. Barnavernd Reykjavíkur leitast við að tryggja börnum viðeigandi aðstoð og uppeldisskilyrði og gæta hagsmuna þeirra barna sem búa við óviðunandi aðstæður og sjá þeim fyrir viðeigandi aðstoð. Velferðarsvið sér einnig um rekstur ýmiskonar sértækra búsetuúrræða, hjúkrunarheimila, átaksverkefni á sviði endurhæfingar og ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi í Reykjavík.

Megináherslur 2012

Megináherslur velferðarráðs fyrir árið 2012 eru að Reykjavík veiti kærleiksríka og hvetjandi velferðarþjónustu, að allir hafi í sig og á, þak yfir höfuðið og öll börn hafi möguleika á að þroskast og dafna. Viðmót velferðarþjónustunnar endurspeglir þá vissu að kerfið sé gert handa fólki en ekki fólkið handa kerfinu. Á árinu verður sérstök áhersla lögð á að koma vinnufúsum höndum til vinnu, að fólk sé virkjað til sjálfshjálpar og þannig fækki þeim sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu. Áfram verði þróuð margvísleg virkniúrræði og sérstaklega horft til þjónustu við ungt fólk. Velferðarráð leggur mikla áherslu á að þróa og styrkja þjónustu við börn á þjónustumiðstöðvum og hjá Barnavernd. Þjónusta/stuðningur við ungmenni 16-18 ára sem hvorki stunda nám né vinnu verði styrkt og þjónusta við unga vímuefnanotendur skoðuð. Velferðarráð leggur áherslu á að utangarðsfólki sé vel sinnt og á árinu verður áfram unnið að málefnum þeirra. Notendasamráð er lykilatriði í þróun Velferðarsviðs og árinu 2012 hefst vinna við að þróa þjónustu við fatlað fólk í takt við framtíðarsýn borgarinnar í málaflokknum. Sérstök áhersla verður lögð á að þróa dagþjónustu fyrir fatlað fólk frá 16 ára aldri og vinna að því að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð. Þjónusta við aldraða er einn af lykilþáttum í starfsemi Velferðarsviðs og lögð er áhersla á að fólk geti treyst á örugga heimaþjónustu og viðeigandi búsetuúrræði þegar þörf er á. Loks verður áfram á árinu 2012 unnið markvisst að endurskoðun á starfsemi Velferðarsviðs og forgangsröðun fjármagns og þjónustu til hagsbóta fyrir þá sem mest þurfa á þjónustu og aðstoð að halda.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2012 er unnin með það að leiðarljósi að veita brýnustu velferðarþjónustu, s.s. félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, húsnæðisaðstoð, barnavernd og þjónustu heim. Jafnframt er lögð áhersla á að mæta áherslum velferðarráðs fyrir árið 2012. Velferðarsvið þarf einnig að vera í stakk búið til að mæta þeirri þjónustuaukningu sem orðið hefur og aukinni þyngd mála með tilheyrandi auknu álagi á starfsmenn. Jafnframt þarf sviðið að tryggja að hægt verði að halda áfram nauðsynlegri þróun í þjónustu og rekstri þannig að hægt verði að styðja betur við þá sem eiga hvað erfiðast vegna afleiðinga efnahagsvanda.

Fjárhagsrammi Velferðarsviðs gerir ekki ráð fyrir sérstakri hagræðingarkröfu. Lögð hefur verið áhersla á að mæta kostnaðarhækkunum innan ramma, viðbótarfjármagn fæst í kjarasamningshækkanir og aukið fjármagn til þróunar brýnna þjónustuverkefna. Lagðar eru til ákveðnar breytingar í þjónustu og gjaldskrá til að mæta öðrum brýnum þáttum, magnaukningu í þjónustu eða þróun í fjárfrekum þjónustuþáttum sem erfitt er að stýra hvað varðar þann fjölda sem sækir um þjónustu. Fjárhagsáætlun fyrir málefni fatlaðs fólks er nú unnin í fyrsta sinn jafnhliða fjárhagsáætlun sviðsins í heild. Fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur verða áfram bundnir liðir og ekki er gert ráð fyrir breytingum á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar að sinni.




Skipting fjármagns eftir þjónustubáttum

Fjárhagsáætlun Velferðarsviðs er skipt niður eftir þjónustubáttum þar sem hver kostnaðarstaður eða einstakt viðfangsefni er skilgreint eftir þeirri þjónustu sem veitt er þvert á rekstrareiningar sviðsins. Með þeirri framsetningu fæst góð yfirsýn yfir fjölbreytta starfsemi sviðsins. Rammi Velferðarsviðs 2012 er 11.581 millj.kr. Tekjur eru 7.786 millj.kr, laun og launatengd gjöld eru 8.968 millj.kr. Annar rekstrarkostnaður er 10.399 millj.kr. Þar með talin fjárhagsaðstoð og húsaleigubætur.

Kökuritið hér til hliðar (*Mynd 1*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda sviðsins niður á samandregna þjónustubætti. Sjá má að búsetuúrræði vega þar þyngst eða um 19% af áætluðum útgjöldum sviðsins. Fjárhagsaðstoð kemur þar á eftir með 15%. Heimþjónusta og húsaleigubætur um 13%. Samanlagður rekstur skrifstofa þjónustumiðstöðva, barnaverndar og aðalskrifstofu er 12%. Samningar, framlög og styrkir eru 10%. Félagsmiðstöðvar og þjónustuíbúðir 7% og annar rekstur samanlagt um 12%.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 1




Skipting fjármagns eftir starfseiningum

Þegar útgjöld Velferðarsviðs er skipt upp eftir starfseiningum (*Mynd 2*) þá skiptist fjármagnið þannig að 70% fer í gegnum þjónustumiðstöðvar sviðsins og vegur þar þyngst hlutur fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis er með umfangmestu þjónustuna en þangað fara um 19% af fjármagni sviðsins. Til skrifstofu Velferðarsviðs fara um 16% þar eru meðtaldir samningar vegna málefna fatlaðs fólks (styrktarfélagið Ás) sem vega um 41% af heildarútgjöldum skrifstofunnar. Til þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða fara 15%, til þjónustumiðstöðvar Breiðholts fara 12%. Um 10% fara til þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, um 7% til þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og um 6% til Vesturgarðs. Um 4% fara til hjúkrunarheimila sem Velferðarsvið rekur og 7% til Heimþjónustu Reykjavíkur. Umfang Barnaverndar Reykjavíkur er rúm 4%.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 2




Málefni fatlaðs fólks

Þann 1. janúar 2011 bættist málaflokkur fatlaðs fólks við rekstur Velferðarsviðs og ber sviðið ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og á Seltjarnarnesi.

Fjárhagsáætlun ársins 2012 fyrir málaflokkinn er 4.775 millj.kr. Með málafloknum komu 329 stöðugildi og 546 starfsmenn. Málefni geðfatlaðs fólks voru flutt yfir til Reykjavíkurborgar á árinu 2010 og er því gert ráð fyrir 642 starfsmönnum í 461 stöðugildi innan málaflokks fatlaðs fólks í áætlun 2012. Þjónusta við fatlað fólk er veitt á 63 starfseiningum á vegum Velferðarsviðs. Að auki er veitt þjónusta sem ekki er bundin við sérstök úrræði og felst hún í stuðningsþjónustu- og stuðningsfjölskyldusamningum.

Ljóst er að næstu þrjú ár verða erfið hvað þennan málaflokk varðar þar sem rekstrinum er þröngur stakkur skorinn en mikil krafa og væntingar eru um bætingu og þróun í þjónustu við fatlað fólk. Kökuritið hér til hliðar (*Mynd 3*) sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda við málaflokkinn á milli þjónustumiðstöðva Velferðarsviðs. Samningur við styrktarfélag Ás fellur undir skrifstofu sviðsins.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 3




Tekjur og gjöld

Þegar tekjur sviðsins eru skoðaðar (*Mynd 4*) má sjá að tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna Málefna fatlaðs fólks vega þyngst eða um 47%. Tekjur vegna þjónustusamnings um Heimahjúkrun eru 14%. Hjúkrunarheimilin Droplaugarstaðir og Seljahlíð eru rekin á daggjöldum frá ríkinu sem vega um 11%. Aðrar tekjur eru þjónustutekjur vegna ýmissa liða svo sem matarþjónustu, félagslegrar heimaþjónustu, dvalargjalda, akstursþjónustu og þjónustugjalda í þjónustuíbúðum aldraðra. Heildartekjur sviðsins eru 7.786 millj.kr.

Útgjöld Velferðarsviðs fyrir fjárhagsárið 2012 eru í heild um 19.366 millj.kr.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 4




Fjárhagsaðstoð

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar eru bundinn liður. Í fjárhagsáætlun ársins 2012 er gert ráð fyrir að heildar útgjöld til fjárhagsaðstoðar verði 2.984 millj.kr. Reynsla undanfarinna ára-tuga hefur sýnt að breytingar á fjölda notenda fjárhagsaðstoðar eru mjög tengdar atvinnuleysi. Í þjóðhagsspa er gert ráð fyrir að atvinnuleysi fari minnkandi á landinu á árinu 2012 og verði um 6%, en spáð er að hlutfall atvinnulausra verði um 1,2% hærra í Reykjavík eða um 7,2%.

Líkur eru á að fjöldi notenda fjárhagsaðstoðar muni áfram haldast hér á meðan það atvinnuástand sem nú er varir enda voru um 34% notenda fjárhagsaðstoðar atvinnulausir án bótaréttar á fyrstu níu mánuðum ársins 2011. Í útgjöldum til fjárhagsaðstoðar vegur framfærslustyrkur þyngst eða 80%. Sé framfærsla til náms, sem er hluti heimildargreiðslna meðtalin eru þessir liðir samtals um 89% af útgjöldum til fjárhagsaðstoðar.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í forsendum.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 5




Húsaleigubætur

Útgjöld til húsaleigubóta er bundinn liður. Í fjárhagsáætlun 2012 er gert ráð fyrir að heildarútgjöld verði 2.558 millj.kr. Mót-famlag úr Jöfnunarsjóði er áætlað 1.166 millj.kr.

Mynd 6 sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda húsaleigubóta. Almennar húsaleigubætur vega þar þyngst eða um 66%. Sérstakar húsaleigubætur vegna félagslegra íbúða vega um 22% og sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði eru um 12% af fjárheimildum ársins 2012. Við ákvörðun fjárheimilda til almennra húsaleigubóta er litið til þróunar á almennum húsaleigumarkaði og stuðst við líkan sem byggir á sögulegum gögnum. Áætlað er að heildar útgjöld almennra húsaleigubóta lækki um 41 millj.kr. Fjárheimildir vegna sérstakra húsaleigubóta gera ráð fyrir hækkun útgjalda um 32 millj.kr. Útgjöld vegna sérstakra húsaleigubóta v/félagslegra íbúða standa í stað.

Heildar breyting á útgjöldum vegna húsaleigubóta er því samantölgð lækkun um 9 millj.kr.

Hlutfallsleg skipting - Mynd 5



Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

		Raun 2010	Esk. 2011	2012*
Fjárhagsaðstoð				
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	1)	1.961.454	2.669.182	2.984.182
Fjárhagsaðstoð til framfærslu		1.538.613	2.106.104	2.378.104
Framfærsla vegna náms		200.243	202.055	253.662
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni		222.598	361.023	352.416
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls		3.704	4.278	4.500
Húsaleigubætur				
Heildarupphæð		1.584.332	1.704.784	1.663.784
Hlutur Reykjavíkurborgar		715.370	809.516	768.516
Fjöldi heimila		8.370	8.613	8.800
Sérstakar húsaleigubætur á almennum markaði				
Heildarupphæð		244.299	262.591	294.591
Hlutur Reykjavíkurborgar		82.236	105.036	137.036
Fjöldi heimila		1.036	1.179	1.300
Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða				
Fjöldi úthlutana		193	188	185
Fjöldi á biðlista í árslok		675	695	700
Fjöldi íbúða		1.837	1.837	1.837
Sérstakar húsaleigubætur v/íbúða Félagsbústaða - upphæð		235.812	226.564	226.564
Þjónustuíbúðir				
Fjöldi úthlutana		84	62	65
Fjöldi á biðlista í árslok		386	380	380
Fjöldi íbúða		375	375	375
Hjúkrunarrými				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum		82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir		769.000	786.529	807.947
Meðalkostn. á notað rými á dag		26	26	27
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum			21	22
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð		20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild		234.684	249.658	243.885
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð		32	34	33
Framlag ríkissjóðs á rými á dag			22	23
Heimaþjónusta				
	2)			
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld)		1.246.341	1.340.218	1.471.829
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta		151.300	175.893	191.936
Félagsleg heimaþjónusta - fjöldi heimila		3.777	3.834	3.850
Heildarkostnaður heimahjúkrun		938.076	990.469	1.065.000
Heimahjúkrun - meðalfjöldi á mánuði með virka þjónustu		810	877	920

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

		Raun 2010	Esk. 2011	2012*
Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./persl.ráðgj.)				
Heildarkostnaður		185.015	198.183	215.437
Fjöldi notenda		570	593	600
Þjónusta við fatlað fólk				
Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður			103.760	112.891
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður			59.760	65.019
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna			250	250
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður			179.976	195.453
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	3)	1.001.979	2.825.955	3.164.405
Matarþjónusta				
Fjöldi notenda með heimsendan mat		1.128	1.152	1.170
Fjöldi heimsendra máltíða		135.739	138.819	139.000
Þjónusta við börn				
Fjöldi barnaverndartilkynninga		4.255	4.191	4.200
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur		70.224	68.619	66.324
Fjöldi barna í varanlegu fóstri		94	90	90
Heildarkostnaður við tímabundið fóstur		114.853	113.100	128.754
Fjöldi barna í tímab. fóstri		66	65	65
Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur		21.312	25.854	26.236
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur		134	140	140

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema annað sé tekið fram.

1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v/ erlendra ríkisborgara

2) Seljahlið meðtalin

3) Málefni geðfatlaðra fluttust til Reykjavíkurborgar 1.5.2010 en allur málaflokkurinn fluttist yfir 1.1.2011

Skorkort 2012

	Mælikvarðar	Viðmið Gult			Raun 2010	2011 útk.spá	2012 áætlun
Þjónusta							
	Hlutfall umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á alm. markaði.	25%	-	34%	27%	29%	30%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þrif.	28%	-	33%	30%	30%	35%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu	10%	-	14%	15%	16%	17%
	Hlutfall íbúa í sértækum tímabundnum búsetuúrræðum sem gerir samkomulag um félagslega ráðgjöf.	20%	-	24%	16%	20%	25%
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð 12 mánuði á ári.	9,50%	-	10%	13%	14%	13%
	Hlutfall þátttakenda í Kvinnasmiðju sem eru ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir 12 mánuði.	48%	-	62%	60%	65%	65%
	Hlutfall þeirra sem uppfylla skilyrði greinar 16 A í reglum um fjárhagsaðstoð og fær aðstoð.	55%	-	64%	38%	55%	65%
	Hlutfall atvinnuleitenda án bótaréttar sem fá fjárhagsaðstoð í tvo mánuði eða lengur mæti á kynningarnámskeið „Virgni til velferðar“	60%	-	69%			70%
	Hlutfall ungmenna á aldrinum 18—24 ára sem komin eru með áætlun um virkni innan tveggja mánaða	65%	-	79%			80%
Fjármál							
	Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%		102%	100%
	Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%		101%	100%
	Ofgreiðslur fjárhagsaðstoðar yfir skilgreindum mörkum rýnd sérstaklega	55%	-	60%	*	80%	65%
	Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða	101%	-	104%	*	100%	100%
Verklag							
	Hlutfall mála sem skotið er til Velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga.	55%	-	65%		60%	65%
Mannauður							
	Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtt í starfi.	70%	-	79%	*	83%	90%
	Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli	70%	-	74%	*	83%	85%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfspróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum	65%	-	74%	*	75%	85%
	Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	70%	-	79%	*	87%	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið hrós fyrir vel unnin störf	60%	-	69%	*	70%	85%
	Hlutfall stm. sem hafa farið í starfspróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum	70%	-	74%	*	70%	80%
	Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf	70%	-	74%	*	85%	85%
	Hlutfall stm. sem telja að upplýsingastreymi sé gott	60%	-	69%	*	65%	75%
	Hlutfall stm. sem er tilbúinn að takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag	70%	-	74%	*	75%	85%

* Viðhorfskönnun ekki gerð árið 2010

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ



Leiðarljós


Framkvæmda- og eignasvið er leiðandi á sviði framkvæmda, reksturs og viðhalds eigna Reykjavíkurborgar

Fjárhagsáætlun 2012

Rekstur (Fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2012
Rekstrartekjur	16.513.078
Söluhagnaður eigna og lóða	440.000
Samtals tekjur:	16.953.078
Laun og launatengd gjöld	1.252.057
Annar rekstrarkostnaður	4.178.411
Afskriftir	3.449.196
Samtals gjöld:	8.879.664
Fjármunatekjur/(gjöld)	5.689.236
Rekstrarniðurstaða:	2.384.178

Fjárfesting (Fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2012
Byggingaframkvæmdir	2.290.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	2.610.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	480.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	120.000
Sérstök átaksverkefni	1.000.000
Fjárfestingar samtals:	6.500.000
Gatnagerðargjöld	-270.000
Fjárfestingar nettó:	6.230.000

Skipurit



Starfsmenn	2012
Fjöldi starfsmanna	175
Fjöldi stöðugilda	174,7
<i>- Eftir skrifstofum:</i>	
Yfirstjórn - stoðdeildir	25
Landupplýsingar	12
Mötuneyti	6
Mannvirkjaskrifstofa	15
Skrifstofa gatna og eignaumsýslu - alls	117
Skrifstofa G&E	14
Hverfastöðvar - fasteignaþjónusta	16
Hverfastöðvar - gatnaþjónusta	57
Þjónustumiðstöð	30

Hlutverk

Framkvæmda- og eignasvið annast framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar í samráði við fagsvið borgarinnar, stýrir hönnun þeirra, byggingu og sér um viðhald. Sviðið annast gerð leigusamninga fyrir fagsvið og gerir þjónustusamninga um hvers kyns rekstur og átaksverkefni sem falla að eignarekstri. Kaup og sala eigna er á hendi sviðsins, sem og úthlutun lóða ásamt sölu byggingarréttar.

Megináherslur 2012 - breytingar frá fyrra ári

Reynt verður eftir fremsta megni að forgangsraða fjármunum á sem skilvirkastan hátt, en vegna minni tekna borgarsjóðs hefur verið dregið úr viðhaldi og rekstri borgarlandsins. Á undanförunum árum hefur fjármagn til þessara þátta verið skorið verulega niður og verður vart gengið lengra í þeim efnum. Niðurskurður árána 2009 - 2011 á verðlagi hvers árs er alls 3,7 milljarðar, sem skiptist með eftirfarandi hætti: Vegna launa nær 370 milljónir, vegna viðhalds fasteigna 1.420 milljónir, vegna viðhalds og reksturs gatna um 1.910 milljónir.

Starfsfólki sviðsins fækkaði nokkuð 2011, en ekki hefur verið ráðið í stöður sem losna. Til að mæta þessu voru minniháttar breytingar gerðar á skipuriti sviðsins til að jafna álag. Breytingar voru gerðar í húsnæðismálum sviðsins og notar það nú um 2/3 þess húsnæðis sem áður var fyrir skrifstofur. Upplýsingadeild færðist í Ráðhús, en það var hluti af heildarbreytingum í upplýsingamálum borgarinnar.

Ábendingavefur mun opna snemma árs 2012. Þannig verður almenningi auðveldað að koma með ábendingar um það sem betur má fara í borgarlandinu.

Þá verður áfram lögð áhersla á Framkvæmdasjá en hún opnaði í fyrra. Jafnframt er stefnt að því að bæta enn frekar upplýsingar á vettvangi.

Unnið er að innleiðingu á verkefnavef og er stefnt að því að taka hann í notkun 2012. Bundnar eru vonir við að með honum náist enn betri árangur í stýringu og utanumhaldi einstakra verka, auk þess sem gögn verða aðgengilegri.

Sviðið er að innleiða útreikninga á kostnaði sem til fellur á öllum líftíma mannvirkis. Með því á ákvörðunartaka í mannvirkjagerð að geta orðið markvissari og áreiðanlegri og tekið tillit til annarra þátta en stofnkostnaðar, s.s. viðhalds og rekstrar á líftíma mannvirkis.

Talsvert er til af byggingarhæfum lóðum og eru upplýsingar um þær aðgengilegar á vef borgarinnar. Til skoðunar eru úthlutunarreglur og fleira sem tengist markaðssetningu og sölu lóða. Gert er ráð fyrir tekjum af sölu byggingaréttar 30 íbúða árið 2012.

Framkvæmda- og eignasviði var falið að kaupa og halda utan um rekstur á bifreiðum í stað þeirra sem borgin hafði haft á rekstrarleigu. Flestir bílar sem keyptir voru ganga fyrir metani en það er í samræmi við stefnumörkun borgarinnar um umhverfisvænar samgöngur. Unnið verður að frekari innleiðingu starfsferla vegna bílarekstursins.

Þegar sundurliðuð viðhaldsáætlun fasteigna og sundurliðuð viðhalds- og endurnýjunaráætlun gatna liggur fyrir mun hún verða lögð fram í borgarráði til kynningar.





Fjárfestingar og framkvæmdaáætlun 2012

Fjárfestingar og framkvæmdaáætlun ársins 2012 gerir ráð fyrir að 6,5 milljörðum króna verði varið til fjárfestinga og er það sama fjárhæð og á árinu 2011, en með því að halda óbreyttri stefnu í fjárfestingum er stuðlað að framkvæmdum og atvinnu. Við gerð framkvæmdaáætlunar var einkum horft til vinnuafsfrekra framkvæmda og að þær muni sem minnst auka rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum.

Áætlunin skiptist annars vegar í nýframkvæmdir og hins vegar meiriháttar endurbætur og viðhald. Áfram er lögð áhersla á meiriháttar viðhaldsverkefni og endurbætur til eflingar atvinnu í borginni. Áhersla hefur verið lögð á að flýta viðhaldsverkefnum sem áætlað var að vinna næstu árin.

Framkvæmdaáætlunin verður að stærstum hluta fjármögnuð með lánum og er hún sett fram með fyrirvara um að lánsfé muni fást á ásættanlegum kjörum. Eins og samþykktarferli framkvæmda gerir ráð fyrir verða tillögur um fjármögnun framkvæmda lagðar fyrir borgarráð eftir því sem útstreymi fjármuna vegna fjárfestinga kallar á slíkar ákvarðanir. Áfangar í framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum.

Samvinna og samráð við hverfaráð og íbúa um forgangsörðun verkefna verður aukin, enda var góð reynsla af þeirri samvinnu á árinu 2011. Svokallaðir „hverfapottar“ til framkvæmda innan hverfanna verða stækkaðir um helming og viðbótin er hugsuð til að flýta viðhaldsverkefnum sem íbúar og hverfaráð kjósa. Með því að virkja íbúa í hverfum verður betur vakað yfir ástandi opinna svæða og torga í hverfum borgarinnar. Vefurinn **Betri Reykjavík** verður notaður bæði til að fá fram hugmyndir um verkefni í hverfunum, sem og til að velja milli verkefna eftir að búið verður að áætla framkvæmdakostnað við þau. Áhersla er lögð á að flýta samráðsferlinu svo mögulegt verði að bjóða verkefni út tímanlega.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu framkvæmdir sem áætlaðar eru árið 2012.

Helstu gatna- og umhverfisframkvæmdir 2012

Þjóðvegir og aðrar umferðargötur

Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni.	Samstarf við Vegagerðina.
Miðlæg umferðarstýring.	Samstarf við Vegagerðina.
Forgangur Strætó og úrbætur.	Forgangsreinar / biðstöðvar.

Nýbyggingahverfi

Gönguleiðir, ræktun og frágangur.	Stofnframkvæmdir í eldri hverfum.
Þétting byggðar.	Þétting í eldri hverfum
Nýr Landsspítali (NLSH).	Undirbúningur.
Stúdenta- og vísindagarðar HÍ.	Gatnagerð vegna 1. áfanga stúdentaíbúða.

Miðborgin

Lækjargata - Lækjartorg - Austurstræti - Ingólfstorg.	Lagfæringar og endurgerð að hluta.
Klapparstígur.	Endurgerð sunnan Laugavegar.
Hverfisgata.	Undirbúningur vegna endurgerðar.

Umhverfis- og aðgengismál

Gönguleiðir í eldri hverfum, endurnýjun.	Endurnýjun göngu- og hjólastíga í eldri borgarhverfum.
Gönguleiðir skólabarna og aldraðra.	Endurbætur m.t.t. aðgengis- og öryggismála.
Göngu- og hjólastígar. Hjólreiðaáætlun o.fl.	Breikkun og/eða nýir stígar eftir aðstæðum.
Laugardalur.	Göngu- og hjólaleiðir.
Ellifaárósar, göngu- og hjólabrýr.	Samstarf við Vegagerðina.

Umferðaröryggismál

Hraðahindrandi aðgerðir, vástaðir.	Úrbætur m.t.t. umferðaröryggis.
------------------------------------	---------------------------------



Helstu byggingaframkvæmdir 2012

Skóla- og frístundasvið

Norðlingaskóli, Árvað 3 - sambyggður leik- og grunnskóli.	Lok framkvæmda.
Sæmundarskóli, Gvendargeisli 168.	Lok framkvæmda.
Klettaskóli.	Endurbætur og breytingar.
Breiðagerðisskóli.	Endurbætur 1. áfangi.
Endurbygging skólalóða, boltagerði.	Framkvæmdir samkvæmt forgangsöröðun.
Endurbygging leikskólalóða, öryggismál.	Endurgerð og lagfæringar.
Framlög til framhaldsskóla.	Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í stofnframkvæmdum.

Íþrótt- og tómstundasvið

Úlfarsárdalur, íþróttasvæði Fram.	Gervigrasvöllur og félagsaðstaða.
Sundlaugar.	Laugardalslaug / Sundhöllin.
Íþróttahús Seljaskóla.	Áhorfendabekkir.

Velferðarsvið

Spöngin 43.	Bygging þjónustumiðstöðvar.
-------------	-----------------------------

Endurbætur , meiriháttar viðhald og átaksverkefni

Átaksverkefni.	Ýmis átaksverkefni.
Sundlaugamannvirki.	Endurbætur sundlaugamannvirkja.
Leikvellir, torg og opin svæði.	Ýmsar framkvæmdir í eldri hverfum.
Ýmis meiriháttar viðhaldsverkefni fasteigna.	Ýmis verkefni.
„Hverfapottar“.	Í samvinnu við íbúa og hverfaráð.



Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Raun 2009	Raun 2010	Áætluð út- koma 2011	Áætlun 2012
Lóðaúthlutun				
Úthlutun og sala byggingaréttar ¹⁾	- 15 íbúðir	- 27 íbúðir	- 10 íbúðir	30 íbúðir
Eftir húsgerðum:				
Einbýli	- 18 íbúðir	- 7 íbúðir	1 íbúð	9 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	- 41 íbúð	- 2 íbúðir	- 11 íbúðir	21 íbúð
Fjölbýlishús	- 44 íbúðir	- 18 íbúðir	0	0
Eignarekstur				
Fjöldi fasteigna í rekstri	336	339	342	344
Flatarmál fasteigna í rekstri	487.376 m ²	498.952 m ²	501.682 m ²	505.000 m ²
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs			69	120
Borgarlandið - helstu stærðir				
Götur með bundnu slitlagi (lengd og yfirborð)	503 km 4.320.000m ²	508 km 4.365.000m ²	515 km 4.404.000m ²	525 km 4.440.000m ²
Göngu- og hjólaleiðir með bundnu slitlagi (lengd og yfirborð)	760 km 1.985.000m ²	762 km 2.015.000m ²	766 km 2.021.000m ²	780 km 2.055.000m ²
Opin svæði - heildarstærð ²⁾	5.600.000 m ²	5.600.000 m ²	16.055.482 m ²	16.055.000 m ²
Borgarlandið - þjónusta				
Hreinsun gatna og gönguleiða	6.042.000 m ²	6.285.000 m ²	6.425.000 m ²	6.460.000 m ²
Hreinsun opinna leiksvæða	250.000 m ²	250.000 m ²	274.870 m ²	280.000 m ²
Grassláttur opinna svæða	4.000.000 m ²	3.792.000 m ²	3.806.138 m ²	3.820.000 m ²
Sorpstampar	1.100 stampar	1.119 stampar	1.178 stampar	1.200 stampar
Fjöldi bekkja	740 bekkir	740 bekkir	896 bekkir	920 bekkir
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd akreina	1.181 km	1.183 km	1.011 km	1.030 km
Vetrarþjónusta gönguleiða ³⁾	760 km	760 km	757 km	770 km
Hitakerfi í götum og stígum	215.000m ²	215.000m ²	227.782 m ²	230.000 m ²
Ljósastaurar	26.839 stk.	26.869 stk.	27.461 stk.	27.800 stk.

1) Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar. Tölur um sölu byggingaréttar 2011 miðast við 20. okt. 2011.

2) Allt opið svæði í byggð. Skilgreiningar breyttar frá og með 2011. Sjá kort og skilgreiningu á vef: www.reykjavik.is/fer (borgarland - opin svæði).

3) Allar gönguleiðir með bundnu slitlagi.

Stefna, áherslur og aðgerðir 2012

	Framkvæmdir og rekstur innan fjárheimilda
Staða í ársbyrjun 2012	<ul style="list-style-type: none"> Niðurskurður í viðhaldi síðustu 3 ár er verulegur. Uppsafnaður sparnaður á verðlagi hvers árs er vegna viðhalds fasteigna 1.420 milljónir og í rekstri og viðhaldi gatna er hann 1.910 milljónir króna. Uppsafnaður sparnaður í launakostnaði síðustu 3 ár er um 370 mkr. Mikið aðhald hefur verið í rekstri deilda með virkri þátttöku starfsfólks síðustu 3 ár. Uppsafnaður sparnaður frá árinu 2008 er 264 milljónir. Áframhaldandi krafa um aðhald og sparnað. Launahækkningar bætta, en sviðið mætir að hluta verðlags-hækkunum vegna annars rekstrarkostnaðar.
Áherslur 2012– 2013	<ul style="list-style-type: none"> Efla kostnaðarvitund í mannvirkjagerð, viðhaldi og rekstri hjá starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, notendum, hönnuðum og framkvæmdaaðilum. Heildarkostnaður framkvæmda og leiguupphæð sé samþykkt í upphafi verks. Leggja mat á líftímakostnað mannvirkis (stofn-, rekstrar- og viðhaldskostnaður til ákveðinna ára). Velja hagkvæm efni og útfærslur í byggingar og mannvirki. Tryggja að lækkun kostnaðar á einum stað leiði ekki til aukins kostnaðar annars staðar (leiktæki, verkfæri). Sérstök áhersla á gæðastjórnun í mannvirkjagerð.
Aðgerðir 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> Kostnaðarrámmi fjárfestingaverka kynntur í fagráðum og samþykktur í borgarráði samkvæmt verkferli (frumkostnaðaráætlun, kostnaðaráætlun I og II). Að áætluð leiga og rekstrarkostnaður sé kynntur samhliða fjárfestingunni. Yfirfara og samræma verkferla í framkvæmdum og viðhaldi. Tryggja með innri úttekt að unnið sé eftir verkferlum í framkvæmdum og viðhaldi. Skerpa á samstarfi milli mannvirkjaskrifstofu (MASK) og skrifstofu gatna- og eignaumsýslu (G&E) á undirbúnings- og hönnunarstigi mannvirkis til að tryggja hagkvæmni reksturs þeirra. Mánaðarleg yfirferð í yfirmannahópi um greiðsluáætlanir og frávik. Innleiða útreikninga líftímakostnaðar (LCC) á öllum stigum bygginga, forhönnun, hönnun, framkvæmd og rekstur. Byggja upp gagnagrunn með rauntölum. Efla og virkja „kostnaðarmenningu“ innan sem utan sviðs og fara í öflugra kynningu á uppbyggingu og starfsemi FER (stofnkostnaður – viðhald - rekstur). Endurskipulagning hverfastöðva með aukið hagræði í huga. Upplýsa þann sem biður um þjónustu um hvað þjónustan muni kosta áður en hún er veitt. Ársfjórðungslegir stöðufundir FER. Stjórnendur miðli stöðu frávikagreiningar til starfsmanna og geri tillögur til úrbóta. Bæta skráningu í verkbókhalda. Endurskoða millideildarsölu innan sviðs til að samræma skráningu starfsmanna á verknúmer.
Ábyrgð og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> Sviðstjóri og yfirstjórn bera ábyrgð á framgangi verkefna. Ráðdeild er á ábyrgð allra og kostnaðarstýring er verkefni allra. Öflugt samstarf byggir á þátttöku allra starfsmanna. Hagkvæmni næst fram með góðri samvinnu.

Stefna, áherslur og aðgerðir 2012

	Efla samstarf og hagnýta þekkingu starfsmanna
Staða í árs- byrjun 2012	<ul style="list-style-type: none"> Starfsmenn óska eftir aukinni endurmenntun innan sviðsins. Starfsmenn hafa bent á að upplýsingaflæði innan sviðs og milli sviða þurfi að efla. Unnið hefur verið að auknu samstarfi milli þeirra sem vinna að nýfrankvæmdum og þeirra sem sinna viðhaldi. Öryggisnefnd FER vill vinna að bættri öryggismenningu.
Áherslur 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> Efla endurmenntun starfsmanna. Fá yfirsýn yfir þekkingu starfsmanna og hvernig hagnýta megi hana betur. Nýta betur þekkingu starfsmanna og stuðla að verkefnatengdri samvinnu milli deilda og sviða. Yfirfara og endurmeta áhættumat starfa. Efla og bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsmanna.
Aðgerðir 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> Kennsla innan sviðs í starfstengdum forritum, s.s. Exel og Agresso (áhersla á kostnaðargát). Taka saman þekkingarbókhald starfsmanna FER (sérhæfing starfsmanna). Deildir taki saman og kynni þekkingu, búnað og sérhæfingu sem þær búa yfir. Ljúka áhættumati starfa hjá öllum starfseiningum. Kynningafundur verði a.m.k. fjórum sinnum á ári til að upplýsa um væntanleg verkefni og framvindu verka (bæði fasteigna- og rekstrarstjórar verði á fundunum).
Ábyrgð og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> Sérhver starfsmaður hefur frumkvæði að eigin endurmenntun, en hún er einnig hluti af starfsþróunarsamtali. Ábyrgð á framgangi verkefnis í heild er hjá mannauðsdeild. Samvinna við gæði, þróun og greiningu, öryggisnefnd og stjórnendur.



Stefna, áherslur og aðgerðir 2012

	Ábendingavefur
Staða í árs- byrjun 2012	<ul style="list-style-type: none"> • Ábendingavefur verður opnaður almenningi. • Símmaverið megin gáttin inn fyrir ábendingar frá borgarbúum vegna verkefna FER.
Áherslur 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> • Vefurinn nýtist til ábendinga til annarra en FER. • Vefurinn verði notaður af fleiri sviðum en FER og hann nýtist einnig aðilum utan borgarkerfisins. • Tryggja rekjanleika ábendinga. • Ábendingar séu afgreiddar fljótt og vel. • Starfsmenn vinni samkvæmt verkferli varðandi skráningu og afgreiðslu ábendinga.
Aðgerðir 2012 - 2013	<ul style="list-style-type: none"> • Gera þarf ýmsar úrbætur á vefnum. • Samvinna við önnur svið og aðila utan borgarkerfisins um notkun ábendingavefsins. • Markviss kennsla fyrir þá sem ætlað er að nota vefinn. • Opna möguleika á að íbúar geti gert ábendingar um bilaða ljósstaura í borginni. • Í kortagrunn verði hægt að fá upp staðsetningu t.d. ljósastaura, útibekkja og ruslastampa.
Ábyrgð og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifstofa gatna- og eignaumsýslu heldur utan um verkefnið • Samvinna við símmaver um þróun ábendingavefs.




Stefna, áherslur og aðgerðir 2012

	Verkferlar
Staða í árs- byrjun 2012	<ul style="list-style-type: none"> Til er safn verkferla í Rekstrarhandbók FER sem þarf að yfirfara og bæta við nýjum. Starfsmenn hafa kallað eftir aukinni kynningu á verkferlum.
Áherslur 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> Endurbæta og samræma framsetningu verkferla. Eingöngu séu í Rekstrarhandbók virk skjöl sem unnið skal eftir. Tryggja að ávallt sé unnið með rétt gögn.
Aðgerðir 2012 - 2013	<ul style="list-style-type: none"> Virkja umsjónarmenn rekstrarbóka starfseininga sem bera ábyrgð á ástandi skjala og viðhaldi þeirra í Rekstrarhandbók. Hreinsa út þau skjöl sem ekki eru virk í Rekstrarhandbók. Tryggja að verkferlar séu kynntir og þeim fylgt eftir með góðri innleiðingu. Innri úttektir verði gerðar 6 mánuðum eftir innleiðingu verkferla.
Ábyrgð og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> Yfirstjórn ber ábyrgð á að verkferlar í Rekstrarhandbók séu réttir. Umsjónarmenn rekstrarbóka starfseininga bera ábyrgð á ástandi skjala og viðhaldi upplýsinga. Gæði, þróun og greining annast daglegan rekstur Rekstrarhandbókar.




Stefna, áherslur og aðgerðir 2012

	Verkefnavefur
Staða í ársbyrjun 2012	<ul style="list-style-type: none"> • Undirbúningur og val á verkefnavef hefur átt sér stað. • Unnið er með tvö sérvalin verkefni í Byggeweb.
Áherslur 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> • Bæta við tveimur nýjum verkefnum í verkefnavef. • Tryggja að ávallt sé unnið með rétt gögn. • Tryggja að sömu gögn séu ekki vistuð á mörgum stöðum.
Aðgerðir 2012 - 2013	<ul style="list-style-type: none"> • Velja tvö ný verkefni til að setja í verkefnavef. • Skrá verkferla í Rekstrarhandbók. • Tryggja með innri úttekt að allir vinni eftir verkferlum í Rekstrarhandbók. • Innleiðing og kennsla til að tryggja virka notkun. • Taka endanlega ákvörðun um framtíðarnotkun verkefnavefsins í lok árs í ljósi reynslu af prufu-verkefnum .
Ábyrgð og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> • Verkefnishópur skipaður með erindisbréfi heldur áfram störfum. • Verkefnastjóri leiðir verkefnið. • Allir starfsmenn kynni sér og fylgist með verkefninu, leggja því lið eftir þörfum.



Stefna, áherslur og aðgerðir 2012

	Lóðir, lóðaleigusamningur og mæliblöð
Staða í árs- byrjun 2012	<ul style="list-style-type: none"> Í uppdráttasafn Landupplýsingadeildar vantar fullnægjandi uppdrætti af allmörgum lóðum í Reykjavík. Ekki er til aðgengilegt heildaryfirlit yfir stöðu lóðasamninga og um eignarhald á lóðum.
Áherslur 2012 – 2013	<ul style="list-style-type: none"> Bæta uppdráttasafn Landupplýsingadeildar, einkum m.t.t. lóða sem ekki eru þegar til í safninu. Yfirfara eldri lóðauppdrætti m.t.t. gildandi deiliskipulagsáætlana. Undirbúa og hefja skráningu eignarhalds á lóðum og um lóðarleigusamninga m.t.t. gildistíma og borgarhluta.
Aðgerðir 2012 - 2013	<ul style="list-style-type: none"> Rannsaka eignarhald og skipulagslega stöðu lóða sem ekki eru til uppdrættir af. Efla gerð mæliblaða og uppfærslu eldri mæliblaða af lóðum, sem lakastar upplýsingar eru til um. Setja ný og uppfærð mæliblöð í Borgarvefsjá. Undirbúa gerð skrár yfir lóðir með upplýsingum um eignarhald og um leigusamninga um leigulóðir. Hefja skráningu lóðarleigusamninga í eldri hverfum borgarinnar. Setja niðurstöður lóðaskráningar fram með myndrænum hætti. Eiga frumkvæði að gerð nýrra lóðarleigusamninga þar sem gildistími samninga er útrunninn.
Ábyrgð og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> Sameiginleg ábyrgð allra sem koma að gerð, vörslu og hagnýtingu gagna og upplýsinga um lóðamál í Reykjavík.



FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 632 mkr og er gert ráð fyrir að þau aukist um 38 mkr frá árinu 2011. Rekstrarframlag er áætlað 620 mkr, þar af vegna Almanna- og stofnframlag í fjárfestingasjóð er áætlað 12,4 mkr.

Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir að framlög eigenda nemi 1.146 mkr og tekjur frá ríkinu vegna sjúkraflutninga nemi 707 mkr. Áætlun Slökkviliðsins miðar við að gerð verði krafa um að ríkið greiði 38% hlut kostnaðar slökkviliðsins vegna sjúkraflutninga sem en ríkið greiðir nú aðeins um 30-32% hlutdeild þess kostnaðar. Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að hlutdeild Reykjavíkurborgar miðað við þessar forsendur nemi 676 mkr sem er 48 mkr hærra en hér er gert ráð fyrir. Áætluð framlög Reykjavíkurborgar miða við að gerð sé krafa um að ríkið greiði 42% hlutdeild í sjúkraflutningum sem er í samræmi við álit matsmanns sem fenginn var til þess að meta réttmæta skiptingu kostnaðar á milli ríkisins og Slökkviliðsins.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu framlaga annars vegar miðað við áætlun Slökkviliðsins um að ríkið greiði 38% hlutdeild kostnaðar við rekstur sjúkraflutninga og hins vegar að ríkið greiði 42%. Fjárhæðir miðast við samantekið rekstrar- og fjárfestingaframlag, en auk þess kemur til framlag til Almanna- og stofnframlag.

Fjárhæðir í mkr.	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	M.v. 38% kostn. hlud. ríkisins	M.v. 42% kostn. hlud. ríkisins
Samtals		1.146	1.066
Reykjavík	58,95%	676	628
Kópavogur	15,12%	173	161
Hafnarfjörður	12,91%	148	138
Garðabær	5,30%	61	57
Mosfellsbær	4,26%	49	45
Seltjarnarnes	2,19%	25	23
Álftanes	1,26%	14	13

Nánari útlitun á starfsemi og fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2011 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

Strætó bs.

Framlög til Strætó bs. eru áætluð 1.722 mkr, sem skiptast annars vegar í rekstrarframlag 1.488 mkr og hins vegar í framlög vegna nemafargjalda 234 mkr. Gert er ráð fyrir að framlög til Strætó hækki um 133 mkr frá árinu 2011 eða um 8,4%.

Fjárhagsáætlun Strætó miðar við að rekstrarframlög eigenda nemi 2.370 mkr, tekjur af fargjöldum nemi 1.304 mkr og eru nemafargjöldin innifalin í þeirra áætlun, sértekjur nemi 5,6 mkr og stofnframlög eigenda nemi 150 mkr. Áætlun um framlög Reykjavíkurborgar miðar við að unnt verði að lækka rekstrarkostnað í fyrsta lagi með því að nýta góða stöðu handbærs fjár til þess að greiða niður skuldir um 150 mkr og lækka þar með fjármagnskostnað, í öðru lagi lækka tryggingagjöld um 3 mkr miðað við nýlegt útboð og í þriðja lagi má gera ráð fyrir um 30 mkr auknum teknum vegna magnaukningar. Samtals er talið er að unnt sá að lækka kostnað og auka tekjur um allt að 66 mkr og minnka þar með þarfir félagsins fyrir aukin framlög eigenda.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptireglu sem tilgreind er í eigendasamkomu-lagi. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu framlaga annars vegar miðað við áætlun Strætó og hins vegar miðað við frumvarð að fjárhagsáætlun þar sem gengið er út frá lækkun útgjalda og hækkun tekna skv. ofangreindum ábendingum Fjármálaskrifstofu:

Fjárhæðir í mkr.	Hlutfallsleg skipting	Framlög m.v. áætlun Strætó	Framlög m.v. frumvarp Rvk.
Samtals		2.370	2.304
Reykjavík	64,57%	1.530	1.488
Kópavogur	13,52%	320	311
Hafnarfjörður	9,96%	236	229
Garðabær	4,50%	107	104
Mosfellsbær	4,47%	106	103
Seltjarnarnes	1,97%	47	45
Álftanes	1,01%	24	23

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar gerir þannig ekki ráð fyrir stofnframlagi til Strætó bs. Gert er ráð fyrir að vegna sterkar stöðu handbærs fjár, sem áætlað er að standi í 630 mkr í lok desember 2011, sé unnt að fjármagna vagnakaup sem nemur 150 mkr af handbæru fé og ekki þurfi að koma til aukin stofnframlög vegna þessa.

Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2011 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

NÝ UPPLÝSINGAKERFI

Áætlun um þróun helstu upplýsingakerfa Reykjavíkurborgar 2012 er unnin í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og er áætluð fjárþörf samtals 110 mkr. Áætlunin sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Fjármálaskrifstofa

Innleiðing rafrænna reikninga heldur áfram á árinu. Nýtt skuldabréfakerfi verður tekið í gagnid hjá borginni sem og uppgjors- og áætlunarkerfi. Einnig verður tekin ákvörðun um val á innkaupakerfi fyrir borgina og innleitt á árinu 2012. Áætluð fjárþörf er samtals 20 mkr.

Mannauðsskrifstofa

Nýr starfsþróunarhluti mannauðskerfis verður tekinn í gagnid og aðlagður þörfum borgarinnar. Áframhaldandi innleiðing Vinnustundar hjá starfsstöðum málefna fatlaðra en einnig þróun kerfisins m.a. vegna skipulagsbreytinga. Þróa þarf áfram VinnuUmsókn þannig að kerfið nýtist stjórnendum og umsækjendum eins og að var stefnt. Áætluð fjárþörf er 10 mkr.

Upplýsingatæknimiðstöð

Hafinn verður undirbúningur á uppsetningu sýndartölvuumhverfis hjá Reykjavíkurborg. Þróun á notendastýringarkerfi UTM verður haldið áfram en kerfið nýtir grunnskráningar úr mannauðskerfi borgarinnar og stuðlar að réttum upplýsingum og öryggi gagna. Áætluð fjárþörf er samtals 6 mkr.

Þjónustuskrifstofa

Nýtt skjalaskráningarkerfi fyrir borgarskjalasafn verður tekið í notkun á árinu. Beiðnakerfi fyrir þjónustuver verður innleitt og símkerfi fyrir símaver uppfært. Áætluð fjárþörf er samtals 10 mkr.

Upplýsingadeild

Samráðsvefurinn Betri Reykjavík verður þróaður áfram með áherslu á íbúalýðræði/íbúakosningu. Vefur borgarinnar verður aðlagður að snjallsímum og spjaldtölvum. Átak verður gert í birtingu og framsetningu fundargerða og fundargagna. Áframhaldandi þróun íbúagáttarinnar, Rafrænnar Reykjavíkur og átaki í rafrænum samskiptum við íbúa haldið áfram. Aðlögun myndasafnskerfis borgarinnar og tenging við vef er á meðal verkefna ársins sem og áframhaldandi þróun vegna Evrópuverkefnis EGOV4U. Áætluð fjárþörf er samtals 20 mkr.

Skóla- og frístundasvið

Haldið verður áfram þróun skráningarkerfis fyrir leikskóla borgarinnar sem tekið var í notkun á árinu 2010 en kerfið hefur nú þegar skilað ávinningi vegna betri innheimtu. Sömu leiðis verður haldið áfram þróun upplýsingakerfis grunnskóla og einnig komið á kerfi til að halda utanum lykiltölur og birtingu þeirra á vef. Áætluð fjárþörf er 10 mkr.

Velferðarsvið

Meðal brýnustu verkefna er áframhaldandi þróun málaskrár m.t.t. laga um málefni fatlaðra. Einnig aukið innbyggt eftirlit í málaskrá við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar. Áætluð fjárþörf er samtals 18 mkr.

Framkvæmdasvið

Innleiðing aðgangsstýrðs verkefnavefs til verkefnastýringar og eftirlits með mannvirkjaverkefnum. Áætluð fjárþörf er 3 mkr.

Menningar- og ferðamálasvið

Vefverslun fyrir menningarstofnanir og þróun smáforrita fyrir snjallsíma og spjaldtölvur er á meðal verkefna sviðsins. Áætluð fjárþörf er 4 mkr.

Skipulags- og byggingarsvið

Meðal helstu verkefna eru rafvæðing ferlis við umsókn um byggingarleyfi og framsetning uppdráttu og gagna á vef. Áætluð fjárþörf er 9 mkr.

B–hluta fyrirtæki

UMSAGNIR UM ÁÆTLANIR B-HLUTA FYRIRTÆKJA

Bílastæðasjóður

Áætlaður hagnaður af rekstri Bílastæðasjóðs árið 2012 er um 118 mkr. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir um 146 mkr hagnaði.

Tekjur Bílastæðasjóðs samkvæmt útkomuspá 2011 eru áætlaðar 681 mkr en áætlun 2012 gerir ráð fyrir því að þær hækki um 3,5% og verði 705 mkr. Bílastæðasjóður lauk á síðasta ári innleiðingu á nýju innheimtukerfi sem hafði lengi verið í undirbúningi og hefur innheimtuárangur batnað í framhaldinu.

Áætlað er að launakostnaður hækki um 30% á árinu 2012 miðað við útkomuspá og verði 183 mkr og önnur rekstrarútgjöld lækki lítillega og verði 318 mkr. Aukinn launakostnað má einkum rekja til nýráðningar starfsmanna, en bætt verður við rafeindavirkja í fullt starf ásamt stöðuvörðum til að bæta eftirlit. Þá hafa launahækkanir skv. kjarasamningum einnig áhrif til hækkunar.

Fjárfestingar eru áætlaðar 119 mkr fyrir árið 2012 og skiptist í endurnýjun á efri plötu Kolaports, kaup á miðamælum og kaup á nýjum bílum en rekstrarleigusamningar á vinnubílum runnu út árið 2011. Bílastæðasjóður skuldar engin langtímalán og áætlað er að Bílastæðasjóður geri upp eftirstöðvar að ríflega 50 mkr viðskiptaskuld við Aðalsjóð snemma árs 2012.

Kennitölur Bílastæðasjóðs	Útkomuspá 2012	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	80%	84%
Arðsemi eigin fjár	11%	8%
Veltufjárlutfall	0,31	1,87
Skuldsetningarhlutfall	0,0%	0,0%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Nýtt 240 mkr lán var tekið hjá Eignasjóði árið 2011 fyrir kaupum á Vonarstræti 4. Lánið hefur verið að mestu leyti greitt upp á árinu af veltufé.
- Sjóðsstreymi fyrirtækisins er verulega gott fyrir næstu 5 ár. Handbært fé frá rekstri er jafnaði um 250-280 mkr á ári þannig að greiðslugeta sjóðsins er mikil ásamt því að sjóðurinn er verulega lítið skuldsettur (aðeins lánið frá Eignasjóði sem greitt verður upp 2012).
- Talsverðar fjárfestingar munu liggja fyrir hjá sjóðnum vegna bílastæða í næsta áfanga Hörpunnar. Þessi fjárfesting kemur ekki fram í fjárhagsáætlun þar sem ekki er komin tímasetning á verkefnið. Um síðustu áramót stóð þessi skuldbinding í um 830 milljónum.

Faxaflóahafnir

Áætlað er að hagnaður af rekstri Faxaflóahafna árið 2012 verði 206 mkr. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir um 146 mkr hagnaði og er áætlað að afkoma batni sem nemi 60 mkr eða 41%.

Heildartekjur Faxaflóahafna samkvæmt útkomuspá 2011 eru áætlaðar 2.363 mkr en áætlun 2012 gerir ráð fyrir 5,1% hækkun og verði 2.484 mkr. Heildargjöld samkvæmt útkomuspá eru áætlaðar 2.109 mkr en áætlun 2012 gerir ráð fyrir 3,3% hækkun og verði um 2.179 mkr.

Áætlað er að launakostnaður hækki um 3,5% miðað við útkomuspá og verði 597 mkr. Önnur rekstrarútgjöld hækka um 6,6% og nema 802 mkr sem skýrist einkum af hækkun verðlags vegna aðfanga. Afskriftir eru áætlaðar 780 mkr árið 2012 og eru óbreyttar frá fyrra ári.

Fjárfestingar eru áætlaðar 800 mkr og skiptast á framkvæmdir við eftirtaldir hafnir: Grundartanga 127 mkr, „gömlu höfnina“ 72 mkr og Sundahöfn 593 mkr. Fjárfesting samkvæmt útkomuspá nemur 940 mkr, þar af eru beinar framkvæmdir 675 mkr og aukast því fjárfestingar í hafnarmannvirkjum á milli ára um rúmlega 18,5%. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 190 mkr og heildarstaða langtímalána í árslok 2012 verður um 1.463 mkr. Gert er ráð fyrir arðgreiðslu til eigenda að fjárhæð 173 mkr en það er óbreytt fjárhæð frá árinu 2011.

Kennitölur Faxaflóahafna	Útkomuspá 2011	2012
Eiginfjárlutfall	83%	84%
Arðsemi eigin fjár	1,4%	1,9%
Veltufjárlutfall	1,97	1.61
Skuldsetningarhlutfall	16%	14%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Helstu áhættuþættir varðandi tekjur felast í ytra efnahagsumhverfi einkum er varðar þróun innflutnings og útflutnings (vörugjöld). Forsendur tekjuáætlunar virðast varfærnar en gert er ráð fyrir óbreyttu flutningamagni í inn og útflutningi. Spár benda til aukningar í útflutningi vegna aukinna aflaheimilda.
- Fjárfestingar eru fjármagnaðar beint úr rekstri og engar lántökur eru fyrirhugaðar 2012 eða næstu 5 árin. Sjóðsstreymi fyrirtækisins er verulega gott fyrir næstu 5 ár. Handbært fé er áætlað á milli 1 til 1,2 milljarðar ár hvert. Þannig gera Faxaflóahafnir ráð fyrir að fjármagna allar fjárfestingar beint úr rekstri en áætlað er að fjárfesta fyrir rúmlega 840 mkr að meðaltali næstu 5 árin.
- Ljóst er að fyrirtækið mun á komandi árum geta aukið tekjur og bætt afkomu verulega með lóðarsölu. Áætla má að lóðasala fari hægt af stað næstu ár vegna efnahagsástands.
- Gert er ráð fyrir að fyrirtækið greiði eigendum arð á næstu 5 árum. Mikilvægt er að skilgreina arðskrófu í eigendastefnu til næstu ára.

Félagsbústaðir

Áætlað er að tap verði af rekstri Félagsbústaða árið 2012 að fjárhæð 796 mkr. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir tapi að fjárhæð 1.303 mkr.

Leigutekjur Félagsbústaða samkvæmt útkomuspá 2011 nema 2.542 mkr auk 128 mkr söluhagnaðar en áætlun 2012 gerir ráð fyrir að leigutekjur hækki um 3,8% og verði 2.640 mkr. Auknar leigutekjur má rekja til áætlaðra verðlagshækkana.


Áætlað er að launakostnaður hækki um 2,2% miðað við útkomuspá 2011 og verði 154 mkr samkvæmt áætlun 2012. Gert er ráð fyrir að önnur rekstrarútgjöld aukist um 3% og verði 1.238 mkr. Þar af er viðhald 620 mkr, fasteignagjöld 265 mkr, annar rekstrarkostnaður 223 mkr, framlag í afskriftarsjóð 80 mkr og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 49 mkr.

Fjárfestingarhreyfingar eru áætlaðar 919 mkr á árinu 2012. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar 1.457 mkr en gert er ráð fyrir sölu rekstrarfjármuna fyrir um 538 mkr. Gert er ráð fyrir að keyptar verði 20 fasteignir á næsta ári í tengslum við málefni fatlaðra. Alls nema áætluð fasteignakaup frá ríkinu vegna málefna fatlaðra um 880 mkr en þar við bætast nauðsynlegar endurbætur fyrir um 250 mkr eða samtals um 1.130 mkr.

Nettó fjármögnunarmagn hreyfingar eru áætlaðar 751 mkr á árinu 2012 en þar af er gert ráð fyrir að ný lán verði tekin á árinu fyrir 1.220 mkr, aukið hlutfélag upp á 45 mkr og afborganir lána verða um 509 mkr. Fyrirhuguð kaup eigna af ríki vegna málefna fatlaðra verða fjármögnuð að fullu með láni frá Framkvæmdasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til 25 ára á 2% verðtryggðum vöxtum. Fyrirhugaðar endurbætur á eignum er áætlað að fjármagna með lánum frá Íbúðalánasjóði til 50 ára á 3,5% verðtryggðum vöxtum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Gert er ráð fyrir í áætlun að vanskil fari aftur minnkandi og að framlag til afskrifta leiguskulda dragist saman árið 2012.
- Óháð því hvaða uppgjörsaðferðum er beitt og óháð því hvort litið er á hálfársuppgjör eða ársuppgjör frá árinu 2007, þá hefur rekstrarhagnaður félagsins fyrir afskriftir og fjármagnsliði ekki staðið undir vaxta- og gjöldum og verðbótum innlendra lána. Þetta misræmi gengur ekki upp til lengri tíma litið og kallar á fækkun fjárfestingaeigna (sölu eigna), eiginfjárinnsþýtingu, hækkun leigu og/eða lækkun rekstrarútgjalda. Þessi staða stingur í stúf við áætlun um áframhaldandi taprekstur og 10% aukningu rekstrarútgjalda vegna viðhalds milli áætlana 2011 og 2012.
- Þrátt fyrir að skuldir Félagsbústaða séu langt umfram viðmið nýrra sveitarstjórnarlaga, þá áforma Félagsbústaðir að auka skuldir sem hlutfall af tekjum enn frekar á næsta ári með frekari fjárfestingum. Mikilvægt er að móta framtíðarstefnu um það hvernig unnt er að draga úr skuldum Félagsbústaða til að tryggja rekstrarhæfi til lengri tíma litið og draga úr ruðningsáhrifum skuldahlutfalls á A-hluta borgarsjóðs.
- Samkvæmt gangvirðisuppgjöri Félagsbústaða er árlegt endurmat á eignum í samræmi við breytingar á markaðsvirði fjölbýlishúsa samkvæmt matsaðferðum hjá Þjóðskrá Íslands. Á hinn bóginn hreyfast skuldir með verðbólgu. Efnahagssamdráttur samhliða verðbólgu hefur verið einkenni íslenska hagkerfisins á undanförunum misserum. Áhrif aðstæðna á gangvirðisuppgjör Félagsbústaða hefur verið rýrnun eigna og aukning skulda í efnahag með tilheyrandi rýrnun eiginfjár. Á neðangreindri mynd má sjá skýringar á rýrnun eigin fjár Félagsbústaða þar sem vísitala skuldahlíðar hefur hækkað um 20% meira en vísitala eignahlíðar ef miðað er við byrjun árs 2005. Að því sögðu hefur orðið viðsnúningur í verðþróun íbúðahúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu en það mun ekki breyta því hvert rekstur Félagsbústaða stefnir að öðru jöfnu til lengri tíma litið að því undanskildu að umtalsverð sala eigna verður umfram kaup.



Malbikunarstöðin Höfði

Áætlað er 5 mkr hagnaður af rekstri árið 2012. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir um 2 mkr hagnaði og er áætlað að afkoma batni um sem nemur 3 mkr.

Fjárfestingar eru áætlaðar 32 mkr en samkvæmt útkomuspá nemur fjárfesting 15 mkr og aukast því fjárfestingar á milli ára um 113%. Engar langtímaskuldir eru til staðar og engar lántökur eru fyrirhugaðar 2012. Gert er ráð fyrir 10 mkr arðgreiðslu til eigenda en sú fjárhæð nam 19 mkr árið 2010.

Kennitölur Höfða	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	89%	89%
Arðsemi eigin fjár	0,2%	0,5%
Veltufjárlutfall	7,44	7,50
Skuldsetningarhlutfall	0%	0%

Rekstrarhagnaður er nánast sá sami í áætlun 2012 borið saman við útkomuspá 2011 þar sem tekjur lækka í sama hlutfalli og útgjöld. Þess skal getið að launakostnaður er áætlaður nánast sá sami 2012 og kemur lækkun útgjalda fram í öðrum kostnaði.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins er nátengd efnahagsástandi og er það megináhætta í rekstri fyrirtækisins.
- Áætlað er að fyrirtækið greiði eigendum 9,6 mkr arð árlega á næstu 5 árum. Arðgreiðslur hafa lækkað verulega miðað við undanfarin ár vegna samdráttar í framleiðslu.

Íþróttá- og sýningarhöllin

Áætlað er 134 mkr tap af rekstri ÍSH árið 2012. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir 166 mkr tapi.

Heildartekjur ÍSH samkvæmt útkomuspá eru 336 mkr en í áætlun 2012 er gert ráð fyrir að þær lækki um 5% og verði um 320 mkr.

Áætlað er að launakostnaður hækki um 4% miðað við útkomuspá og verði um 53 mkr. Önnur rekstrarútgjöld lækka um 13% skv. áætlun og verða 167 mkr og afskriftir haldist nánast óbreyttar eða um 86 mkr.

Fjárfestingarhreyfingar eru áætlaðar 5 mkr fyrir árið 2012 og er um að ræða fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum. Fjármögnunarhreyfingar eru áætlaðar 5 mkr samkvæmt áætlun fyrir árið 2012 sem skýrast af greiddum afborgunum langtímalána.

Kennitölur ÍSH	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	14,2%	8,6%
Arðsemi eigin fjár	N/A	N/A
Veltufjárlutfall	4,75	4,63
Skuldsetningarhlutfall	567%	994%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- ÍSH er í 50% eigu borgarinnar. Mikilvægt er að móta eigendastefnu og framtíðarsýn með hinum eigendunum sem eru Samtök iðnaðarins.
- Æskilegt er að framkvæma áhættugreiningu á viðskiptastefnu og framtíðaráformum fyrirtækisins.
- Eigið fé samkvæmt áætlun 2012 nemur 191 mkr og lækkar miðað útkomuspá 2011 um 134 mkr. Eiginfjárlutfall í árslok 2012 nemur aðeins 8,6%. Samkvæmt rekstraráætlun næstu 5 árin getur reksturinn ekki greitt niður langtímalán nema að litlum hluta sem hefur þær afleiðingar að eigið fé stefnir í að vera uppuríð eftir árið 2016.
- Mikil þörf er á nýjum stofnframlögum eigenda eða gerðar verði aðrar ráðstafanir til endurskipulagningar á starfsemi fyrirtækisins.
- Bent skal á að samkvæmt nýjum sveitarstjórnarlögum skulu heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Nauðsynlegt er að hafa þetta í huga þegar fjárhagsáætlanir eru samþykktar af stjórn fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur

Í útkomuspá er gert ráð fyrir tæplega 2,6 mkr tapi fyrir árið 2011 og um 5 mkr hagnaði 2012. Gert er ráð fyrir að hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBITDA) verði 12.4 mkr árið 2011 og um 15,4 mkr 2012. Áætlaður hagnaður 2012 byggir í megindráttum á gjaldskrárhækkunum á heitu vatni og fráveitu til almennra notenda og hagræðingar í rekstri.

Gert er ráð fyrir í útkomuspá 2011 að heildartekjur aukist um 5,8 mkr frá árinu 2010. Í samanburði við útkomuspá 2011 gerir áætlun 2012 ráð fyrir ríflega 3,4 mkr í auknar tekjur aðallega vegna gjaldskrárhækkana í smásölu á fráveitu, raf- og heitavatnssölu auk tekna af raforkusölu vegna gangsetningar á 5. áfanga Hellisheiðavirkjunar. Þá er gert ráð fyrir 550-1.400 mkr lægri tekjum vegna raforkusölu til almennra notenda og stóriðju í útkomuspá 2011 og áætlun 2012-17 í samanburði við aðgerðaráætlun frá mars sl. Ástæður lægri stóriðjusölu má fyrst og fremst rekja til lækkunar á álverðsferlum frá því í mars sl. en vænt meðalverð á áli hefur lækkað um 15% fyrir árið 2012 og minni sala til almennra notenda er vegna minna solumagns en aðgerðaáætlun gerði ráð fyrir.

Í útkomuspá 2011 er gert ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði um 190 mkr eða 5% lægri en m.v. aðgerðaáætlun frá mars sl. Áætlun 2012 gerir ráð fyrir að launaútgjöld verði tæplega 13% eða 523 mkr lægri en árið 2010. Til samanburðar mun almenn launavísitala hækka um 6-7% milli ára 2010 og 2011 og gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá Hagstofu að vísitalan hækki um 5% á milli 2011-2012.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að orkukaup og dreifing verði samanlagt 420 mkr lægri 2012 samanborið við aðgerðaáætlun sem má meðal annars rekja til betri nýtingu á orkubúskap fyrirtækisins.

Áætlun 2012 gerir ráð fyrir að rekstrarútgjöld fyrir afskriftir verði tæplega 100 mkr hærrí en aðgerðaráætlun gerði ráð fyrir.

Áætlun OR 2012 gerir ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði um 800 mkr hærrí á hverju ári 2012-2016 í samanburði við aðgerðaráætlun. Samkvæmt skýringum frá OR eru 300 mkr vegna millivíðskipta sem auka bæði tekjur og gjöld, 200 mkr vegna aukinna tryggingaútgjalda, 200 mkr vegna kostnaðar tengdum auknum tekjum (götulýsing, seðilgjöld o.s.frv.) ásamt 100 mkr vegna verðbólguáhrifa.

Handbært fé frá rekstri er áætlað um 17,7 mkr og eru það um 0,9 mkr umfram útkomuspá 2011 einkum vegna rekstrarhagræðinga og lægri vöxtum þar sem framvirkir vaxtaferlar fyrir árið 2012 hafa lækkað umtalsvert í samanburði við forsendum aðgerðaráætlunar. Að því sögðu vegur á móti minni raforkusala til stóriðju vegna álverðslækkana og minna magni af raforkusölu til almennra notenda í samanburði við aðgerðaráætlun.

Gert er ráð fyrir fjárfestingum í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 5,1 mkr 2012 samanborið við rúmlega 10,5 mkr 2011. Þar af eru rúm 0,8 mkr vegna virkjana og tæplega 3,9 mkr fjárfestinga í veitukerfum (þar af 1,2 mkr vegna Gagnaveitu Reykjavíkur). Áætlað er ennfremur að selja eignir fyrir 2 mkr sem ekki tilheyra kjarnastarfsemi OR.

Í fjármögnunarahreyfingum er gert ráð fyrir nýjum lántökum fyrir tæplega 3,5 mkr, þar af er 1,1 mkr vegna endurfjármögnunar á eldri lánum og 1,6 mkr til að styrkja lausafjárstöðu OR. Hins vegar er gert ráð fyrir 14,5 mkr afborgunum og uppgreiðslum langtímaskulda. Með öðrum orðum gerir OR ráð fyrir að reksturinn greiði niður um 11 mkr af langtímaskuldum árið 2012 sem er um 5% af langtímaskuldum fyrirtækisins miðað við útkomuspá 2011.


Kennitölur Orkuveitu Rvk.	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	17,4%	19,2%
EBITDA/Rekstartekjur	60,7%	65%
Handfært fé frá rekstri án vaxta og skatta/ nettóvaxtagreiðslur	4,2	4,0
Handbært fé frá rekstri að frádegnum arði	16.834 mkr	17.701 mkr
Handbært fé frá rekstri	16.834 mkr	17.701 mkr

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur og efnahagur OR er mjög viðkvæmur fyrir breytingum í ytra umhverfi, einkum vegna stöðu krónunnar og erlendra vaxta- og hrávörumarkaða. Í forsendum fyrir 2012 er gert ráð fyrir 3,7% hækkun á vísitölu neysluverðs á milli ára, gengisvísitölunni 221 í lok ársins 2012, 2.267 USD álverði pr. tonn (sbr. LME 14. október 2011), tæplega 1,5% meðalvöxtum á erlendum vaxtaberandi skuldum og óbreyttu magni í sölu hjá grunnmiðlum. Í þessu samhengi er áhugavert að bera saman breytingar á ál- og vaxtaferlum í samanburði við forsendur aðgerðaáætlunar.

Samanburður á framvirku ársmeðaltali álverðs áætlun 2012 vs. aðgerðaáætlun						
Tímabil	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Október 2011, áætlun 2012	2.267	2.347	2.418	2.486	2.543	2.582
Mars 2011, aðgerðaáætlun	2.682	2.722	2.758	2.790	2.817	2.833
Lækkun á milli tímabila	-15%	-14%	-12%	-11%	-10%	-9%

Framvirkir vextir, erlendir meðalvextir lánasafns							
Tímabil	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Október 2011, áætlun 2012	1,29%	1,48%	1,05%	1,61%	2,11%	2,50%	2,72%
Mars 2011, aðgerðaáætlun	1,46%	2,01%	2,65%	3,29%	3,73%	4,05%	
Lækkun vaxta á milli tímabila	-0,17%	-0,53%	-1,60%	-1,68%	-1,62%	-1,55%	



- Þess ber að geta að fjárhagsáætlunin byggir á að óskir OR um 2,7 mkr lántökur verði samþykktar af eigendum. Í því samhengi er nauðsynlegt að benda á að fjármögnunin er með því skilyrði að lánasjóður sveitarfélaga fái veð í skatttekjum Reykjavíkurborgar.
- Efnahagur OR er sérstaklega næmur fyrir gengisbreytingum krónu gagnvart öðrum gjaldmiðlum (GVT). Í árslok 2010 var eiginfjárlutfall OR 18,4% og samkvæmt árschlutareikning OR fyrir fyrstu 6 mánuðina 2011 lækkaði eiginfjárlutfallið í 16,9% sem má rekja að umtalsverðu leyti til 6% gengisveikingar fyrstu 6 mánaða ársins 2011. Þegar dregur að lokum ársins (1. nóvember 2011) hefur veiking krónu gengið að mestu leyti til baka umfram forsendur útkomuspár 2011 og áætlunar 2012.
- OR sýnir í þessari áætlun áform um að greiða niður skuldir fyrir um 11,1 mkr með rekstrarhagnaði og sölu eigna sem var hluti af aðgerðaáætlun OR og eigenda. Þess ber þó að geta að þessi fjárhæð er um 0,9 mkr lægri en aðgerðaáætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af hærri afborgunum en gert var ráð fyrir vegna gengisveikingar umfram forsendur og til að styrkja lausafjárstöðuna.
- Rétt er að hafa í huga að OR er skuldsettasta fyrirtæki samstæðunnar. Mikilvægt er að veita því athygli í samhengi við nýjar fjármálareglur sveitarfélaga að OR hefur nú í samræmi við aðgerðaáætlun hafið niðurgreiðslu lána sem er afar mikilvægt og jákvætt fyrir samstæðuna.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Áætlun Skíðasvæðanna fyrir árið 2012 gerir ráð fyrir að tekjur og gjöld verði í jafnvægi fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerði ráð fyrir um 266 þkr afgangi af rekstri fyrir afskriftir og fjármagnsliði og er þá miðað við 60 opnunardaga. Gera má ráð fyrir að afskriftir séu um 61 mkr en fjármagnskostnaður verði óverulegur. Tap af rekstri Skíðasvæðanna er þannig áætlað um 61 mkr árið 2012 en skv. útkomuspá verður tap um 61 mkr árið 2011.

Rekstrartekjur Skíðasvæðanna verða samkvæmt áætlun 2012 um 204 mkr m.v. 60 daga opnun en um 173 mkr m.v. 30 daga. Til samanburðar er gert ráð fyrir í útkomuspá að tekjur verði 184 mkr 2011. Þannig er gert ráð fyrir að tekjur hækki um 19 mkr m.v. 60 daga opnun en lækki um 11 mkr miðað við 30 daga opnun. Af áætluðum tekjum er gert ráð fyrir að framlög eigenda verði 110 mkr og hækki um 8 mkr. Framlög eigenda eru á bilinu 54 - 64% af áætluðum heildartekjum. Auk þess er gert ráð fyrir æfinga- og mótastyrk Reykjavíkurborgar (ÍTR) vegna undirbúnings og kostnaðar við æfingar og mót á vegum skíðadeilda innan Reykjavíkur að fjárhæð 10 mkr m.v. 60 daga opnun en 7 mkr m.v. 30 daga opnun. Styrkurinn nemur 4 - 5% af áætluðum heildartekjum. Gert er ráð fyrir að tekjur af aðgangseyri, skíðaleigu og vörusölu sé á bilinu 32 - 41%.

Rekstrargjöld verða 204 mkr m.v. áætlun um 60 daga opnun árið 2012 og 173 mkr m.v. 30 daga opnun. Til samanburðar gerir útkomuspá fyrir árið 2011 ráð fyrir að rekstrargjöld nemi 184 mkr. Þannig er gert ráð fyrir að rekstrargjöld hækki um 19 mkr m.v. 60 daga opnun en lækki um 11 mkr miðað við 30 daga opnun.

Áætlað er að launakostnaður verði 92,5 mkr m.v. 60 daga opnun en 83 mkr m.v. 30 daga opnun. Hækkun nemur 8 mkr m.v. útkomuspá (sem nemur áhrifum kjarasamningshækkana) og er gert ráð fyrir að eigendur fjármagni það með 8 mkr hærra framlagi.

Önnur rekstrarútgjöld verða skv. áætlun 111 mkr eða 90 mkr eftir fjölda opnunardaga og hækka um 12 mkr m.v. 60 daga en lækka um 10 mkr m.v. 30 daga. Áætlað er að afskriftir nemi 61 mkr árið 2012 en skv. útkomuspá 57 mkr.

Fjárfestingaáætlun Skíðanna gerir ráð fyrir um 50 mkr árið 2012 og verði fjármagnað með framlögum eigenda. Stærstu framkvæmdirnar eru vegna færifbands fyrir byrjendur (13 mkr) og vegna neysluvatnslagna (8 mkr) og landmótunar og snjógirðinga (8 mkr). Framkvæmdir árið 2011 verða um 25 mkr og mun því aukast um helming á milli ára. Árin 2013-2016 er gert ráð fyrir árlegum fjárfestingum á bilinu 45 – 50 mkr. Þjónustusamningur Skíðasvæðanna og sveitarfélaganna sem standa að Skíðasvæðunum frá árinu 2008 og var gerður til fimm ára eða loka ársins 2012, gerði ráð fyrir mun hærra framlagi til fjárfestinga en raun hefur orðið á.

Samanlagt hækka framlög eigenda skv. áætlun um 33 mkr, þ.e. rekstrarframlög um 8 mkr og framlög til fjárfestinga um 25 mkr. Þar af hækka framlög Reykjavíkurborgar um 20,5 mkr.

Engin lán eru á vegum Skíðasvæðanna. Eigið fé nemur 437 mkr m.v. lok árs 2012 og skammtímaskuldir 42 mkr, þar af skuld við Reykjavíkurborg um 33 mkr. Bókfært virði fasteigna nema 473 mkr og skammtímakröfur 5 mkr.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu

- Áætlað er að rekstrarframlög eigenda hækki um 8 mkr á milli ára og þau fjármagni launahækkana sem orðið hafa á árinu. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir óbreyttum rekstrarframlögum eigenda.
- Áætlað er að fjárfestingaframlög (stofnframlög) hækki um 25 mkr.
- Hluttur Reykjavíkurborgar í framlögum til rekstrar skv. þjónustusamningi er 73,5%, en til samanburðar er hluttur Reykjavíkurborgar í samanlögðum íbúafjölda sveitarfélaganna sem standa að Skíðasvæðunum 59%. Auk þess greiðir Reykjavíkurborg um 10 mkr framlag vegna æfinga- og móta Reykjavíkurfélaganna.
- Gerður var þjónustusamningur milli sveitarfélaganna sem eiga aðild að Skíðasvæðunum í júlí 2008. Rekstrar- og fjárfestingaframlög hafa ekki verið í samræmi við þann samning, en vegna efnahagsþrenginga var strax ákveðið að draga úr rekstrarframlögum og slá nýframkvæmdum á frest. Gert var ráð fyrir að þessi samningur rynni út vorið 2012. Nauðsynlegt er rýna rekstur Skíðasvæðanna og gera áætlanir um framlög til þeirra til framtíðar.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Mikil hækkun launakostnaðar kallar á að leitað verði leiða til sparnaðar með breytingum á vinnu- fyrirkomulagi sem ættu að geta leitt til 40 mkr sparnaðar á næsta ári en SHS reiknar með 30 mkr sparnaði.
- Líta ber á framlögn eigenda til fjárfestinga, þ.e. framlög í fjárfestingasjóð, sem stofnframlög.
- Lagt er til að SSH og aðildarsveitarfélög SHS knýi á um að ríkið greiði 42% hlut af rekstrarkostnaði vegna sjúkraflutninga í samræmi við mat óháðs aðila. Það myndi þýða að ríkið greiddi 278 mkr hærri fjárhæð en skv. áætlun 2011 en framlög eigenda myndu hækka um 66 mkr að meðtöldu 21 mkr stofnframlagi vegna fjárfestinga.
- Tekur áætlun um framlög Aðalsjóðs 2012 mið af ofangreindum ábendingum.
- Langtímaskuldir SHS nema í árslok 2012 um 1.513 mkr m.v. fjárhagsáætlun og skuldsetningarhlutfall (skilgreint sem langtímaskuldir á móti eigið fé) nemur 388% og fer hækkandi sbr. skýrslu rýnihóps um rekstur byggðasamlaga.
- Veltufé frá rekstri er áætlað að nemi 103 mkr árið 2012 og handbært fé frá rekstri 74 mkr en því er ætlað að standa undir afborgunum sem eru áætlaðar 46 mkr og vaxtagreiðslum. Áform um að auka langtímaskuldir vegna framkvæmda um 70 – 80% munu gera SHS erfitt að standa skil á afborgunum og vaxtagreiðslum til lengri tíma litið. Hætta er á að reksturinn muni ekki standa undir aukinni greiðslu- og skuldabyrði og getur þá þurft að grípa til viðeigandi ráðstafana, þ.e. auka tekjur (framlög), auka stofnframlög eða yfirtaka skuldir. Vara verður við því í þessu sambandi að auka skuldir SHS með lántökum að öðru óbreyttu.

Sorpa

Áætlaður er 4 mkr hagnaður af rekstri SORPU bs árið 2012. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir um 52 mkr hagnaði en skv. upphaflegri fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 6 mkr hagnaði.

Rekstrartekjur SORPU samkvæmt áætlun 2012 eru 2.046 mkr en eru skv. útkomuspá 2011 um 1.986 mkr og nemur hækkunin um 3% eða 60 mkr. Þar af eru áætlaðar tekjur vegna reglubundinnar starfsemi SORPU 1.471 mkr en þær eru 1.451 mkr skv. útkomuspá 2011. Tekjuaukinn nemur 20 mkr eða 1,4% sem byggist einungis á verðlagsáhrifum, en ekki magnbreytingum.

Áætlað er að tekjur vegna endurvinnslustöðva nemi 575 mkr og aukning þeirra nemi um 40 mkr eða 7,5%. Þar af er áætlað að framlög eigenda nemi 397 mkr og hækki um 36 mkr eða 10%. Aðrar tekjur endurvinnslustöðva hækka um 4 mkr eða 2,3% sem skýrist af verðlagsáhrifum en ekki magnbreytingum. Áætlað er að hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðvanna (framlög) nemi 234 mkr og hækki um 22 mkr m.v. fjárhagsáætlun 2011.

Magn milli árána 2010 og 2011 hefur aukist lítillega í móttökustöð og til urðunar en stefnir í að vera um 7-8% meira inn á endurvinnslustöðvarnar. Rekstraráætlun 2012 gerir ráð fyrir sama magni og útkomuspá ársins 2011.

Rekstrargjöld samkvæmt áætlun eru 2.032 mkr en skv. útkomuspá 2011 um 1.916 mkr sem þýðir hækkun um 6% eða 116 mkr.

Áætlað er að launakostnaður verði 577 mkr og hækki um 4,2% miðað við útkomuspá 2011 eða 23 mkr. Miðað við áætlun 2011 nemur hækkun launakostnaðar 12,7% eða 65 mkr. Önnur rekstrarútgjöld eru áætluð 1.455 mkr og hækka um 12,4% eða 161 mkr.

Nettó fjármagnsgjöld eru áætluð 9,9 mkr en verða skv. útkomuspá 17,3 mkr árið 2011. Vakin er athygli á því að eigendur greiða allar afborganir og vexti vegna lána endurvinnslustöðvanna beint og hafa því ekki áhrif á rekstur SORPU bs. Áætlað er að afborganir og vaxtagreiðslur vegna endurvinnslustöðvanna árið 2012 nemi 33,6 mkr og má ætla að hlutur Reykjavíkurborgar nemi 19,7 mkr.

Fjárfesting samkvæmt fjárhagsáætlun nemur 475 mkr og aukast um 240 mkr m.v. útkomuspá. Helstu fjárfestingar á áætlun eru í Álfsnesi 300 mkr, m.a. ný metanhreinsilína 90 mkr og gasgerðarstöð 100 mkr. Í Gufunesi eru áætlaðar fjárfestingar 175 mkr.

Áætlað er að taka að láni 350 mkr árið 2012 vegna fjárfestingaáætlunar. Gert er ráð fyrir lánnum til 20 ára á 4,5% verðtryggðum vöxtum og afborganir hefjist ári eftir að lán er tekið. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 67 mkr og þar af vegna endurvinnslustöðva 33,6 mkr. Áætlað er að stofnfjárukning verði um 23 mkr vegna endurvinnslustöðvanna. Heildarstaða langtímalána er áætluð 559 mkr í árslok 2012 og þar af vegna endurvinnslustöðva 175 mkr.

Kennitölur Sorpu	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	69%	60%
Arðsemi eigin fjár	4,0%	0,3%
Veltufjárlutfall	1,54	1,40
Skuldsetningarhlutfall	17,6%	38%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Samtals gerir áætlun ráð fyrir að framlög eigenda hækki um 36 mkr vegna endurvinnslustöðva, þar af framlög Reykjavíkurborgar um 22 mkr milli ára. Auk þess greiða eigendur afborganir og vexti af lánnum vegna endurvinnslustöðva sem nema 33,6 mkr, þar af er hlutur Reykjavíkurborgar 19,7 mkr sem ekki var inni í fjárhagsáætlun 2011.
- Varðandi fjárfestingaáætlun SORPU skal bent á að ekki liggja fyrir arðsemisgreiningar á milli mismunandi fjárfestingakosta

Strætó

Áætlað hagnaður af rekstri Strætó bs árið 2012 er 32 mkr. Útkomuspá fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir um 92,7 mkr rekstrarhagnaði en skv. fjárhagsáætlun 2011 var gert ráð fyrir 68 mkr hagnaði. Vakin er athygli á því að umfjöllunin hér miðar við framsetningu í áætlunarlíkani borgarinnar, en gögn Strætó miða við lýsingu á sjóðsteymi. Felst munurinn einkum í meðhöndlun stofnfé vegna vagnakaupa, fjármagnsliðum og reiknuðum stærðum.

Rekstrartekjur Strætó samkvæmt áætlun 2012 eru 3.681 mkr en eru skv. útkomuspá 2011 um 3.364 mkr og nemur hækkunin um 9,4% eða 317 mkr. Miðað við áætlun 2011 nemur hækkunin 383 mkr eða um 11%. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna farmiðasölu verði 1.304 mkr og aukist um 36,5 mkr miðað við útkomuspá 2011 en um 97 mkr eða 8% miðað við áætlun 2011. Áfram er gert ráð fyrir að sveitarfélögin niðurgreiði nemafargjöld sem eru innifalin í fargjaldatekjum og er hlutur borgarinnar áætlaður óbreyttur á milli ára eða 235 mkr. Gert er ráð fyrir að framlög eigenda vegna rekstrar nemi 2.370 mkr og hækki um 286 mkr eða 13,7%. Þar af er hlutdeild Reykjavíkurborgar 1.530 mkr sem er hækkun um 179 mkr eða 12,9%.

Rekstrargjöld samkvæmt áætlun 2012 eru 3.615 mkr en skv. útkomuspá 2011 um 3.225 mkr sem þýðir hækkun um 12% eða 390 mkr. Hækkun m.v. áætlun er um 15,3% eða 480 mkr. Áætlað er að launakostnaður verði 1.169 mkr og hækki um 6,6% miðað við útkomuspá 2011 eða 72 mkr. Önnur rekstrarútgjöld eru áætluð 2.445 mkr og hækka um 15% eða 317 mkr. Í greinargerð Strætó með fjárhagsáætlun 2012 er vakin athygli á að launakostnaður Strætó verði um 100-120 mkr hærri en áætlun 2011 gerði ráð fyrir. Þá er vakin athygli á að sk. *strætóvísitala* sé að hækka verulega eða hærra en almennt verðlag og vegi þar hækkun á launum, eldsneyti og varahlutum mikið. Áætlað er að verðlagshækkunir auki kostnað sem nemur 85-95 mkr. Þá gerir áætlun Strætó ráð fyrir að farið verði í brýnar aðgerðir til að viðhalda þjónustu vegna fjölgunar farþega fyrir alls 147-156 mkr.

Samantekið má gera ráð fyrir að hækkun á rekstrarframlagi eigenda sem áætlað er að nemi 286 mkr skiptist í launahækkunir um 100 mkr, verðlagshækkunir um 95 mkr, brýnar aðgerðir um 155 mkr, en á móti komi tekjuauki að fjárhæð 65 mkr. Þá gerir stjórn Strætó að tillögu sinni að leggi ríkið fram 200 mkr til Strætó á árinu 2012, leggi eigendur fram 150 mkr viðbótarframlag til frekari endurnýjunar vagnakosta. Ætla má ráð að hér verði um stofnframlag að ræða til viðbótar þeim 150 mkr sem þegar koma fram í áætluninni. Náí þessi tillaga fram að ganga munu framlög eigenda til Strætó hækka um 436 mkr (286 mkr vegna rekstrar og 150 mkr vegna stofnframlags) og næmi hækkun Reykjavíkurborgar þar af 267 mkr (179 mkr vegna rekstrar og 88 mkr vegna stofnframlags).

Nettó fjármagnsgjöld eru áætluð 35 mkr en verða skv. útkomuspá 47 mkr árið 2011.

Fjárfesting í vögnum nemur samkvæmt fjárhagsáætlun 150 mkr (300 mkr m.v. ofangreinda tillögu stjórnar) eða sambærilegar við útkomuspá. Áætlað er að eigendur fjármagni vagnakaup að fullu og ekki komi til lántökur. Vakin er athygli á að handbært fé Strætó hefur vaxið ört síðustu misseri og nemur skv. útkomuspá 630 mkr í árslok.

Ekki eru áætlaðar lántökur árið 2012. Langtímalán félagsins standa í 812 mkr að meðtöldum afborgunum næsta árs m.v. útkomuspá en verða 693 mkr í lok árs 2012. Á þessu ári hafa erlend lán verið greidd upp hjá Íslandsbanka og endurfjármögnuð á 5,5% óverðtryggðum vöxtum. Við skuldbreytinguna var höfuðstóll færður niður um 29 mkr sem færast sem fjármagnstekjur. Ennfremur hefur eitt lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga verið greitt upp og nam lokagreiðsla þess um 84 mkr án vaxta og verðbóta árið 2011. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 137 mkr á árinu 2012 en verða skv. útkomuspá 2011 um 262 mkr nettó.

Kennitölur Strætó	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eiginfjárlutfall	26%	35%
Arðsemi eigin fjár	18%	5,8%
Veltufjárlutfall	2,28	2,42
Skuldsetningarhlutfall	193%	118%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur hækki um 383 mkr milli ára en rekstrargjöld um 480 mkr. Útgjöld eru því að aukast um 100 mkr meira tekjur, sem eru fjármögnuð með auknum rekstrarframlögum eigenda um 286 mkr og auknum fargjaldatekjum um 97 mkr. Mismunurinn er fjármagnaður með fjármunum sem áður fóru til afborgana á lánum. Fjármálaskrifstofa bendir á að ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir 30 mkr hærri fargjaldatekjum og lækkun útgjalda um 3 mkr vegna trygginga skv. nýlegu útboði.
- Í áætlun Strætó er gert fyrir að 150 mkr stofnframlög verði óbreytt á milli ára eða 150 mkr sem nýtt verði til að mæta fjárfestingum í vögnum. Fjármálaskrifstofa bendir á að eðlilegt er að Strætó fjármagni 150 mkr vagnakaup vegna rúmrar stöðu á handbæru fé. Ekki er gert ráð fyrir fjármögnun fjárfestinga í strætisvögnum í samræmi við umsókn til ELENA og áhrifum þess á rekstrarkostnað. Ekki liggur fyrir arðsemismat á fjárfestingakostum Strætó.
- Langtímaskuldir Strætó hafa lækkað verulega á síðustu þremur árum eða um 650 mkr að nafnverði frá árslokum 2008 þegar þær námu um 1.460 mkr. Fjármálaskrifstofa bendir á að vegna góðrar stöðu á handbæru fé getur Strætó þegar á þessu ári greitt niður skuldir um a.m.k. 150 mkr. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 137 mkr á árinu 2012 en verða skv. útkomuspá 2011 um 262 mkr nettó. Greiðslubyrði lána er því að léttast verulega.
- Tekur áætlun um framlög Aðalsjóðs 2012 mið af ofangreindum ábendingum.

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

Leiðarljós

Starfsfólk Bílastæðasjóðs leitast við að sýna lipurð í samskiptum og hefur jafnræðisreglu að leiðarljósi í störfum sínum



Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	704.658
Rekstrartekjur samtals	704.658
Laun og launatengd gjöld	182.661
Annar rekstrarkostnaður	318.130
Afskriftir	85.800
Rekstrargjöld samtals	586.591
Fjármagnsliðir	0
Rekstrarniðurstaða	118.067

Megináherslur 2011 og helstu breytingar milli ára

Segja má að árið 2011 hafi verið tímamótaár í rekstri Bílastæðasjóðs en gríðarmiklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin ár sem hafa miðað að því að gera rekstur sjóðsins á allan hátt betri og skilvirkari. Meðal verkefna sem er lokið og komin í fullan gang má nefna innleiðingu á nýju álagningarkerfi, nýju andmælakerfi, nýju íbúakortakerfi og nýrri málaskrá ásamt því að Bílahúsin hafa öll verið gerð mannlauus og þau tekin rækilega í gegn ásamt öllu ytra útliti og ímynd Bílastæðasjóðs. Þá hefur sjóðurinn aftur flutt í miðbæinn sem er til mikilla hagsbóta sem og tekið upp nánara samstarf við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, en það samstarf felur í sér að Bílastæðasjóður er lögreglunni innan handar með allar álagningar stöðvunarbrotagjalda sem lögreglan skrifar.

Allar þessar breytingar hafa leitt af sér betri Bílastæðasjóð, reksturinn er í góðu jafnvægi, tekjur hafa aukist, kostnaður hefur lækkað og áfram mætti lengi telja. Þá er stefnt að því að samþykkja nýjar samþykktir Bílastæðasjóðs fyrir áramót ásamt því að stjórn verði kosin en slíkt er mikilvægt til að tryggja stjórnslulega stöðu sjóðsins innan borgarkerfisins.

Hins vegar verður ekki látið staðar numið hér, heldur verður áfram keppt við að innleiða góða starfshætti og siði, betrubæta kerfi og ná enn betri árangri á öllum sviðum.

Framtíðarsýn

Nokkur verkefni eru á dagskrá Bílastæðasjóðs fyrir næstu ár. Árið 2012 verður ráðist í að klára endurnýjun á myndavélakerfi í öllum bílahúsum ásamt því að uppfæra allan aðgangsstýringarbúnað í húsunum. Þá verður haldið áfram í að skipta út gömlum stöðumælum fyrir nýja miðamæla næstu 2-3 ár auk þess sem líklegt er að frekari uppbygging verði við tónlistarhúsið Hörpu á næstu árum. Jafnframt verður farið í að vinna heildstæða stefnu með nýrri stjórn í útbreiðslu gjaldskyldra bílastæða og gjaldtöku fyrir þau ásamt því að vinna að framtíðarsýn bílahúsa, en horft er til þess að fara í sérstakt átak til kynningar á húsunum sem góðan valkost fyrir skammtímagesti í borginni.

Fjárfestingar

Árið 2011 festi Bílastæðasjóður kaup á Vonarstræti 4 auk þess sem lokið var við fjárfestingu sjóðsins í bílahúsi Hörpu. Þá voru keyptir miðamælar árið 2011 og eru slík kaup jafnframt á dagskrá árið 2012 og 2013. Þá mun Bílastæðasjóður endurnýja bílaflota sinn árið 2012. Hvað varðar bílahúsin þá mun sjóðurinn leggjast í umtalsverðar lagfæringar á gólfi Kolaports árið 2012, en nauðsynlegt er að endurnýja steypugólf á efri palli og er áætlaður kostnaður um 80 milljónir. Frekari fjárfestingar í mannvirkjum eru síðan ekki áætlaðar fyrr en frekari uppbygging á sér stað við Hörpu.

Fjárförf

Bílastæðasjóður verður í skuld við aðalsjóð Reykjavíkurborgar í lok árs upp á ríflega 50 milljónir vegna húsakaupa í Vonarstræti 4 en sú skuld verður gerð upp strax á fyrri hluta árs 2012. Frekari lántökur eru ekki á dagskrá nema til komi uppbygging við tónlistarhúsið Hörpu.



Fjárhagsáætlun

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.484.004
Rekstrartekjur samtals	2.484.004
Laun og launatengd gjöld	597.413
Annar rekstrarkostnaður	801.837
Afskriftir	780.000
Rekstrargjöld samtals	2.179.250
Fjármagnsliðir	99.154
Rekstrarniðurstaða	205.600

Við stofnun Faxaflóahafna sf. þann 1. janúar 2005 lá til grundvallar viljayfirlýsing eigenda þar sem eftirfarandi leiðarljós voru sett:

- Stefna hins nýja fyrstækis verður að byggja upp og reka öfluga höfn á starfssvæði félagsins. Skipulagsáform hafnanna verði endurskoðuð þannig að hætt verði við fyrirhugaða hafnargerð í Geldinganesi, en uppbygging Grundartangahafnar miðuð við að taka við þeirri starfsemi sem þar var fyrirhuguð. Akraneshöfn verði eflað sem fiskihöfn. Reykjavíkurhöfn verði áfram þróuð sem fjölbreytt inn- og útflutningshöfn og þá verði enn frekar unnið að því að auka hlutdeild skemmtiferðaskipa og bæta aðstöðu til móttöku þeirra í Reykjavíkurhöfn. Borgarneshöfn mun áfram verða viðlega og aðstaða fyrir smábáta.
- Aðilar viljayfirlýsingar þessarar munu vinna að því að undirbúningi við lagningu Sundabrautar verði hraðað og vinna að framgangi þess verkefnis, en sú framkvæmd mun skipta miklu máli fyrir rekstur hafnanna ekki síður en aðra sem nota munu það samgöngumannvirki.

Í yfirlýsingunni segir einnig að ástæða þess að sameina rekstur hafnanna í eitt fyrirtæki sé m.a. sú hagræðing sem í því felst að Hvalfjarðargöng hafi sameinað Reykjavík og byggð norðan Hvalfjarðar í eitt atvinnusvæði og lagning Sundabrautar muni leiða til enn frekari áhrifa í þá átt. Sú þróun kalli á breytt viðhorf og aðgerðir sveitarfélaga m.a. með tilliti til skipulags svæðisins og þjónustu. Markmið breytinganna eru sögð eftirfarandi:

- Að sameinað fyrirtæki verði stærra og öflugra í breyttu samkeppnisumhverfi.
- Að hagræðing verði í rekstri.
- Að skapa ný sóknarfæri í uppbyggingu þjónustu og atvinnurekstri á svæðinu.
- Að tryggja viðskiptaaðilum hafnarinnar góða og hagkvæma þjónustu á þeim hafnarsvæðum sem rekin verða af fyrirtækinu.

Megináherslur 2012 og helstu breytingar milli ára

Fjárhagslegar breytingar á milli ára eru litlar. Rekstrartekjur eru áætlaðar aukast lítillega að raungildi en þar vegur þyngst tekjur af aflagjöldum. Ekki er reiknað með marktækum breytingum á inn- og útflutningi, en lóðarleiga er nánast óbreytt á milli ára. Almenn rekstrargjöld eru í sama umfangi og árið 2011, en hækkuð rekstrargjalda byggist á þróun verðlags auk þess sem auknu fjármagni er veitt til sérgreindra viðhaldsverkefna. Áhersla er lögð á innleiðingu nýsamþykkrar umhverfisstefnu, endurbætur á fasteignum í eigu félagsins, bættar aðstöðu fyrir mótöku á frystum fiski í Sundahöfn, frágangi skipulags á svæðum í Gömlu höfninni, Sundahöfn og á Grundartanga. Þá verður unnið að umhverfisbótum í Örfirisey og á Grundartanga auk almennra umhverfis- og viðhaldsverkefna hafnarmannvirkja og gatna. Áfram verður unnið að markaðssetningu Reykjavíkur sem viðkomustaðar skemmtiferðaskipa og áfram verður unnið að markaðssetningu Grundartanga sem ákjósanlegrar aðstöðu fyrir iðnfyrirtæki sem nota endurnýjanlega orku með lágmarks umhverfisáhrifum. Þá verður áfram unnið að eflingu Akraneshafnar sem fiskihafnar, einkum með því að vekja athygli útgerða smábáta á ákjósanlegri aðstöðu þar.

Framtíðarsýn

Almennt er reiknað með hægum efnahagsbata, sem þýðir að tekjur Faxaflóahafna sf. munu verða í því umfangi sem gert er ráð fyrir árið 2012, en útgjöld eiga ekki að hækka umfram almennt verðlag. Áhrif þessa eru að miða verður áætlanir fyrirtækisins og framkvæmdagetu við umfang árána 2011 og 2012. Jákvæð efnahagsþróun, auknir flutningar og aukin lóðaeftirspurn getur fljótt leitt til bættar afkomu sem skilar sér í aukinni framkvæmdagetu. Framtíðarsýnin er að traustur fjárhagur Faxaflóahafna sf. styrkist enn frekar þannig að unnt verði að vinna að nauðsynlegum framkvæmdum samkvæmt langtímaáætlun fyrirækisins. Markmið rekstrarins er að styrkja stöðu hafnanna sem fiskihafna, flutningahafna og ferðapjónustuhafna þar sem það á við. Á Grundartanga eru vænleg tækifæri fyrir ýmis konar starfsemi og þess vænst að fyrirtækjum á því svæði fjölgi hægt og bitandi. Í starfsmannamálum er við það miðað að fjöldi starfsmanna haldist óbreyttur komi ekki til ný eða aukin verkefni t.d. með aukinni sameiningu hafna á Faxaflóasvæðinu. Föst stöðugildi eru nú 62 en voru 69 árið 2008.

Fjárfestingar

Árið 2012 er fyrirhugað að hefja framkvæmdir við lengingu Skarfabakka í Sundahöfn, en þar er um að ræða fyrsta áfanga af fjórum í þróun Sundahafnar næstu 10 árin. Áætlað er að lengingu Skarfabakka verði lokið árið 2014. Þá er gert ráð fyrir endurbótum á Kleppsbakka, sem er lúinn sökum aldurs. Kleppsbakki er hins vegar mjög mikilvægur hluti Sundahafnar sem einn megin inn- og útflutningsbakki Faxaflóahafna sf. Í gömlu höfninni er gert ráð fyrir endurnýjun efri hæðar Bakkaskemmu og stefnt að því að þar geti „sjávarútvegsklasi“ haslað sér völl. Á Grundartanga verður haldið áfram með undirbúning að lengingu Tangabakka og lokið við skilgreinda áfanga í gatnagerð á svæðinu. Auk framangreindra fjárfestinga verður farið í smærri verkefni á öllum hafnarsvæðum. Áætlað er að verja 800,0 mkr. til fjárfestinga á árinu 2012, en á árinu 2011 er áætlað að fjárfestingar til framkvæmda verði 675,0 mkr.

Fjárpörf

Almennt hafa Faxaflóahafnir sf. frá stofnun fjármagnað rekstur og framkvæmdir af eigin aflaté. Áætlun ársins 2012 gerir ekki ráð fyrir lántökum. Til skoðunar er að endurfjármagna langtímalán fyrirtækisins, sem til er komið vegna uppgreiðslu lífeyrisskuldbindinga við stofnun Faxaflóahafna sf.

FÉLAGSBÚSTAÐIR HF

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlunin er unnin í samræmi við reikningsskil og áætlunarforsendur Reykjavíkurborgar. Á áætlunartímabilinu er gert ráð fyrir að fjölga húseignum félagsins um 76, þar af eru 20 sambýli fyrir fatlað fólk og 56 almenningar íbúðir og er miðað við að hlutfall almennra íbúða verði óbreytt í lok tímabilsins, eða 15 íbúðir á hverja 1000 íbúa í borginni samkvæmt mannfjöldaspá.

Útkomuspá 2011

Rekstur:

Í útkomuspá Félagsbústaða hf. fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að leigutekjur nemi 2.542 millj.kr. auk 128 millj.kr. hagnaðar af sölu eigna, eða samtals 2.670 millj. kr. heildartekjur. Leigutekjur jukust frá fyrra ári um 6%, eða 1% umfram áætlaða verðlagshækkun ársins vegna betri nýtingar íbúða í útleigu. Gert er enn fremur ráð fyrir að rekstur félagsins skili 1.190 millj.kr. fyrir afskriftir, söluhagnað og fjármagnsliði sem er 4,4% aukning frá árinu 2010. Heildartap ársins 2011 er hinsvegar áætlað 1.303 millj.kr. miðað við 367 millj.kr. tap árið á undan sem rekja má til hærri verðbóta á lánnum á árinu 2011.

Efnahagur:

Bókfærðar eignir Félagsbústaða hf. í árslok 2011 eru áætlaðar 21,5 milljarðar kr. og eigið fé neikvætt um 6,2 milljarða kr. Miðað við áætlað gangvirði fasteigna samkvæmt fasteignamati nema heildareignir félagsins hinsvegar 33,9 milljörðum kr. og eigið fé samkvæmt því 6,2 milljarðar, eða 18,3% eiginfjárlutfall.

Sjóðsstreymi:

Veltufé frá rekstri er áætlað 343 millj.kr., handbært fé frá rekstri 418 millj.kr. og handbært fé í árslok 2,1 millj.kr. Kaup á fasteignum og endurbætur eldri eigna á árinu 2011 er áætluð 1.616 millj.kr. og eignir seldar fyrir um 240 millj.kr. Fyrir áramót er ráðgert að ganga frá samningum um kaup á 20 sambýlum af Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við færslu á málefnum fatlaðs fólks til sveitarfélaga auk þess sem ráðgert er að ljúka endurbótum á Meistaravöllum 19-29. Áætlað er að taka ný lán fyrir um 1.450 millj.kr. á árinu til þessara framkvæmda og greiða niður lán fyrir um 511 millj.kr.

Fjárhagsáætlun 2012

Rekstur:

Leigutekjur ársins eru áætlaðar 2.640 millj.kr. sem er aukning um tæp 4% frá árinu 2011 vegna 3% verðlagshækkunar og fleiri eigna í rekstri. Áætlaður tekjuafgangur fyrir afskriftir, söluhagnað og fjármagnsliði er 1.247 millj.kr., eða 5% umfram tekjuafgang frá árinu á undan. Áætlaður hagnaður af sölu eigna umfram bókfært verð er 244 millj.kr., en ráðgert er að selja 30 íbúðir á árinu, þar af 20 íbúðir í Fellahverfi í samræmi við ásetning félagsins og Velferðarsviðs um að fækka félagslegum íbúðum í hverfinu en fjölga á móti íbúðum í öðrum hverfum borgarinnar. Áætlað tap Félagsbústaða á árinu 2012 er 796 millj.kr. eftir 1.777 millj.kr. fjármagnskostnað og 511 millj.kr. afskriftir.

Efnahagur :

Bókfærðar eignir eignir Félagsbústaða eru áætlaðar 22,4 milljarðar kr. í árslok 2012 og eigið fé neikvætt um 6,9 milljarða kr. Miðað við áætlað gangvirði fasteigna nemur verðmæti heildareigna félagsins hinsvegar 36,3 milljörðum kr. og eigið fé 7 milljarðar kr. eða 19,3%

Sjóðsstreymi:

Veltufé frá rekstri á árinu 2012 er áætlað 305 millj.kr., handbært fé frá rekstri 299 millj.kr. og handbært fé í árslok 134 millj.kr. Kaup á fasteignum eru áætluð 1.457 millj.kr. og eignir seldar fyrir 538 millj.kr. Engar verulegar endurbætur eru áætlaðar á árinu 2012 og sú þörf ekki fyrir hendi á næstu árum utan endurbóta á sambýlum fyrir fatlað fólk sem mörg hver eru í miður góðu ástandi við yfirfærslu þeirra á árinu 2011. Áætlað er að taka ný lán fyrir um 1.220 millj.kr. á árinu og greiða niður lán fyrir um 508 millj.kr.

Fjárhagsáætlun 2013-2016 á föstu verðlagi

Rekstur:

Leigutekjur eru áætlaðar 2.662 millj.kr. á árinu 2013 og gert ráð fyrir að þær aukist óverulega fram til 2016 enda leiguverð óbreytt og lítil fjölgun íbúða. Breyting á heildartekjum tengist eingöngu áætluðum hagnaði af sölu eigna í Fellahverfi umfram bókfært verð samtals á tímabilinu um 903 millj.kr. Gert er ráð fyrir að reksturinn skili árlega að meðaltali 1.270 millj.kr. á tímabilinu fyrir söluhagnað, afskriftir og fjármagnsliði, eða um 47,5% leigutekna, sem er svipuð afkoma og undanfarin ár.

Undanfarin ár hefur viðhaldskostnaður farið lækkanði en á móti hafa vanskil aukist verulega. Áætlað framlag til afskrifta leiguskulda nemur 88 millj.kr. á árinu 2011, eða 3,5% af leigutekjum en lækkar í 3% árið 2012, í 2,5% árin 2013- 2014 og í 2% árin 2015-2016 með auknum stuðningi í formi húsnæðisbóta til lækkunar á greiðslubyrði leigu.

Efnahagur:

Bókfært verðmæti eigna í lok tímabilsins árið 2016 er áætlað 22,6 milljarður kr. og eigið fé neikvætt um 6,9 milljarða kr.. Miðað við áætlað gangvirði fasteigna nema heildareignir Félagsbústaða hf. hinsvegar 37,4 milljörðum kr. og eigið fé jákvætt um 7,9 milljarða kr., eða 21,2% eiginfjárlutfall.

Sjóðsstreymi:

Handbært fé er áætlað að nemi 642 millj.kr. í lok tímabilsins árið 2016 sem að mestu er tilkomið vegna sölu á 74 íbúðum í Fellahverfi á tímabilinu 2012-2015 en þær eru allar skuldlausar. Þar með fækkar íbúðum félagsins í hverfinu, sem upphaflega voru 196 talsins, í 102, en 20 íbúðir voru seldar í Fannarfelli á árinu 2007. Í fjárhagsáætluninni er þetta handbæra fé uppsafnað, en hinsvegar gert ráð fyrir, að því verði ráðstafað til greiðslu á óhagstæðum lánum til langs tíma eftir því sem sölu íbúðanna miðar fram.

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF

Megináherslur 2012

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum milli áráanna 2011 og 2012. Framleiðsla bæði Grjótmulningsstöðvar og Malbikunarstöðvar árið 2011 verður sú lægsta í sögu fyrirtækisins. Einnig bendir allt til þess að útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins verði með því minnsta sem verið hefur. Engin teikn eru á lofti um það að rekstrar-skilyrði árið 2012 verði betri enda ekkert sem bendir til þess að framboð verkefna aukist. Reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði svipuð á næsta ári og hún er 2011.

Forgangsatíði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

Framtíðarsýn

Fyrirtækið starfar á útboðs- og samkeppnismarkaði og velta þess og afkoma ræðst af markaðsaðstæðum og hagsveiflu hverju sinni. Á næstu árum virðist sem stórar framkvæmdir á vegum ríkisins séu vart í augnsýn. Ekki eru horfur á því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu muni auka framlög til malbiksframkvæmda á næsta ári. Nýbyggingar vega og gatna verða minni en nokkru sinni fyrr, en meiri óvissa er varðandi hefðbundnar yfirlagnir, einkum þegar til lengri tíma er lítið. Allt bendir til þess að einkaaðilar munu einnig halda að sér höndum og lítið er um stór verkefni á þeirra vegum í augnsýn. Gera má ráð fyrir því að mjög hart verði barist um þau verkefni sem til falla. Vonast er til að úr rætist smátt og smátt frá og með 2013, en það mun taka nokkur ár áður en hægt er að reikna með að malbiksframleiðsla nálgist meðalframleiðslu áráanna 1997-2009.

Fjárfestingar

Engar ákvarðanir hafa verið teknar um fjárfestingar árið 2012, en líklegt er að þær verði með minnsta móti. Fljótlega þarf þó að fara að huga að fjárfestingu í endurvinnslubúnaði fyrir aðra hvora malbikunarstöðina, svo hægt sé að endurnýta hráefni og ná þannig fram sparnaði við framleiðsluna og gera hana umhverfisvænni. Einnig þarf að huga að uppsetningu blöndunarbúnaðar fyrir ýmis íblöndunarefni til að ná fram meiri gæðum í framleiðslu fyrirtækisins. Klára þarf minni háttar framkvæmdir vegna lóðamála og næstu ár mun koma að því að endurnýja þurfi hluta af tækjum og jafnvel vörubílum fyrirtækisins. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undan-genginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárpörf

Fyrirtækið gerir ekki ráð fyrir neinum lántökum á næsta ári vegna reksturs og engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS

Rekstur slökkviliðs er lagaleg skylda sveitarfélaga en sjúkraflutningar eru valkvæð þjónusta. Samrekstur þeirra á höfuðborgarsvæðinu tryggir öfluga bráðþjónustu á þessum sviðum með viðbragðsstyrk sem eflir öryggi íbúanna og þar með velferð á svæðinu.



Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Fjárfestingar	21.034
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	1.861.283
Rekstrartekjur samtals	1.882.317
Laun og launatengd gjöld	1.525.129
Annar rekstrarkostnaður	336.154
Afskriftir	43.161
Rekstrargjöld samtals	1.904.444
Rekstrarniðurstaða	(22.127)

Í töflunni má sjá áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins án fasteignafélagsins

Fjárhagsáætlun

Markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000 er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Ábyrgð sveitarstjórna er skilgreind í 10. gr. laganna og 16. gr. kveður á um skyldur slökkviliðsstjóra til þess að sjá til þess að lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt.

Áætlaðar tekjur slökkviliðsins hækka um 187 m.kr. frá áður samþykktu rammaáætlun ársins, eins og sést í töflunni hér fyrir neðan. Stafar það auknu framlagi eigenda og ríkis vegna hækkunar launakostnaðar í kjölfar nýrra kjarasamninga, þrátt fyrir áætlaðan enn frekari niðurskurð annarra rekstrargjalda, auk hækkunar frá föstu verðlagi við gerð rammaáætlunar. Gert er ráð fyrir um 44,6 m.kr. minni rekstrarhalla í áætlun 2012 en í rammaáætlun 2012. Þar að auki frestast nú hluti stofnsamningsbundins framlags eigenda í fjárfestingarsjóð fjórða árið í röð og hefur því alls um 327,4 m.kr. fjárfestingarframlagi verið frestað frá árinu 2009. Frestun fjárfestinga getur komið harkalega niður á öryggi starfsins og þeirra sem því sinna, en meðalaldur bílaflota slökkviliðsins er kominn yfir 20 ár.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 og helstu atriði

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður SHS hækkar um 222,5 m.kr. á milli árána 2011 og 2012. Það felst fyrst og fremst í u.þ.b. 207 m.kr. hækkun launakostnaðar vegna nýgerðra kjarasamninga slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Hækkun frá áður samþykktu rammaáætlun fyrir árið 2012 er þó talsvert minni, þar sem við gerð rammaáætlunar var gert ráð fyrir að ný slökkvistöð við Skarhólbraut í Mosfellsbæ yrði tekin í notkun um mitt ár 2012 og við það yrði starfsmönnum fjölgað. Framkvæmdum hefur verið frestað og er nú gert ráð fyrir að nýja slökkvistöðin verði komin í gagnið um mitt ár 2013. Nýir kjarasamningar slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fela í sér nokkra launaleiðréttingu, umfram almenna hækkun í samræmi við aðra launþega, í formi starfsmats og mats á menntun manna. Launakostnaður hækkar jafnframt vegna 15% hækkunar á samtímagreiðslu lífeyrisskuldbindinga, úr 20 í 23%.

Launakostnaður er um 82% af rekstrarkostnaði SHS. Laun vega því þungt í áætlunum og veita lítið svigrúm til niðurskurðar. Áætlað er að önnur rekstrargjöld hækki um 15,7 m.kr. á milli ára en lækki þó frá rammaáætlun, þar sem þar var gert ráð fyrir auknum húsnæðiskostnaði vegna nýrrar slökkvistöðvar.

Framlag sveitarfélaganna lækkar um 12,7 m.kr. í áætlun fyrir árið 2012 miðað við rammaáætlun 2012 en gert er ráð fyrir um 145,5 m.kr. hækkun framlags frá áætlun ársins 2011. Þar af er 21 m.kr. stofnsamningsbundið framlag í fjárfestingarsjóð SHS. Hluti þess framlags frestast.

Tekjur vegna sjúkraflutninga

Gert er ráð fyrir umtalsverðri leiðréttingu á greiðslu frá velferðarráðuneytinu vegna sjúkraflutninga fyrir árið 2012. Samningur við ráðuneytið rennur út í árslok 2011. Frá því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tóku að sér framkvæmd sjúkraflutninga fyrir ríkið samhliða rekstri slökkviliðs hefur framlag ríkisins vegna sjúkraflutninganna ekki verið í samræmi við raunkostnað við þá, ef frá er talinn fyrsti samningur ríkisins við sveitarfélögin, en þá var fenginn oddamaður til þess að skera úr um kostnað við reksturinn. Við gerð samnings fyrir árin 2010 og 2011 náðist nokkur leiðrétting á framlagi ríkisins, en þó lá ávinningur af samrekstri sjúkraflutninga og slökkviliðs allur áfram hjá ríkinu. Gert er ráð fyrir því að frá og með árinu 2012 muni samlegðaráhrifin deilast á réttmætari hátt milli ríkis og sveitarfélaga.

SHS og forverar þess hafa annast sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu samfleytt frá árinu 1921 eða í 90 ár. Æ síðan hefur verið lítið á það sem eðlilegan þátt í starfsemi slökkviliðsins að annast jafnframt sjúkraflutninga, enda fer þessi starfsemi vel saman og af því er augljós ávinningur fyrir báða aðila vegna samlegðar með tilliti til tækja, aðstöðu, mönnunar og menntunar starfsfólks. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er skýrt kveðið á um ábyrgð heilbrigðisráðuneytisins á sjúkraflutningum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu telja hins vegar að vel fari á að þau annist verkefnið með samningi við ráðuneytið og að báðir aðilar njóti þannig hagkvæmninnar af samrekstri með slökkviliði. Það yrði ríki og sveitarfélögum mjög dýrt ef þessi rekstur yrði aðskilinn. Meginmarkmið beggja aðila með slíkum samningi hlýtur að vera að tryggja gæði þjónustunnar við íbúa svæðisins.

Aðskilnaður slökkviliðs og sjúkraflutninga myndi draga úr gæðum þjónustunnar við íbúana, þar sem einn stærsti ávinningur samreksturs þessara tveggja þjónustubátta er hinn öflugri viðbragðsstyrkur sem af honum hlýst. Aðskilin þjónusta myndi missa slagkraft stærðarinnar sem mikilvægur er á ögurstundu. Slökkviliðsstjóri óttast að á niðurskurðartímum gætu menn farið að huga að slíkum aðskilnaði. Að hans mati myndi það vega að velferð íbúanna á svæðinu, ógna öryggi þeirra og verða þeim kostnaðarsamara, þar sem samlegðaráhrif, bæði fjárhagsleg og í uppsettu afli, yrðu engin. Það væri ekki boðlegt íbúum nú, þegar þörfin fyrir þjónustuna hefur aldrei verið meiri. Hvorki ríki né sveitarfélög hafa efni á slíkum aðskilnaði, þar sem hann leiðir af sér aukinn kostnað fyrir báðar rekstrareiningar. Áætlað framlag sveitarfélaganna vegna reksturs slökkviliðsins myndi ekki standa undir þeim kostnaði.

Mat oddamanns, skipaðs af ríki og Reykjavíkurborg þegar samningar sigldu í strand, á skiptingu rekstrarkostnaðar Slökkviliðs Reykjavíkur fyrir árið 1993 milli sjúkraflutninga annars vegar og slökkviliðs hins vegar var að kostnaðarhlutdeild sjúkraflutninga ætti að vera 42% en slökkviliðs 58%. Hér er lagt til að skiptingin verði 38% á móti 62%.

Fjárfestingar

Í 11. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins er kveðið á um framlag í fjárfestingarsjóð, sem tekur mið af gengi SDR. Við gerð rammaáætlunar fyrir árið 2012 ákvað stjórn SHS að aðildarsveitarfélögin myndu reiða fram hluta framlags í fjárfestingarsjóð, eða 20 m.kr., á árinu 2012. Sú upphæð nemur nú 21.034 þús. kr. en heildarframlag í fjárfestingarsjóð skv. stofnsamningi á að nema 87.098 þús. kr. á ári á núverandi gengi. Alls hefur því 327.358 þús. kr. stofnsamningsbundnu framlagi til SHS verið frestað á árunum 2009 til 2012.

Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

Tekjur Almanna- og höfuðborgarsvæðisins (AHS) koma frá sveitarfélögunum sem aðild eiga að Almanna- varnanefnd höfuðborgarsvæðisins. Framlag sveitarfélaganna fyrir árið 2012 hækkar um 189 þús. kr. á milli ára og um 66 þús. kr. frá rammaáætlun, eða um 1,1%.

Fjárför

Áætlað framlag Reykjavíkurborgar vegna reksturs slökkviliðs og almannavarnanefndar á árinu 2012 er eftirfarandi:

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	Áætlun 2012
Rekstrarframlag vegna SHS	663.227
Fjárfestingaframlag SHS	12.400
Framlag vegna SHS alls	675.627
Framlag vegna AHS	3.549
Samtals framlag vegna SHS og AHS	679.176

SORPA BS

SORPA bs. er traust og leiðandi fyrirtæki á sviði úrgangsstjórnunar og leggur höfuð áherslu á að veita góða þjónustu í sátt við umhverfið



Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2012
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.045.740
Rekstrartekjur samtals	2.045.740
Laun og launatengd gjöld	576.660
Annar rekstrarkostnaður	1.324.179
Afskriftir	130.956
Rekstrargjöld samtals	2.031.795
Fjármagnsliðir	-9.900
Rekstrarniðurstaða	4.045

Megináherslur 2012 og helstu breytingar milli ára

Á árinu 2011 var endurvinnslustöðinni á Kjalarnesi lokað og opnunartími um helgar á endurvinnslustöðvunum var stytur. Með þessu hefur náð nokkur sparnaður. Á árinu 2012 er ekki gert ráð fyrir frekari skerðingu á þjónustu og miðast rekstraráætlunin við óbreytt mannhald og opnunartíma. Gert er ráð fyrir sama magni úrgangs árið 2012 eins og stefnir í að vera árið 2011. Magn úrgangs inn á endurvinnslustöðvanna hefur aukist um tæp 8% það sem af er ári 2011 (október) og sem getur haft veruleg áhrif á rekstur endurvinnslustöðvanna. Áætlunin tekur tillit til umsamdra launabreytinga, breytingar launavísitölu þar sem það á við og þeirra breytinga á vísitölum sem gert er ráð fyrir í forsendum Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að afsláttur eigenda af móttökugjöldum fyrir heimilisúrgang verði sá sami og áður þ.e.a.s. 18% af viðskiptum í móttökustöð, hafi verið staðið í skilum. Að öðru leyti taki gjaldskrá SORPU bs. breytingum skv. forsendum Reykjavíkurborgar um verðlagsþróun. Rekstrargrunnur SORPU bs. er hins vegar í óvissu þar sem ekki er ljóst hvert hlutverk SORPU bs. er ætlað í móttöku og meðhöndlun endurvinnsluefna í framtíðinni.

Framtíðarsýn

Úr stefnumótun SORPU bs.:

SORPA tryggir heildarsamræmi í úrgangsmálum á höfuðborgarsvæðinu, samfélaginu öllu til hagsbóta.



Fjárfestingar

Á árinu 2012 er samtals gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 475 milljónir sem í grófum dráttum má skipta í tvennt:

- A. Endurnýjun og innri þörf
- B. Framtíðarverkefni

Vegna endurnýjunar og innri þarfa er gert ráð fyrir 125 milljónum í tækjabúnað í Gufunesi og 45 milljónum í Álfnesi. Helstu verkefni í Gufunesi er bætt aðstaða fyrir hleðslu gáma með endurvinnsluefnum auk búnaðar til að vinna plast. Í Álfnesi verður lyktarverkefni klárað, stækkun á núverandi metanhreinsilínu og varabirgðir fyrir metan. Verkefni sem falla undir lið A verða fjármögnuð af rekstri SORPU bs. eins og efni og aðstaða er til.

Framtíðarverkefni felast í nýrri metanhreinsilínu, lóð fyrir gasgerðarstöð og undirbúning gasgerðarstöðvar.

Núverandi metanhreinsilína er tvöföld og því hefur öryggi um framleiðslu verið gott. Vegna mjög aukinnar eftirspurnar eru nú báðar hreinsilínurnar notaðar samtímis og því öryggi framleiðslunnar ábótavant. Því er gert ráð fyrir að byggð verði ný lína á næstu tveimur árum, jafn stór og báðar hinar til samans. Heildarkostnaður er áætlaður 200 milljónir en fjárfesting á næsta ári er áætluð 90 milljónir vegna þessa.

Reykjavíkurborg hefur gefið jákvætt svar við lóðarumsókn vegna gasgerðarstöðvar í Álfnesi. Á árinu 2012 er gert ráð fyrir að lóðarmál klárast og undirbúningur gasgerðarstöðvar fari í fullan gang. Samtals er gert ráð fyrir fjárfestingu upp á 200 milljónir á næsta ári vegna þess. Ekki er gert ráð fyrir neinum fjárfestingum á endurvinnslu-
stöðvunum á árinu 2012. Þau verkefni sem falla undir lið B hér að ofan eru framtíðarverkefni sem þurfa sér umfjöllun í sveitarstjórnnum. Verði af verkefnunum er gert ráð fyrir lántöku vegna þeirra og er slíkt háð samþykki stjórnar SORPU og sveitarfélaganna.

Fjárpörf

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir nýjum lántökum vegna framtíðarverkefna, verði ákvörðun um slíkt tekin, alls 350 milljónir. Eins og áður segir verða verkefni sem falla undir „endurnýjun og innri þörf“ fjármögnuð af rekstri SORPU í þeim takti sem mögulegt er.

STRÆTÓ BS

Inngangur

Strætó er í eigu sjö sveitarfélaga, þ.e. Álftaness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarness. Byggðasamlagið var stofnað 1. júlí 2001 við samruna Almenningsvagna bs., sem veittu þjónustu í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi og Strætisvagna Reykjavíkur, sem þjónuðu Reykjavík, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Markmið með stofnun Strætó bs. er að efla almenningssamgöngur, bæta þjónustu og auka hagkvæmni. Með stofnuninni voru leiðakerfi og gjaldskrá samræmd fyrir allt þjónustusvæðið.

Strætó bs. annast skipulag og framkvæmd almenningssamgangna innan og milli sveitarfélaganna. Skipulag og umsjón með starfsemi er að öllu leyti í höndum byggðasamlagsins og er yfir helmingur þjónustunnar framkvæmdur af starfsmönnum byggðasamlagsins. Tveir verktakar aka þannig um 40% ekinna km. Þá hefur Strætó bs. umsjón með strætóþjónustu milli höfuðborgarsvæðisins og Akraness og einnig Árborgar / Hveragerðis. Tveir verktakar annast þá þjónustu og eru samningar um þann akstur milli verktaka og viðkomandi sveitarfélags.

Tekjur

Tekjur sem mæta rekstrargjöldum koma að miklum minnihluta frá fargjöldum sem farþegar kaupa, að hluta frá fargjöldum sem sveitarfélögin greiða, einkum vegna nemendaverkefnis tengt framhaldsskólum og að stærstum hluta sem framlag frá þeim sveitarfélögum sem standa að byggðasamlaginu. Kostnaðarhluti notenda sjálfra er nú um 23% og hefur hækkað. Framlagsgreiðslur skiptast milli sveitarfélaganna samkvæmt samþykktri skiptingu kostnaðar, sem byggir að hluta á íbúafjölda og að hluta á eignum km innan marka hvers sveitarfélags. Miðað er við skiptingu íbúafjölda hinn 1. des. ár hvert og verður þannig unnið með skiptinguna 1. des. 2011 vegna ársins 2012. Skiptihlutfallið getur svo vikið til innbyrðis milli sveitarfélaganna, innan ársins, vegna sumaraksturs sem stendur í um 10 vikur og vikur í km nokkuð frá þeirri skiptingu sem gildir að vetrinum. Þá getur þjónustan tekið breytingu á síðari hluta ársins frá því sem var á vetrarmánuðum frá byrjun árs fram til sumarátætlunar.

Fram kemur í tekjuhluta áætlunarinnar að gert er ráð fyrir að fargjaldatekjur aukist um 37 mkr. frá árinu 2011. Til að það náist þarf að hækka gjaldskrá er líður á árið.

Í áætluninni er miðað við að greiðslur og fyrirkomulag vegna kaupa sveitarfélaganna á nemakortum á árinu 2012 verði sambærilegt og er á síðari hluta árs 2011. Framhald nemaverkefnisins hefur ekki hlotið umfjöllun eða afgreiðslu lengur en fram til maí 2012. Hækki verð kortsins haustið 2012 til nema, lækkar framlag sveitarfélaganna til niðurgreiðslu nemakorta samsvarandi. Hér í áætluninni er hins vegar reiknað með að heildartekjur fyrir tímabilið ágúst til desember 2012 vegna nemendaverkefnisins verði sambærilegar og er fyrir sömu mánuði á árinu 2011.

Gjöld

Endanleg kostnaðaskipting milli sveitarfélaganna á árinu 2011 er þannig: Reykjavík 64,61% (58,96), Kópavogur 13,66% (15,12), Hafnarfjörður 10,37% (12,91), Garðabær 4,30% (5,30), Mosfellsbær 4,35% (4,26), Seltjarnarnes 1,96% (2,19) og Álftanes 0,76% (1,26). Tölur í sviga sýna hver skipting er eftir íbúafjölda 1. des. 2010 og gefur munurinn þannig til kynna hver áhrif ekinna km eru gagnvart hverju sveitarfélaganna. Kostnaði við leiðar 1-6 er skipt eftir íbúafjölda, aðrar leiðar skiptast eftir eignum km innan marka sveitarfélaganna.

Um 90% kostnaðar framkallast af eignum km., vagn tímum og fjölda vagna sem þarf til þjónustunnar. Annar kostnaður er vegna umsýslu með leiðakerfi og gjaldskrá, upplýsinga, stjórnarsýslu, fjarskipta og húsnæðis.

Sú áætlun sem hér er lögð fram er unnin mtt. forsendna sem eru leiðbeinandi fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Rekstrarkostnaður eigin vagna stjórnast af kjarasamningum við St.Rv. og Samiðn og af rekstrarvörum ss. díselolíu, varahlutum, tryggingum, hjólbörðum og öðrum nauðsynlegum aðföngum. Skipting skv. eignum km er nú þannig að verktakar aka 40% km og eigin vagnar Strætó bs. um 60% km. Kostnaður við eigin rekstur fylgir forsendum Rvb. að miklu leyti og umfangi aksturs. Breyting á almennum verðlagi í áætluninni er 4-5%. Kjarasamningur sem gerður var um mitt ár 2011 kemur til fullrar framkvæmdar á árinu 2012.

Greiðslur til verktaka byggja á grunni tilboða, sem tókur gildi 22. ágúst 2010 og er samningur til fjögurra ára með möguleika til framlengingar. Verðbætur til verktaka samkvæmt samningum byggja á sérgerðri vísitölu og er hækkun hennar áætluð líðlega 5%, en þessi vísitala hefur á undangengnum misserum hækkað umfram vísitölu almenns neysliverðs.

Umfang leiðakerfis og þar með fjöldi vagna, vagn tíma og ekinna km stjórna rekstrarkostnaði hverju sinni ásamt þeim einingaverðum sem hver þessarar þátta ber.

Á árinu 2011 hefur farþegum fjölgað um 16% miðað við fyrra ár. Þannig má áætla að farþegar á árinu 2011 verði líðlega 1 milljón fleiri en á árinu 2010. Fjölgunin hefur að stærstum hluta komið fram á annatíma snemma morguns og síðdegis á virkum dögum. Til að veita órofna þjónustu hefur ferðum verið fjölgað. Tekjur hafa jafnframt aukist, ekki þó samsvarandi þar sem afsláttarkostir eru nýttir í auknum mæli. Í áætlun 2012 er gert ráð fyrir að mæta nokkurri fjölgun farþega og skýrir það hækkun framlags umfram verðlag.

Ferðir eru áætlaðar líðlega 9,0 milljónir á árinu 2011.

Fjárför

Áfram er unnið að ýmsum umbótaverkefnum, bæði til styrkingar þjónustu fyrir farþega og sem vinna með starfsmönnum að bættri þjónustu og starfsumhverfi. Frá þjónustuveri er fylgst með áreiðanleika þjónustunnar og gefnar upplýsingar um aðgengi að henni. Þaðan er einnig stýrt viðbrögðum við tilfallandi atburðum. Sífelld er unnið að bætingu upplýsinga og aðgengi um vefsvæði, þar sem vaxandi fjöldi leitar úrræða. Leiðarvísir, sem nú er komin góð reynsla á, nýtist viðskiptavinum vel og í vaxandi mæli til stuðnings við að finna einföldustu leið með vögnunum milli staða. Þá hefur verið komið á möguleika til kaupa á farmiðum á þjónustuvef og hefur stór hluti kaupa á kortum og farmiðum færst á þann vetvang. Virkjað hefur verið kerfi í vögnunum, þar sem tilkynnt er um næstu biðstöð, bæði með texta og tali. Lokið er uppsetningu ferilvöktunar, sem er notuð til að fylgjast með því þegar vagnar víkja frá auglýstir áætlun. Þannig má bregðast við með forvirkum hætti. Öll þessi nýbreytni hefur tekist vel og leitt til aukinnar ánægju hjá notendum með þjónustuna.

Til framtíðar litið getur þessi grunnbúnaður gefið farþegum færi á að fylgjast með hvar viðkomandi vagn er á hverri stundu, ss. um síma sinn, á vefsvæði Strætó bs. og/eða á sérstökum upplýsingaskjám á helstu bið- og skiptistöðvum. Þessi búnaður getur einnig með frekari þróun opnað möguleika á að nota greiðslukort til greiðslu fargjalds í vögnum. Fylgst er með framvindu og möguleikum til að nota farsíma til greiðslu fargjalds. Þá hefur farið fram ítarleg skoðun og úrbætur á almennum búnaði og útliti vagna í tengslum við fullnustu tilboða og samninga um akstur.

Komin er reynsla á notkun búnaður á vagnastæðum að Hesthálsi 14, sem tryggir að vagnar eru heitir þegar farið er í fyrstu ferð að morgni og gerir vagna tilbúnir til aksturs með skemmri fyrirvara en fyrr. Þessi aðgerð eykur jafnframt á endingu vagna og búnaðar í þeim og er af þessu góð reynsla. Um árabil hafa tveir vagnar knúnir af metangasi verið í þjónustu.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að hægt verði á nýsköpunarverkefnum á árinu 2012 mtt. til almennrar fjárhagsstöðu, en unnið verði áfram að skipulagningu til undirbúnings fyrir komandi ár.

Vagnar og aðstaða

Í áætluninni er endurnýjun á vagnakosti þeim sem Strætó bs. gerir út frá Hesthálsi 14. Í áætlun nú eru 150 mkr. til endurnýjunar og er það einungis um helmingur þarfar til árlegrar endurnýjunar á vagnakosti. Það gefur möguleika á að fá 3-6 vagna til þjónustu eftir því hvort keyptir verða nýjir eða að einhverju leyti notaðir vagnar, en reglubundin endurnýjun er hins vegar 7-8 vagnar árlega. Frestun á reglubundinni endurnýjun þyngir endurnýjun síðar. Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2012, heldur er unnið markvisst að niðurgreiðslu lána. Lánastaða hefur lækkað að undanförmu og er steft að því að hún lækki ört á næstu misserum og lokið verði uppgreiðslu lána á árunum 2016/17.

Strætó bs. hefur höfuðstöðvar í eigin húsnæði í Þönglabakka 4 í Mjódd, en vagnarekstur fer fram í Hesthálsi 14, þar sem leigt er húsnæði frá Reykjavíkurborg. Það húsnæði er afar vel búið og hentar starfseminni vel. Strætó bs. leigir síðan aðstöðu á Hlemmi og í Mjódd, þar sem er inniaðstaða fyrir farþega meðan beðið er eftir vagni. Á stærri biðstöðvum er aukin skýlaaðstaða, en alls eru biðskýli á um helmingi biðstöðva á þjónustusvæðinu, en biðstöðvar eru um 980 talsins. Biðskýli eru á þeim biðstöðvum sem flestir farþegar fara um. Þá er leigt húsnæði á ellefu stöðum víðs vegar um þjónustusvæðið þar sem vagnstjórar hafa aðstöðu.



Orkuveita Reykjavíkur

Samstæða


Fjárhagsáætlun 2012

og

fimm ára áætlun

2013-2017

27.10.2011



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Þjónustusvæði OR á landsvísu	4
3	Aðgerðaáætlun móðurfélags	5
4	Forsendur fjárhagsáætlunar 2012	6
5	Meginniðurstöður fjárhagsáætlunar 2012	7
6	Fjárhagur 2012	9
6.1	Fjárhagsáætlun 2012, rekstrarreikningur	9
6.2	Efnahagsreikningur 2012	10
6.3	Sjóðstreymi 2012	11
7	Forsendur fimm ára áætlunar 2013-2017	12
8	Meginniðurstöður fimm ára áætlunar 2013-2017	13
9	Fjárhagur 2011-2017	14
9.1	Rekstrarreikningur 2011-2017	14
9.2	Efnahagsreikningur 2011-2017	14
9.3	Sjóðstreymi 2011-2017	14
9.4	Lykilstærðir 2011-2017	14

1 Inngangur

Í fjárhagsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur 2012 og fimm ára áætlun 2013-2017 sér glögg merki þeirra umfangsmiklu aðgerða sem gripið var til í rekstri OR 2010 og 2011. Markmið aðgerðanna var að styrkja fjárhagsstöðu fyrirtækisins, sem hafði veikt verulega.


Gert er ráð fyrir talsverðum tekjuauka og að útgjöld aukist óverulega milli árana 2011 og 2012 auk sölu eigna utan kjarnastarfsemi.

Í janúar 2011 leitaði stjórn OR samstarfs við eigendur um fjármögnun. Niðurstaða þess samstarfs, „*Aðgerðaáætlun OR og eigenda um viðbrögð við fjárhagsvanda*“, kallaði á verulegar breytingar á áformum í rekstri fyrirtækisins og fjárfestingum. Þessi aðgerðaráætlun endurspeglar þær breytingar og er hún hluti fjárhagsáætlunarinnar.

2 Þjónustusvæði OR á landsvísu

VEITUSVÆÐI ORKUVEITUNNAR OG DÓTTURFYRIRTÆKJA

Október 2009



3 Aðgerðaáætlun móðurfélags

Í kjölfar þess að stjórn OR leitaði til eigenda um samstarf að fjármögnun í janúar 2011 var unnin aðgerðaráætlun sem miðar að því að tryggja rekstarhæfi fyrirtækisins næstu árin og að OR geti staðið við skuldbindingar sínar með sem minnstum áhrifum á þjónustu fyrirtækisins. Með aðgerðaáætluninni var brúuð fjárpörf móðurfélags OR sem nam um 50 milljörðum á tímabilinu 2011-2016, miðað við óbreyttan rekstur.

Stjórnendur OR gera eigendum grein fyrir framgangi aðgerðaáætlunarinnar ársfjórðungslega. Niðurstaða fyrstu framgangsskýrslu var að allar aðgerðir nema ein væru í samræmi við aðgerðaáætlunina eða umfram væntingar.

Yfirlit yfir aðgerðir í aðgerðaáætlun OR og eigenda um fjármögnun OR 2011-2016.

Aðgerðir í milljónum króna	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
Frestun fjárfestinga vegna fráveitu		2.000	900		-2.000	-900	0
Frestun fjárfestinga í veitukerfum	1.205	3.518	2.690	2.518	2.410	2.659	15.000
Lækkun fjárfestinga	250	200	200	200	200	200	1.250
Hækkun gjaldskrár	1.122	1.552	1.215	1.295	1.330	1.499	8.013
Lækkun rekstrarkostnaðar	300	900	900	900	1.000	1.000	5.000
Eignasala	1.000	2.000	5.100	1.900	0		10.000
Víkjandi lán frá eigendum	8.000		4.000				12.000
Samtals	11.877	10.170	15.005	6.813	2.940	4.458	51.263
Eignasala skv. samþ. fjárhagsáætlun	-375	-400					-775
Samtals aðgerðaáætlun	11.502	9.770	15.005	6.813	2.940	4.458	50.488

4 Forsendur fjárhagsáætlunar 2012

Forsendur áætlunar OR 2012 byggja á upplýsingum og spám frá Hagstofu Íslands, Fjármálaráðuneyti, Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. ramvirkt verð á áli samkvæmt LME (London Metal Exchange) þann 14. október 2011. Við spá um gengi var miðað við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júlí 2011. Við ákvörðun vaxta var miðað við fóligna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Helstu forsendur	2012
Vísitala neysluverðs, breyting	3,7%
Vísitala byggingarkostnaðar	3,9%
Gengisvísitala í árslok	221 stig
Magnbreyting í sölu hjá grunnmiðlum	0,0%
Álverð, meðalverð ársins	\$2.267

Samkvæmt samþykkt stjórnar frá 27. ágúst 2010 skulu gjaldskrár OR halda raungildi sínu og taka mið af almennu verðlagi í landinu.

5 Meginniðurstöður fjárhagsáætlunar 2012

Rekstrarreikningur

Tekjur:

Rekstrartekjur eru áætlaðar 37.148 mkr. samanborið við 33.734 mkr. í útkomuspá árið 2011 sem er 10,1% hækkun. Mestu munar um hækkun heitavatnssölu og fráveitutekna, auk hækkunar tekna vegna raforkusölu til stóriðju sem er fyrst og fremst vegna orkusölu frá 5. áfanga Hellisheiðarvirkjunar.

Gjöld:

Rekstrarkostnaður án afskrifta er áætlaður 13.020 mkr. samanborið við 13.244 mkr. árið 2011 sem er 1,7% lækkun. Áætlunin gerir ráð fyrir að hagræðingu sem lagt var upp með í aðgerðaráætlun OR og eigenda verði náð. Orkukaup og flutningskostnaður lækka um 171 mkr. milli ára eða 3,3%.

Fjármagnsliðir:

Vaxtagjöld aukast um 1.028 mkr. frá 2011. Aukning skýrist fyrst og fremst af því að eignfærslu fjármagnskostnaðar er hætt vegna gangsetningar síðasta áfanga Hellisheiðarvirkjunar á árinu 2011.

Gert er ráð fyrir að hagnaður ársins 2012 verði 5.046 mkr. samanborið við 2.562 mkr. tap samkvæmt útkomuspá 2011.

Efnahagsreikningur

Eignir:

Gert er ráð fyrir að heildareignir nemi 287,6 milljörðum króna í árslok 2012 samanborið við 289,3 milljarða króna í árslok 2011 sem er 0,6% lækkun.

Eigið fé:

Gert er ráð fyrir að eigið fé nemi 55,3 milljörðum króna í árslok 2012 samanborið við 50,3 milljarða króna í árslok 2011. Eiginfjárhlutfall er áætlað 19,2% í árslok 2012 samanborið við 17,4% árið 2011.

Skuldir:

Gert er ráð fyrir að skuldir nemi 232,3 milljörðum króna í árslok 2012 samanborið við 239 milljarða króna í árslok 2011 sem er um 2,8% lækkun.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri er áætlað 17.701 mkr. árið 2012 samanborið við 16.834 árið 2011. Hækkunina má einkum rekja til hærri tekna vegna gjaldskrárhækkunar og lægri rekstrarkostnaðar en á móti kemur aukinn fjármagnskostnaður vegna herra vaxtastigs og minni eignfærslu fjármagnskostnaðar.

Fjárfestingahreyfingar:

Fjárfesting ársins í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 5.068 mkr. árið 2012 samanborið við 10.549 mkr. árið 2011. Helstu fjárfestingar eru:

Virkjanir	799 mkr.	frágangur Hellisheiði
Veitukerfi	3.871 mkr.	þar af gagnaveita 1.205 mkr.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi sölu á eignum sem ekki falla undir kjarnastarfsemi OR. Í samræmi við stefnu stjórnar um að leggja áherslu á kjarnastarfsemi verður áfram unnið að því að selja eignir REI. Áætlað er að eignasala nemi 2.000 mkr. á árinu 2012.

Fjármögnunarahreyfingar:

Gert er ráð fyrir að nýjar lántökur nemi 3.450 mkr. á árinu 2012, þar af nemur endurfjármögnun eldri lána móðurfélags 2.700 mkr. Afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 14.540 mkr.

Orkuveita Reykjavíkur, samstæða Lykilstærðir	Ársreikningur 2010	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
		Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
EBITDA	13.951.121	20.490.805	24.127.978
Handbært fé frá rekstri	11.588.266	16.833.961	17.701.487
Handbært fé frá rekstri, að frádragnum arði	10.788.266	16.833.961	17.701.487
Fjárfestingar	14.542.036	9.795.728	3.270.590
EBITDA/Rekstrartekjur	50,0%	60,7%	65,0%
Handb. fé frá rekstri /(vaxtab. skuldir og eignir)	5,4%	7,9%	8,8%
Handb.fé frá rekstri-arður /(vaxtab. skuldir og eignir)	5,0%	7,9%	8,8%
Handbært fé frá rekstri/fjárfesting	79,7%	171,9%	541,2%
Eiginfjárlutfall	18,4%	17,4%	19,2%
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta / nettóvaxtagreiðslur ...	4,8	4,2	4,0

6 Fjárhagur 2012

6.1 Fjárhagsáætlun 2012, rekstrarreikningur

Orkuveita Reykjavíkur, samstæða Rekstrarreikningur í þús. kr.	Ársreikningur 2010	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
		Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Smásala	20.809.597	25.386.358	27.322.739
Raforka	8.428.947	9.942.799	10.026.680
Varmaorka	6.250.767	8.330.743	8.998.149
Kalt vatn	2.612.685	2.693.910	2.950.928
Fráveitugjald	2.516.822	3.281.344	4.012.161
Gagnaflutningar	1.000.376	1.137.563	1.334.821
Heildsala	6.254.030	7.187.333	8.427.389
Raforka	6.110.469	7.043.984	8.284.039
Varmaorka	99.946	99.045	99.047
Kalt vatn	43.615	44.304	44.303
Hagnaður af sölu eigna	0	0	0
Aðrar tekjur	851.961	1.160.786	1.398.029
Rekstrartekjur	27.915.588	33.734.478	37.148.157
Orkukaup	2.505.887	2.689.536	2.225.862
Flutningur	2.433.035	2.474.165	2.766.480
Laun og tengd gjöld	4.151.181	3.725.131	3.627.784
Annar rekstrarkostnaður	4.874.364	4.414.841	5.300.052
Aukin hagræðingarkrafa		(60.000)	(900.000)
Afskriftir	7.962.448	8.058.395	8.687.074
Rekstrarhagnaður	5.988.673	12.432.410	15.440.904
Áhrif hlutdeildarféлага	24.308	0	0
Vaxtatekjur	149.941	126.898	98.350
Vaxtagjöld	(4.030.067)	(5.698.419)	(6.725.930)
Tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	14.632.716	(10.415.757)	(1.713.708)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	16.765.571	(3.554.868)	7.099.616
Tekjuskattur	(3.036.786)	992.865	(2.053.744)
Hagnaður fyrir hlutdeild minnihluta	13.728.785	(2.562.003)	5.045.872
Hlutdeild minnihluta og áhrif hlutdeildarféлага	(117)	0	0
Hagnaður (tap) ársins	13.728.668	(2.562.003)	5.045.872

6.2 Efnahagsreikningur 2012

Orkuveita Reykjavíkur, samstæða Efnahagsreikningur í þús. kr.	pr. 27.10.11		pr. 27.10.11
	Ársreikningur 2010	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	248.030.996	249.651.213	244.343.176
Óefnislegar eignir	1.514.124	1.568.320	1.657.182
Eignarhlutar í hlutdeildarfyrtækjum	313.363	313.363	313.363
Aðrar fjáreignir	28.204.895	30.716.738	30.198.447
Reiknuð skattinneign	206.741	277.393	298.311
	278.270.119	282.527.027	276.810.479
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	566.796	516.796	451.796
Viðskiptakröfur	3.661.641	3.629.507	4.406.126
Aðrar fjáreignir	4.574	4.574	4.574
Aðrar skammtímakröfur	91.727	93.439	87.766
Handbært fé	2.343.650	909.837	4.250.989
	8.270.288	6.756.053	10.803.151
Eignir samtals	286.540.408	289.283.080	287.613.630
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur	46.882.895	46.882.895	46.882.895
Óráðstafað eigið fé	5.959.171	3.397.168	8.443.040
Eigið fé	52.846.770	50.284.766	55.330.639
Lán frá eigendum			
Lán frá eigendum	0	8.336.000	8.586.080
	0	8.336.000	8.586.080
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímalán	207.916.910	207.381.537	183.303.749
Lífeyrisskuldbinding	441.487	556.087	587.587
Aðrar fjárskuldir	23.395	23.395	23.395
	212.162.195	210.819.209	188.847.583
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	1.981.571	2.437.410	2.157.092
Skuldir við lánastofnanir	830.000	830.000	830.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16.443.990	14.539.743	30.029.763
Aðrar fjárskuldir	17.130	17.130	17.130
Aðrar skammtímaskuldir	2.258.752	2.018.821	1.815.343
	21.531.443	19.843.104	34.849.328
Skuldir	233.693.638	238.998.313	232.282.991
Eigið fé og skuldir	286.540.408	289.283.080	287.613.630


6.3 Sjóðstreymi 2012

Orkuveita Reykjavíkur, samstæða Sjóðstreymi í þús. kr.	Ársreikningur 2010	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
		Útkomuspá 2011	Áætlun 2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður	5.988.673	12.432.410	15.440.904
Afskriftir	7.962.448	8.058.395	8.687.074
Söluhagnaður fastafjármuna	0	0	0
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum	(23.128)	114.600	31.500
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	13.927.993	20.605.405	24.159.478
Vörubirgðir (hækkun) lækkun	241.395	50.000	65.000
Viðskiptakröfur (hækkun) lækkun	(21.482)	(187.084)	(676.300)
Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun	4.566	0	0
Viðskiptaskuldir hækkun (lækkun)	752.765	(143.611)	(15.059)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	14.905.237	20.324.710	23.533.119
Innborgaðar vaxtatekjur	147.930	111.237	86.379
Innborgaðar arðstekjur	16.159	43.840	0
Greidd vaxtagjöld	(3.230.598)	(3.645.826)	(5.918.011)
Aðrir fjármagnsliðir	(250.463)	0	0
Handbært fé frá rekstri	11.588.265	16.833.961	17.701.487
Fjárfestingahreyfingar			
Orkuver	(10.324.824)	(7.958.528)	(799.126)
Framleiðslukerfi	(28.498)	(18.986)	(45.200)
Helliðsveigirvirkjun	(9.459.866)	(7.759.654)	(714.543)
Aðrar virkjanir	(836.460)	(179.889)	(39.383)
Veitukerfi	(3.543.555)	(2.293.934)	(3.870.520)
Önnur fjárfesting	(242.024)	(296.652)	(398.253)
Varanlegir rekstrarfjármunir	(14.110.403)	(10.549.115)	(5.067.899)
Breyting á ógreiddri fjárfestingu	(292.393)	(240.000)	(203.476)
Seldar eignir	0	825.000	1.600.000
Kaup og sala hlutfjár	(150.000)	175.000	400.000
Afborganir skuldabréfa	10.760	2.080	785
	(14.542.036)	(9.787.035)	(3.270.590)
Fjármögnunarhreyfingar			
Arðgreiðslur til eigenda	(800.000)	0	0
Afborganir langtímaskulda móðurfélags	(10.087.748)	(17.252.048)	(14.539.743)
Afborganir langtímaskulda dótturfélaga	0	0	0
Nýjar langtímaskuldir móðurfélags	17.800.643	0	2.700.000
Nýjar langtímaskuldir dótturfélaga	530.000	780.000	750.000
Lán frá eigendum	0	8.000.000	0
Hækkun (lækkun) á skammtímask. við lánastofnanir	(5.223.303)	0	0
	2.219.591	(8.472.048)	(11.089.743)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(734.180)	(1.425.121)	3.341.154
Handbært fé í upphafi árs	2.943.302	2.343.650	918.528
Handbært fé í lok tímabilsins	2.343.650	918.528	4.259.682

7 Forsendur fimm ára áætlunar 2013-2017

Forsendur áætlunar OR 2013-2017 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í júlí sl. Forsendur um þróun álverð byggja á upplýsingum frá LME (London Metal Exchange) þann 14. október 2011. Við spá um gengi var miðað við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júlí 2011. Við ákvörðun vaxta var miðað við fólgni framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjörum einstakra samninga.

Forsendur	2013	2014	2015	2016	2017
Vísitala neysluerðs, breyting	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Vísitala byggingarkostnaðar	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%	2,5%
Gengisvísitala í árslok (stig)	221	221	221	221	221
Magnbreyting í sölu hjá grunnmiðlum	1,0%	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
Álverð, meðalverð ársins	\$2.347	\$2.418	\$2.486	\$2.543	\$2.582




Það er einkum tvennt sem styrkir EBITDA framlegð á áætlunartímabilinu, þ.e. gjaldskrárhækkanir og aukin raforkusala vegna gangsetningar 5.áfanga Hellisheiðarvirkjunar í lok árs 2011.

8 Meginniðurstöður fimm ára áætlunar 2013-2017

Rekstrarreikningur

Tekjur:




Áætlað er að rekstrartekjur hækki um 6.085 mkr. frá 2012 til 2017 eða sem nemur 16,4%. Mestu munar um aukningu á raforkusölu til stóriðju sem hækkar um 1.287 mkr. eða 15,5% sem er fyrst og fremst vegna hækkunar á álverði. Raforkusala á almennan markað hækkar um 1.469 mkr. eða 14,7% og heitavatnssmásla hækkar um 1.298 mkr. eða 14,4%. Tekjur af gagnaflutningum aukast um 774 mkr. eða 58% og gert er ráð fyrir að uppbyggingu ljósleiðarakerfis ljúki á tímabilinu.

Gjöld:

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2012 til 2017 um 1.947 mkr. eða 15,0%. Orkukaup og flutningur hækka um 832 mkr. eða 16,7%. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður hækkar um 1.116 mkr. eða 13,9%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.

EBITDA hækkar úr 24.128 mkr. árið 2012 í 28.266 mkr. árið 2017 eða sem nemur 17,1%.




EBITDA framlegð fyrir alla miðla er há, nema fyrir smásölu rafmagns. Þetta skýrist af því að OR kaupir um helming raforku sinnar til smásölu frá Landsvirkjun.

Fjármagnsliðir:

Vaxtagjöld lækka frá 2012 til 2017 um 661 mkr. Lækkunin er fyrst og fremst vegna niðurgreiðslu á skuldum á tímabilinu.


Tekjur af fjáreignum á árinu 2016 eru 2.958 mkr. vegna uppgjors á skuldabréfaeign sem tengd er álverði að ákveðnu marki. Gjaldtagi skuldabréfsins er í desember 2016.

Rekstrarniðurstaða:



Gengi íslensku krónunnar hefur veruleg áhrif á hagnað Orkuveitu Reykjavíkur. Ástæðan er að starfsemi OR er að mestu fjármögnuð með lánum í erlendum myntum, en aðeins hluti tekna er í erlendri mynt og að auki tengdur álverði. Verðmæti þessara samninga sveiflast því í takti við gengi og álverð. Árið 2008 sker sig algerlega úr þegar erlendar skuldir hækkuðu verulega. Fyrirséð er að það taki talsverðan tíma að vinna upp það tap.

Efnahagsreikningur




Eigið fé í árslok 2017 er áætlað 99,5 milljarður króna, og eykst um 44,2 milljarð króna frá árslokum 2012. Eiginfjárhlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2012-2017, þ.e. frá því að vera 17,4% í árslok 2011, í 38,6% í árslok 2017.

Sjóðstreymi


Handbært fé frá rekstri hækkar úr 17,7 milljörðum kr. árið 2012 í 22,9 milljarða kr. árið 2017 eða um 29,5%.

Fjárfestingahreyfingar




Lokið verður við frágang við Hellisheiðarvirkjun árið 2012. Framleiðslugeta virkjunarinnar er orðin 303MW af raforku og 133MW af heitu vatni. Fráveituframkvæmdum á Vesturlandi lýkur á árinu 2016 en þá eiga fráveitumál í þeim byggðarlögum að vera komin í sama horf og á höfuðborgarsvæðinu. Á tímabilinu er ekki gert ráð fyrir fjárfestingum í nýjum virkjunum og eftir árið 2012 er eingöngu um að ræða fjárfestingaverkefni vegna núverandi veitu- og framleiðslukerfa.

Fjármögnun



Endurgreiðslur lána eru verulegar á tímabilinu 2012-2017, samanborið við síðustu fimm ár, vegna endurfjármögnunar lána sem tekin hafa verið til að fjármagna virkjanaframkvæmdir og fjárfestingar í hlutabréfum árið 2007.

EBITDA framlegð þekur endurgreiðslu lána öll árin nema árið 2013, en þá er á gjalddaga eingreiðslulán að fjárhæð 100 milljónir evra.



Skuldir lækka frá árinu 2012 til ársins 2017 úr 232 milljörðum króna í 158 milljarða eða um 32%. Græna línan sýnir fjármögnunargreyingar og endurspeglar árlega breytingu skulda allt tímabilið.

Í árslok 2017 er gert ráð fyrir að handbært fé verði 7,3 milljarðar króna.

9 Fjárhagur 2011-2017

9.1 Rekstrarreikningur 2011-2017

	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Orkuveita Reykjavíkur, samstæða							
Rekstrarreikningur í þús. kr.							
Smásala	25.386.358	27.322.739	28.372.769	29.699.476	30.417.578	31.248.891	32.055.450
Raforka	9.942.799	10.026.680	10.252.363	10.610.988	10.897.646	11.192.585	11.496.065
Varmaorka	8.330.743	8.998.149	9.267.533	9.585.253	9.816.669	10.053.673	10.296.399
Kalt vatn	2.693.910	2.950.928	3.096.675	3.208.646	3.288.862	3.371.083	3.455.360
Fráveitugjald	3.281.344	4.012.161	4.210.322	4.578.027	4.471.624	4.583.415	4.698.000
Gagnaflutningar	1.137.563	1.334.821	1.545.876	1.716.562	1.942.776	2.048.135	2.109.625
Heildsala	7.187.333	8.427.389	8.792.680	9.096.854	9.208.959	9.509.818	9.736.737
Raforka	7.043.984	8.284.039	8.644.177	8.937.634	9.051.526	9.348.542	9.571.523
Varmaorka	99.045	99.047	102.012	108.668	108.057	110.666	113.337
Kalt vatn	44.304	44.303	46.491	50.551	49.376	50.611	51.876
Aðrar tekjur	1.160.786	1.398.029	1.447.469	1.505.194	1.315.101	1.376.968	1.441.017
Rekstrartekjur	33.734.478	37.148.157	38.612.918	40.301.524	40.941.638	42.135.678	43.233.203
Orkukaup	2.689.536	2.225.862	2.306.572	2.411.521	2.521.245	2.635.962	2.755.898
Flutningur	2.474.165	2.766.480	2.803.206	2.869.854	2.933.044	3.000.634	3.068.011
Laun og tengd gjöld	3.725.131	3.627.784	3.743.386	3.835.740	3.930.391	4.027.396	4.126.813
Annar rekstrarkostnaður	4.414.841	5.300.052	5.420.685	5.627.506	5.583.392	5.796.353	6.016.790
Aukin hagæðingarkrafa	(60.000)	(900.000)	(900.000)	(900.000)	(1.000.000)	(1.000.000)	(1.000.000)
Afskrifir	8.058.395	8.687.074	8.744.891	8.811.091	8.911.031	9.056.078	9.182.753
Rekstrarhagnaður	12.432.410	15.440.904	16.494.179	17.645.812	18.062.555	18.619.255	19.082.938
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0	0	0
Vaxtatekjur	126.898	98.350	102.336	102.336	102.336	102.336	102.336
Vaxtagjöld	(5.698.419)	(6.725.930)	(5.772.528)	(6.330.872)	(6.715.814)	(6.629.347)	(6.064.780)
Teikjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	(10.415.757)	(1.713.708)	0	0	0	2.958.194	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(3.554.868)	7.099.616	10.823.987	11.417.277	11.449.057	15.050.439	13.120.495
Teikuskattur	992.865	(2.053.744)	(3.113.072)	(3.276.129)	(3.267.641)	(4.293.201)	(3.728.692)
Hagnaður fyrir hlutdeild minnihluta	(2.562.003)	5.045.872	7.710.915	8.141.148	8.181.417	10.757.237	9.391.802
Hlutdeild minnihluta og áhrif hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0	0	0
Hagnaður (tap) ársins	(2.562.003)	5.045.872	7.710.915	8.141.148	8.181.417	10.757.237	9.391.802

9.2 Efnahagsreikningur 2011-2017

	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Orkuveita Reykjavíkur, samstæða Efnahagsreikningur í þús. kr.	Útkomuspá 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
Eignir							
Fasafjármunir							
Varanlegir rekstrarfjármunir	249.651.213	244.343.176	233.824.244	227.032.228	224.248.968	220.804.892	218.297.193
Óefnislegar eignir	1.568.320	1.657.182	1.785.880	1.900.184	2.000.095	2.085.612	2.156.735
Eignarhlutar í hlutdeildaryrtaekjum	313.363	313.363	313.363	313.363	313.363	313.363	313.363
Aðrar fjáreignir	30.716.738	30.198.447	30.198.062	30.197.962	30.197.882	23.013.355	23.013.355
Reiknuð skattinæign	277.393	298.311	289.023	261.983	194.851	133.752	52.915
	282.527.027	276.810.479	266.410.572	259.705.720	256.955.159	246.350.974	243.833.561
Velturfjármunir							
Vörubirgðir	516.796	451.796	431.796	421.796	421.796	421.796	421.796
Víðskiptakröfur	3.629.507	4.406.126	3.969.958	4.001.665	3.998.927	4.199.981	4.280.596
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	1.601.900	1.601.900	1.601.900	1.601.900	1.601.900	1.601.900	1.601.900
Aðrar fjáreignir	4.574	4.574	4.574	4.574	4.574	4.574	4.574
Aðrar skammtímaskuldur	93.439	87.766	78.796	76.122	60.434	56.489	57.425
Handbætt fé	909.837	4.250.989	1.105.792	4.144.252	5.258.499	6.671.078	7.305.827
	6.756.053	10.803.151	7.192.816	10.250.309	11.346.130	12.965.818	13.672.118
Eignir samtals	289.283.080	287.613.630	273.603.388	269.956.029	268.301.289	259.306.791	257.505.679
Eigið fé og skuldir							
Eigið fé							
Sérstakur endurmatsreikningur	46.882.895	46.882.895	46.882.895	46.882.895	46.882.895	46.882.895	46.882.895
Óráðstafað eigið fé	3.397.168	8.443.040	16.153.955	24.295.103	32.476.520	43.233.757	52.625.560
	50.284.766	55.330.639	63.041.554	71.182.702	79.364.119	90.121.356	99.513.158
Lán frá eigendum							
Lán frá eigendum	8.336.000	8.586.080	12.913.318	13.236.151	13.567.055	12.532.567	11.576.959
	8.336.000	8.586.080	12.913.318	13.236.151	13.567.055	12.532.567	11.576.959
Langtímaskuldir og skuldbindingar							
Langtímalán	207.381.537	183.303.749	168.002.108	155.426.829	140.677.271	117.719.549	109.806.501
Lífeyrisskuldbinding	566.087	587.587	619.087	650.587	682.087	713.587	745.087
Aðrar fjárskuldir	23.395	23.395	23.395	23.395	23.395	23.395	23.395
Tekuskattsskuldbinding	2.858.190	4.932.852	8.036.636	11.285.725	14.486.233	18.718.336	22.366.191
	210.819.209	188.847.583	176.681.226	167.386.536	155.868.986	137.174.866	132.941.174
Skammtímaskuldir							
Víðskiptaskuldir	2.437.410	2.157.092	2.144.008	2.089.620	2.046.909	2.031.300	1.976.101
Skuldir við lánaðstofnanir	830.000	830.000	830.000	830.000	830.000	830.000	830.000
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14.539.743	30.029.763	16.160.809	13.374.486	14.787.686	14.787.686	8.839.271
Aðrar fjárskuldir	17.130	17.130	17.130	17.130	17.130	17.130	17.130
Aðrar skammtímaskuldir	2.018.821	1.815.343	1.815.343	1.839.404	1.819.404	1.811.886	1.811.886
	19.843.104	34.849.328	20.967.290	18.150.640	19.501.129	19.478.002	13.474.388
Skuldir	238.998.313	232.282.991	210.561.834	198.773.327	188.937.170	169.185.435	157.992.521
Eigið fé og skuldir	289.283.080	287.613.630	273.603.388	269.956.029	268.301.289	259.306.791	257.505.679

9.3 Sjóðstreymi 2011-2017

	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Orkuveita Reykjavíkur, samstæða	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Sjóðstreymi í þús. kr.							
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarhagnaður	12.432.410	15.440.904	16.494.179	17.645.812	18.062.535	18.619.255	19.082.938
Alskrifir	8.058.395	8.687.074	8.744.891	8.811.091	8.911.031	9.056.078	9.182.753
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum	114.600	31.500	31.500	31.500	31.500	31.500	31.500
Veitufé frá rekstri án vaxta og skatta	20.605.405	24.159.478	25.270.570	26.488.404	27.005.066	27.706.834	28.297.191
Vörubíðir (hækkun) lækkun	50.000	65.000	20.000	10.000	0	0	0
Víðskiptakröfur (hækkun) lækkun	(187.084)	(676.300)	521.859	(64.033)	(46.574)	(57.109)	(61.551)
Aðrar skammtímakröfur (hækkun) lækkun	0	0	(40.000)	(40.000)	(20.000)	(10.000)	(10.000)
Víðskiptas kuldír hækkun (lækkun)	(143.611)	(15.059)	(49.562)	(43.513)	(41.517)	(41.082)	(41.889)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	20.324.710	23.533.119	25.722.867	26.350.858	26.896.975	27.598.643	28.183.751
Innborgaðar vaxtatekur	111.237	86.379	103.909	106.983	109.808	103.909	103.909
Greidd vaxtagjöld	(3.645.826)	(5.918.011)	(4.887.938)	(5.425.293)	(5.840.448)	(5.997.782)	(5.369.047)
Handbært fé frá rekstri	16.833.961	17.701.487	20.938.838	21.032.548	21.166.335	21.704.770	22.918.613
Fjárfestingahreyfingar							
Orkuver							
Framleiðsluferri	(7.958.528)	(799.126)	(246.000)	(670.000)	(530.000)	(1.180.000)	(1.200.000)
Helli shetðarvirkjun	(18.986)	(45.200)	(46.000)	(670.000)	(530.000)	(1.180.000)	(1.200.000)
Aðrar virkjanir	(179.889)	(39.383)	(50.000)	0	0	0	0
Veitukerfi	(2.293.934)	(3.870.520)	(2.758.657)	(2.913.379)	(5.247.682)	(4.067.519)	(5.096.178)
Önnur fjárfesting							
Önnur fjárfesting	(296.652)	(398.253)	(450.000)	(450.000)	(450.000)	(450.000)	(450.000)
Varanlegir rekstrarfjármunir	(10.549.115)	(5.067.899)	(3.454.657)	(4.033.379)	(6.227.682)	(5.697.519)	(6.746.178)
Breyting á ögreiddri fjárfestingu	(240.000)	(203.476)	(50.000)	0	0	0	0
Seidar eignir	825.000	1.600.000	5.100.000	1.900.000	0	0	0
Kaup og sala hlutfjár	175.000	400.000	0	0	0	0	0
Alborganir skuldabréfa	2.080	785	385	100	80	10.142.721	0
Fjármögnunahreyfingar	(9.787.035)	(3.270.590)	1.595.728	(2.133.279)	(6.227.602)	4.445.202	(6.746.178)
Fjármögnunahreyfingar							
Aðgreiðslur til eigenda	0	0	0	0	0	0	0
Alborganir langtímaskulda móðurfélags	(17.252.048)	(14.539.743)	(30.029.763)	(16.160.809)	(13.374.486)	(24.037.395)	(15.537.686)
Nýjar langtímaskuldir móðurfélags	0	2.700.000	0	0	0	0	0
Nýjar langtímaskuldir dótturfélaga	780.000	750.000	350.000	300.000	0	0	0
Lán frá eigendum	8.000.000	0	4.000.000	0	0	0	0
Hækkun (lækkun) á skammtímask. við lánaðofnanir	0	0	0	0	0	0	0
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(1.425.121)	3.341.154	(3.145.197)	3.038.460	1.114.247	1.412.577	634.749
Handbært fé í upphafi árs	2.343.650	918.528	4.259.682	1.114.485	4.152.945	5.267.192	6.679.769
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	0	0	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabilsins	918.528	4.259.682	1.114.485	4.152.945	5.267.192	6.679.769	7.314.518

9.4 Lykilstærðir 2011-2017

	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11	pr. 27.10.11
	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
Orkuveita Reykjavíkur, samstæða Lykilstærðir	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Útkomuspá							
EBITDA	20.490.805	24.127.978	25.239.070	26.456.904	26.973.566	27.675.334	28.265.691
Handbært fé frá rekstri	16.833.961	17.701.487	20.938.838	21.032.548	21.166.335	21.704.770	22.918.613
Handbært fé frá rekstri, að frádrægnum arði	16.833.961	17.701.487	20.938.838	21.032.548	21.166.335	21.704.770	22.918.613
Fjárfestingar	9.795.728	3.270.590	(1.585.728)	2.133.279	6.227.602	(4.445.202)	6.746.178
EBITDA/Reksirartekjur	60,7%	65,0%	65,4%	65,6%	65,9%	65,7%	65,4%
Handb. fé frá rekstri / (vaxtab. skuldir og eignir)	7,9%	8,8%	11,9%	13,3%	14,8%	17,2%	20,6%
Handb. fé frá rekstri-arður / (vaxtab. skuldir og eignir)	7,9%	8,8%	11,9%	13,3%	14,8%	17,2%	20,6%
Handbært fé frá rekstri/fjárfesting	171,9%	541,2%	-1312,2%	985,9%	339,9%	-488,3%	339,7%
Eignifárhúlfall	17,4%	19,2%	23,0%	26,4%	29,6%	34,8%	38,6%
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta / nettóvaxtagreiðslur	4,2	4,0	5,4	5,0	4,7	4,7	5,4

